

Afl hin kristna manns liggur í trúnni á Jesús

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Trúaður maður hefur í sjálfu sér ekki yfirburði. En sé betur að gáð þá kemur dálítið merkilegt í ljós. Nefnilega sá sannleikur að kristinn maður er á leið inn í eilífðina þar sem Jesús býr. Og gefi hún manningnum ekki ákveðið forskot og í sjálfu sér yfirburði líka að þá eru tvisvar sinnum tveir ekki lengur fjórir. Útilokað er að syndarinn komast inn fyrir dyr Drottins með sína óuppgerðu og ófyrirgefnu synd. Syndin rúmast ekki í húsi Guðs hvernig sem menn reyna að afsanna slíka fullyrðingu og segja fullum fetum að Guð sé svo góður að hann horfi í gegnum fingur sér með þetta. Ef svo væri mætti spyrja sig til hvers Jesús hafi þá þurfti að deyja ef Guð hvort sem er horfir í gegnum fingur sér með þetta og til hvers var hann þá að senda fagnaðarerindið sitt og hjálpræði í Jesús ef hann ætlaði sér hvort eð er að gefa manningnum annan möguleika án þess að trúin á hinn upprisna Jesús komi til? Þetta gengur ekki upp. Drottinn vill fyrirgefna manningnum synd sína sem öndvert gefur honum rétt á að fylgja og þekkja Jesús.

Yfirburðir mannsins liggja sem sjá má allir í Jesús. Í Jesús og fyrir trú mannsins á hann færast fjöll úr stað. Engin getur hrósað í sér sjálfum. Engin lifandi sál mun geta staðið frami fyrir Guði og barið sér og brjóst og sagt: " Sjá, hér er ég og verkin mín. " Guð mun sjálfur sýna honum sín raunverulegu verk.

Þetta breytir þó ekki þeim veruleika að þótt maðurinn tilheyri Kristi gerir hann samt áfram margt sem aðrir gera. Hann þarf að vakna á morgnanna, nærast, stunda sitt starf hvort sem er á akri Guðs eða í heiminum, greiða reikninga og framkvæma ýmsa hluti eins og annað fólk. Hann fer í sitt frí og jafnvel á sólarströnd með fjölskyldu sinni. Sumir hafa einfaldlega gaman af að fara í svona ferðir. Að verða kristinn breytir þessu ekki endilega hjá mönnum þótt margt breytist hjá honum. Einkum þá í afstöðu sinni til lífsins og hví hann sjálfur er á jörðinni. Og umfram allt til Jesús og verka hans.

Yfirburðir mannsins liggja sem sagt í trú hans á Jesús Kristi og náð og miskunn Föðurins:

„ Samson fór til Gasa. Þar sá hann portkonu eina og gekk inn til hennar. Þá var Gasabúum sagt svo frá: Samson er hér kominn. En þeir umkringdu hann og gjörðu honum fyrirsát alla nóttina í borgarhliðinu, en höfðu þó hljótt um sig alla nóttina, með því að þeir hugsuðu: Þegar birtir af degi, skulum vér drepa hann. En Samson svaf til miðrar nætur. En um miðja nótt reis hann á fætur, þreif hurðirnar á borgarhliðinu, ásamt báðum dyrastöfunum, og kippti þeim upp ásamt slagbrandinum og lagði á herðar sér og bar þær efst upp á fjallið, sem er gegnt Hebron. „ (Dóm 16:1-3)

Þarna lesum við um gríðarlegt afl sem bjó í Samson. Svo mikið afl að útilokað var að það gæti hafa komið frá honum sjálfum. Annað hlaut að liggja til grundvallar slíkum kröftum. Hallarhurð er rammgerð smíði og ætluð til að standast hörðustu áhlaup óvinahers sem að sótti. Hurðirnar voru því engar venjulegar hurðir sem unnt var að sparka upp með krafti fótanna einna. Svona hurð var því margra manna tak og eftir því rammgerð og útilokað að komast þar í gegn nema að undangengnu erfiði, svita og tárur og alls óvíst um árangur.

En sannleikurinn er að allt sem maðurinn býr til er léttvægt hjá Guði. Ekkert mannaverk fær hindrað skapara himins og jarðar þegar hann fer af stað til að láta til sín taka. Útilokuð verk í

augum manna vefjast ekki fyrir Guði sem bara blæs og þá stendur það ekki lengur þar sem það áður var og menn töldu sig vera örugga á bak við.

Það er í trúnni á Drottni sem maðurinn öðlast sína yfirburði sem verða fólki Guðs til blessunar og hið góða, fagra og fullkomna sér dagsins ljós í mannheimum.

Samson var kallaður af Guði til að byrja að frelsa Gyðinga úr höndum Fílista sem þrælkaði þjóð Guðs á þessum tíma. Eftir að Samson þessi komst á sinn stað í Guði varð hann gríðarleg ógn fyrir Fílistanna sem ráðamönnum í landinu stóð stuggur af og voru algerlega ráðalausir með, lengi vel. Einn maður með Anda Guðs í sér er máttugur, hvað þá heldur ef þeir eru fimm, að ekki talað um tíu samankomna Guðsmenn sem stíga fram í Heilögum Anda.

Allskonar furðuleg verk vann Samson fyrir hendur og kraft Guðs. Engin hefur raunar upplifað neitt slíkt áður hvorki fyrr né síðar. Samson og verk hans í Guði voru einstök. Samson olli hamförum þegar hann var í sínum ham sem raunverulega ekkert gat stöðvað. Slík voru lætin og krafturinn sem þar leystist úr læðingi.

Í Dómarabókinni finnum við nokkra kafla sem fjalla um Samson og furðuleg verk sem hann vann. Einkum þá gegn Fílistunum, óvina þjóðar hans.

En þrátt fyrir allt sitt afl og Guðlega leiðsögn bjó í þessum manni girnd. Sem segir okkur glöggt að þrátt fyrir augljósa yfirburði og Guðlega handleiðslu var Samson inn við beinið bara venjulegur maður sem eins og annað fólk glímdi eða glímdi ekki við langanir og þrár og girndina í sér sjálfum. Sumt fólk er fullt af girnd. Og í Samson kom þetta fram í veikleika hans til kvenna.

Yfirvöld Fílista gátu ekki komið böndum á hann né heft hann með neinum hætti. Herir Fílistanna gátu ekki sigrað hann. Hann slapp þeim ávallt úr greipum eftir að hafa valdið þeim miklum skaða. Allt sem Fílistar gerðu gegn honum kom yfir þá sjálfa og þeir flúðu sem fætur toguðu undan þessum ótrúlega manni. Þeir vissu að Guð Ísraelsmanna var að nota manninn gegn þeim.

En sagan er ekki öll skráð í þessa veru með sigrum og afrekum Samsonar. Njósnamenn Fílista höfðu komist að ákveðnum veikleika þarna og sendu því Dalílu til fundar við hann til að veiða upp úr honum í hverju afl hans væri fólgið. Dalíla var útsendari þjóðar sinnar og vann sem slík fyrir hana og leit í raun á Samson sem óvin sinn þótt hún byði honum að gista hjá sér í svefnhúsinu. Hvíluþrögðin voru bara hluti af bragðinu sem þessari konu var ætlað að beita í aðgerð Fílistanna gegn ógninni sem Samson var þjóðinni.

Og konan byrjar að suða í manninum um að uppljóstra sínu leyndarmáli og Samson kom með nokkrar útgáfur handa henni sem Dalíla hljóp strax með til yfirmanna sinna og tilkynnti þeim svarið. Sem segir okkur vel hvar hjarta hennar raunverulega var statt að það var ekki hjá Samson heldur þeim sem hún var send af.

En allt kom fyrir ekki og Samson sleit af sér öll bönd og Fílistarnir gátu ekki handsamað hann.

En vegna þess að Samson var bara maður gafst hann upp á þessu endalausum suði í konunni:

„ **En er hún nauðaði á honum alla daga með orðum sínum og gekk á hann fastlega, þá varð hann dauðleiður á því og sagði henni allt hjarta sitt og mælti til hennar: Aldrei hefir rakhnifur komið á höfuð mitt, því að ég er Guði helgaður í frá móðurlífi. Væri nú hár mitt skorið, þá hyrfi afl mitt frá mér og ég gjörðist linur og yrði sem allir menn aðrir. Þegar Dalíla sá, að hann hafði sagt henni allt hjarta sitt, þá sendi hún og lét kalla höfðingja Filista, og lét hún segja þeim: Nú skuluð þér koma, því að hann hefir sagt mér allt hjarta sitt. Þá fóru höfðingjar Filista til hennar og höfðu silfrið með sér. *En hún svæfði hann á skauti sínu og kallaði á mann og lét hann skera hárlokkana sjö af höfði honum. Og hún tók að þjá hann, en afl hans var frá honum horfið. Þá sagði hún: Filistar yfir þig, Samson! Þá vaknaði hann af svefninum og hugsaði: Ég slepp í þetta sinn sem hin fyrri og slít mig lausan! En hann vissi ekki, að Drottinn var vikinn frá honum. Filistar tóku hann höndum og stungu úr honum augun og fóru með hann niður til Gasa og bundu hann eirfjötrum, og varð hann að draga kvörn í dýflissunni.* „ (Dóm 16:16-21)**

„ **En hann vissi ekki, að Drottinn var vikinn frá honum „.**” – segir á einum stað í textanum sem og er alvarlegur boðskapur.

Samson hélt að hann myndi aldrei missa það sem honum hafði verið gefið og var þá búinn að gleyma því - þar sem hann lá í kjöltu Dalílu knúinn og tældur af sinni eigin girnd - að Drottinn hafði bannað honum og ljóstra upp leyndarmálinu sem hann óhlýðnaðist er hann hvíslaði því í eyra konunnar sem þegar réttur tími kom hljóp með af stað og lét hershöfðingjann vita niðurstöðuna. Sem öndvert brosti breytt, néri saman höndunum og orðin viss um að hafa ráðið gátuna. Og Samson var handtekinn og bundinn og gat sig þá hvergi hreyft. Aflið var vikið frá honum með því að Guð steig til hliðar. Fílistarnir leiddu því blindan mann á brott sem búíð var að stinga úr augun og gera fatlaðan.

Samson syndgaði upp á náðina. Hann var vikinn af leið og varð þess ekki var er kraftur Guðs yfirgaf hann. Og Samson sem olli öllum sínum hamförum, ruddi um rammgerðum veggjum með höndunum einum, varð orðinn aumur sem allir aðrir menn og leiddur burt í vörslu manna eins gert er við fólk sem búíð er að handtaka. Allt fyrir þær sakir að Samson talaði það sem Guð hafði bannað honum að tala.

Við sjáum að Samson átti allt sitt undir Guði og náð hans og miskunn. Samson, eins og öðrum mönnum, var gert að fara eftir Orði Guðs í öllum atriðum. Guð mundi standa við sinn hluta. En maðurinn fullur af sinni girnd brást og kallaði yfir sig skelfilega hluti. Engin fær gælt við óvininn né heldur leyft honum að strjúka sér svolítið hér og þar án þess að slíkt kosti manninn - ekki bara sumt heldur allt. Satan lætur ekkert endurgjalds-laust af hendi.

Munurinn á verkum Samsonar og til að mynda því sem gerist eftir að Kristur kom fram með sinn boðskapur eru þau að verkin sem Samson vann í Anda Guðs voru öll unnin fyrir augum manna og því sýnileg. Hann glímdi og barðist í sýnilegu formi við óvini þjóðar sinnar Ísraelsmenn og tókst við þá á þann hátt. Margir urðu vitni að því er Samson reif tré upp með rótum. Foreldrar hans sáu með sínum eigin augum er hann sleit ungt ljón í sundur sem gerði sig líklegt til að ráðast á þau er fólkið var á leið til Timna. Foreldrum Samsonar var það ljóst að hann var ekki með neitt í höndunum í slag sínum við öflugt villidýrið. Kraftur Guðs var yfir lífi Samsonar og það skipti sköpum. Og margt af hans eigin fólki horfðu á er Samson tók sér nýjan asnakjálka í hönd og banaði með honum þúsund manns úr flokki óvinarins. Menn urðu vitni að þessum og fleiri verkum Samsonar og gátu ekki þrætt fyrir að Guð átti þarna hlut að máli. Annað var útilokað. Á slíkum augnablikum er auðvelt - ætti alltént að vera létt verk - að lofa Drottinn og þakka honum máttinn og styrkinn og verndina og hugrekkið sem óx með

þjóðinni við sýnina. Einnig er gott að hafa í huga að kraftur Guðs og að menn ynnu kraftaverk í Guðs nafni var Ísraelsmönnum ekki framandi. Þeir þekktu Guð þótt oft hafi þeir óhlyðnast honum og gengið sinn eigin veg. Og kannski voru þeir einmitt undir sinni þrælum á tíma Samsonar vegna óhlyðni forfeðranna. Syndir feðranna bitna jú á börnunum:

„ En er Samson kom til Lekí, fóru Filistar með ópi miklu í móti honum. Þá kom andi Drottins yfir hann, og urðu reipin, sem voru um armleggi hans, sem þræðir í eldi brunnir, og hrukku fjötrarnir sundur af höndum hans. „ (Dóm 15:14)

Í Kristi blasir við svoltið önnur tóntegund og mynd. En Andinn í báðum tilvikum er sá sami:

„Slíðra sverð þitt! Allir, sem sverði bregða, munu fyrir sverði falla. „ (Matt 26:52b) - segir hér.

Og:

„ Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ekkert boðorð annað er þessum meira. „ (Mark 12:31) – Hérna er komið inn nýtt sem Kristur vill að sitt fólk starfi eftir.

Á öðrum stað sem tilheyrir þessu nýja í Kristi segir að baráttan sem við eigum í sé ekki við hold og blóð heldur andaverur vonskunnar í himingeimnum. Við raunverulega Satan sjálfan. Fólkið sem slíkt, einstaklingurinn, er ekki óvinur, ekki heldur þjóðir. Glíman og stríðið stendur við ósýnilegan andans her sem Satan leiðir áfram. Kristur kom og raunverulega afhjúpaði djöfullinn og verk hans og benti fólki á að hann sé eini óvinur mannkynsins.

Verk Samsonar voru fólkinu sýnileg með því að Guð opinberaði sjálfan sig í verkum og bardögum mannsins. En verk Satans eru í flestum tilvikum ósýnileg sem slík en opinberast mönnum í verkum manna og kvenna sem hann er að nota og Drottinn fyrir sinn Heilaga Anda gefur þeim greiningu á. Hjartað þarf að vera opið og móttækilegt.

Bæði í afrekum Samsonar og í verkum kristins manns ræður sami Andi Guðs ferðinni. Hann sker úr um það hvort sigur vinnist og hve stór þessi sigur verður. Þetta hefur ekkert breyst. Afl Samsonar var bundið við sama Anda og kristinn maður gengur út á og hefur í hjarta sínu. Báðir byggja enda á styrk Drottins. Í Nýja sáttmála gerist þetta fyrir trúna á hinn upprisna Jesús og er fyrir allt fólk.

Það hryggilega við söguna um Samson er að hann gerði sér ekki grein fyrir því er Guð steig frá honum þótt honum ætti að vera það ljóst. Og er hermennirnir þusti inn í herbergið sem hann var í og bundu fann hann að hann gat ekkert gert og því kominn undir vilja ókunnugra manna sem mundu úrskurða um afdrif sín án þess að hann fengi neinu ráðið þar um. Á þessari stund var stríðhetja Ísraelsmanna Samson engin ógn heldur aumkunarverður maður í vonlausum kringumstæðum orðin blindur og allt breytt.

Við verðum að halda í það sem við eigum og biðja Guð um að gefa okkur nægjanlega visku og trú sem ekki víkur frá okkur.

Sofni menn á sínum verði og byrja að afrækja sinn Guð, eins og gerðist í tilviki Samsonar, tekur það við í manningnum sem er efst á listanum og Guð verður afgangsstærð í lífinu og kominn í annað sæti. Ef hann þá heldur því.

Maður sem ætlar að reka út illan anda skal gera sér grein fyrir því áður en hann ræðst í verkið hverjum hann tilheyrir og hvað í honum sjálfum býr og út í hvað hann er að fara. Þá dugir ekki að falla fram fyrir einhverjum trédrumbi og ætlast til þess að hann styrki manninn. Spásagnarandi sem býr í manneskju, sem gerir furðuverk í augum manna en er ekki frá Guði kominn, vinnur ekki á illum anda og vekur honum bara hlátur. Hér gildir fyrir manninn að vera fylltur Heilögum Anda.

Orð frá Andans fylltum einstaklingi, herjum sem er, gerir að verkum að illur andi skelfur og getur ekki lengur hafst við þar sem hann áður var og fullnaðarsigur vinnst og maðurinn sem andinn var að hrjá og kvelja er farinn og maðurinn frjál. Maðurinn sjálfur getur ekkert gert þarna – nema í Jesús nafni. Það gerir gæfumuninn. Í trú á Jesús gerast kraftaverkin. Nýr sáttmáli kom með Jesús.

Kristinn maður á ekki að eiga í deilum við neina menn. Óvinur hans býr í hinu ósýnilega og tilheyrir andans heimi sem ber augu manna er ógerlegt að sjá:

„ En nokkrir Gyðingar, er fóru um og frömdu andasæringar, tóku og fyrir að nefna nafn Drottins Jesú yfir þeim, er höfðu illa anda. Þeir sögðu: Ég særi yður við Jesú þann, sem Páll prédikar. Þeir er þetta frömdu, voru sjö synir Gyðings nokkurs, Skeva æðsta prests. En illi andinn sagði við þá: Jesú þekki ég, og Pál kannast ég við, en hverjir eruð þér? Og maðurinn, sem illi andinn var í, flaug á þá, keyrði þá alla undir sig og lék þá svo hart, að þeir flýðu naktir og særðir úr húsinu. Þetta varð kunnugt öllum Efesusbúum, bæði Gyðingum og Grikkjum, og ótta sló á þá alla, og nafn Drottins Jesú varð miklað. „ (Post 19:13-17)

Þarna segir frá sjö bræður sem sáu lærisveina Jesús vinna stórkostleg verk. Bræðurnir höfðu gert margt sem vakti furðu og máski líka hrifningu fólks. Og eflaust hafa þeir spáð fyrir mönnum og konum og í einhverjum tilvikum ratast satt orð á munn í sínum spádómum.

En frami fyrir mannum sem illi andinn var í voru þeir bara brjóstumkennanlegir ungir menn og gersamlega óvarðir fyrir þessu sem þeir stóðu andspænis án þess raunverulega að gera sér grein fyrir út hvað þeir væru komnir og hvað við væri að eiga. Og málalyktir urðu svo þær að maðurinn sem andinn var í gerði heiftarlega árás og lék mennina svo hart að þeir náðu að flýja naktir af svæðinu og heppnir að sleppa lifandi úr þessum átökum. Vel má ímynda sér að andinn hafi í raun ætlað að kála þeim.

Hvers vegna tókst illa andanum að leika mennina svo grátt? Það liggur fyrir. Þeir höfðu enga mótstöðu í sér. Enga vörn ekkert sem hindraði illa andann í að gera þeim hvað sem hann sjálfur vildi. Þeir voru bar heppnir að lifa af árásina, svo alvarlegt er málið. Andinn sem þeir voru að gæla við og nota þegar þeir spáðu var ekki þeim til varnar eða verndar heldur samstarfsaðili illa andans sem dvaldi í manngreyinu og þeir hugðust reka út:

" En Jesús kallaði þá til sín og mælti við þá í líkingum: *Hvernig getur Satan rekið Satan út? Verði ríki sjálfu sér sundurþykkt, fær það ríki eigi staðist, og verði heimili sjálfu sér sundurþykkt, fær það heimili eigi staðist. Sé nú Satan risinn gegn sjálfum sér og orðinn sér sundurþykkur, fær hann ekki staðist, þá er úti um hann. Enginn getur brotist inn í hús hins sterka og rænt föngum hans, nema hann bindi áður hinn sterka, þá getur hann rænt hús hans. Sannlega segi ég yður: Allt verður mannanna börnum fyrirgefið, allar syndir þeirra og lastmælin, hve mjög sem þeir kunna að lastmæla, en sá sem lastmælir*

gegn heilögum anda, fær eigi fyrirgefningu um aldur, hann er sekur um eilífa synd. En þeir höfðu sagt: Óhreinn andi er í honum. " (Mark 3:23-30)

Jesús sagði við lærisveinanna að útilokað væri að Satan ræki sjálfan sig út. Og ef hann gerði það fengi ríki hans ekki staðist. En Satan notar menn og þegar hann er búinn að jaska þeim út og breyta í flök fleygir hann þeim og finnur sér nýja til að starfa í. Munum! Heimurinn liggur allur í hinum vonda og án verndar Drottins er maðurinn berskjaldaður fyrir innrás óvinarins.

Satan varð opinber mönnum með boðskapi Krists. Í Heilögum Anda læra menn hvernig þeir fá staðist vélarbrögð hans og breytt því sem átti að verða þeim til tjóns yfir í sigur fyrir sig og sýna. Í Jesús nafni gerist þetta.

Bræður og systur! Við þurfum á náð og miskunn Drottins að halda. Jesús er eini aðilinn sem skelfir Satan og fær hann til að leggja á flóttu. Þetta viðurkennir Satan í orðunum: "**Jesú þekki ég, og Pál kannast ég við, en hverjir eruð þér?**" - og átti þar við að andspænis honum væru bara aumir menn með ekkert í sér til að stöðva hann. Og hann rúllaði þeim upp.

Satan þekkir Jesús og veit hvað í honum býr. Hann vissi og deili á Páli. Sami kraftur bjó með Páli og var í Jesús. En bræðurnir sem frömdu andsæringarnar? Hverjir voru þeir? Satan veit hverjir það eru sem tilheyra Jesús og hverjir ekki. Maður án anda Guðs er engin ógn í andans heimi. Frá honum stafar enda ekkert ljós. Ófugt við Guðs manninn/konuna sem geislar af og hver geisli frá er öllum andans heimi ógn og skelfing sem bindur hendur illu andanna:

" Hann starði á þá í von um að fá eitthvað hjá þeim. Pétur sagði: Silfur og gull á ég ekki, en það sem ég hef, það gef ég þér: Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, statt upp og gakk! Og hann tók í hægri hönd honum og reisti hann upp. Jafnskjótt urðu fætur hans og ökklar styrkir, hann spratt upp, stóð í fætur og tók að ganga. Hann fór inn með þeim í helgidóminn, gekk um og stökk og lofaði Guð. " (Post 3:5-8)

Þetta er það sem við þurfum. Anda Guðs sem starfar í trú á Jesús Krist. Kraftaverkið sem unnust fyrir hendur Péturs er ákveðin leyndardómur. Hvað gerðist í manningum sjálfum er ekki gott að vita né heldur við hvaða stöðvum í líkama hans var hreyft sem fengu þær til að virka með eðlilegum hætti. En samt er ljóst að eitthvað slíkt gerist í manneskju sem öðlast kraft til að rísa í fætur þegar Orð Guðs er talað yfir henni. Orðið er lifandi og Jesús sjálfur er þetta Orð. Jesús í eigin persónu fór um vanheila manninn og snart hann á réttum stað. Nákvæmlega þetta verk er og verður mönnum áfram ósýnilegt í sjálfu sér en breytist og verður sýnilegt þegar maðurinn reis á fætur og tók að hlaupa um og stökkva og gera það sem hann hafði séð svo marga gera í gegnum árin án þess að geta verið þátttakandi sjálfur sökum lömunar sinnar. Eitthvað sem var dautt í lama manningum lifnaði þarna við og fór að starfa með eðlilegum hætti. En til þess að möguleiki væri á að þetta gæti yfir höfuð gerst varð að byrja á byrjuninni. Í þessu tilviki í orðum Pétur sem talaði sitt út í - TRÚ. Og fyrir trú Péturs og væntanlega þeirra líka sem með honum voru gerðist kraftaverkið. En Jesús var og er aðilinn sem vinnur verkið.

Lamaði maðurinn átti ekki von á að dagurinn yrði í neinu frábrugðin öðrum dögum fyrir sig. Hann sá marga menn koma og fara og sumir stöldruðu við hjá honum og létu smáaura falla þar sem hann lá. En þennan tiltekna dag komu menn og í staðinn fyrir eyri fékk hann sína stærstu, verðmestu og líka óvæntustu gjöf sem hann gat hugsað sér. Mátt í þann hluta líkama síns sem hafði verið honum eintóm byrði til þessa og einhverveginn dregist á eftir honum

hvert sem hann fór. Menirnir sem komu höfðu kraft með sér sem sjálfur Drottinn hafði komið fyrir í þeim.

Pétur og samferðarmenn hans vissu að Jesús var ekki vikin frá þeim og þeir orðnir kraftlausir sem aðrir menn - eins og gerðist hjá Samson. Hann gekk enda fram í óbilandi trú á hinn upprisna og eilíflega lifandi Son Guðs.

Höldumst því við í trúnni á Jesús og förum vaxandi í henni og blekkjum okkur ekki sjálfa.

Endir máls betri en upphaf.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Allir geta tekið undir yfirskrift pistilsins. Og marga staði í Biblíunni má finna þar sem menn eru hvattir til að fara veg samningana og lausnarinnar í friði og áður heldur en allt fer í hnút og ekki lengur hægt að hrófla við einu né neinu. Það sem þá tekur við eru illeysanlegir hnútar, átök, málferli, hurðarskellir, hávaði og annarskonar leiðindi sem koma öllum illa og geta ekki haft neinn annan endir en hann að raunverulega allir málsaðilar standi upp frá borðinu með sár og í raun tapað mál, vinslit og jafnvel glataða æru til langs tíma. Þótt kannski pappírar og dómsniðurstaða segi annað. Að vera sigurvegari í dómsmáli er ekki alltaf hið sama og að maður endurheimti það sem glataðist. Hvað um öll sárin sem komu? Hvað um alla þessa gríðarlegu vinnu sem menn þurftu á sig að leggja? Að ekki sé talað um peningaútlátinn. Flest fólk kemur út úr svona málum breyttar manneskjur með aðra og nýja sýn á lífið.

Til að eignast hugarfar sáttar og friðar er eitt nauðsýnlegt. Og það er trúin. Hún gefur okkur nefnilega aðra sýn á lífið og tilveruna heldur en heimurinn gerir sem endalaust kallar eftir hefndum og að blóð renni og að menn standi á sínu með kjafti og klóm og hviki hvergi:

„Ég segi það yður til blygðunar. Er þá enginn vitur til á meðal yðar, sem skorið geti úr málum milli bræðra? Í stað þess á bróðir í máli við bróður og það fyrir vantrúuðum! Annars er það nú yfirleitt galli á yður, að þér eigið í málaferlum hver við annan. Hví líðið þér ekki heldur órétt? Hví látið þér ekki heldur hafa af yður? „ (1Kor 6:5-7) – segir Páll við sína menn í Korintu. Af orðum Páls sjáum við hversu honum er umhugað um að menn haldi í friðinn sín á milli og gefi Guði allt dómsvald sem réttir hlut manna og dæmir rétt í málum. Það sem Páll sá var að með þessum þrætum og stælum bræðrana í Korintu leið starfið sem Kristur stofnaði á jörðinni og varð lamað og sálir sem Jesús dó fyrir hugsanlega misstu af sínu tækifæri til að játa lífgjafa sínum. Við erum verði keypt og ekki lengur okkar eigin heldur eign Jesús. Og hve oft höfum við ekki játað þetta frami fyrir almáttugum Guði?

En þetta er saga mannkynsins eftir að Adam og Eva féllu í garðinum forðum og syndin innleiddist í heiminn. Svona er hún rituð dag frá degi. Allar götur síðan hefur fólk viljað sjá blóð renna frekar en að leita eftir friði og sáttum nema þá í mesta lagi að nafninu til. Mætti alltént álikta miðað við verkin oft á tíðum. Og hér er ekki verið að fjalla um stríð, svo skelfileg og ægileg sem þau annars eru, heldur um einstaklinga. Mig og þig. Og sumir okkar hafa meira að segja haldgóða þekkingu á Jesús og höfum margsinnis fengið að kynnast yfirflæðandi kærleika og elsku sem hann ber til okkar en bregðumst samt ókvæða við er náunginn rekst eilítið utan í okkur og snúum furðufljótt vörn í sókn og komum þá jafnvel gegn bræðrum og systurum þó að við vitum, eða ættum að vita, að þetta fólk fær á sig margskonar skelli vegna sinnar trúar, alveg eins og við sjálf þurfum að þola.

Undir álagi og pressu þarfnast fólk styrks og hjálpar til að hreinlega deyja ekki andlegum dauða. Svo alvarlegt getur málið verið. En í stað sjálfsagðrar og eðlilegrar hjálpar og aðstoðar í Jesús nafni mætir þessu fólki kannski ný árás og sár bætast við sárin sem fyrir eru, og það frá systkinum sem Jesús hefur miskunnað sig yfir og leyst úr heiminum. Þetta má ekki svo vera bræður og systur! Þessum kafla þarf því að ljúka og það sem allra fyrst. Jesús á það einfaldlega inni hjá sínum áhangendum. Og betri er endir máls en upphaf.

Árið 1995 - eitthvað svoleiðis - talaði Guð við pistlahöfund og sagði honum að hann ætlaði að sýna honum hve erfitt það væri fyrir sig að komast að. Í fyrstu hugði höfundur að Drottinn væri hér að meina heiminn og fólkið í heiminum sem enn hefur ekki gengist við verki Jesús á krossinum og fengið Heilagann Anda að gjöf og er endalaust í slag við almættið með lifnaðarhætti sínum, kenningum og skoðunum. Með árunum hefur hann æ betur sannfærst um að það sem Drottinn raunverulega meinti var kirkjan hans á jörðinni. Hinir trúðu í landinu og í löndunum sem ítrekað byggja utan um sig sjálfa og sitt starf og allt sitt líf múra sem engum er hleypt inn um og ekki heldur Guði sem vill komast að með eitthvað nýtt og ferskt inn í sitt hús til að lífga söfnuð sinn eilítið við til að hann hafi yfirleitt möguleika á að þroskast meira og taka ný skref sem gefur honum nýjar opinberanir á mætti og mikilleik Sonarins sem vann sitt verk á krossinum.

Hvað sem menn annars hafa um þetta að segja er ljóst að margar kirkjur eru í mesta lagi með hálfopna gátt hvað þessa hluti varðar og sumar kirkjur gæta sín vandlega á að opna ekki nema litla rifu, glufu sem smá andvari fær leikið um og borist inn. Hitt er annað mál að menn tala ekki svona heldur þvert á móti. Og vitaskuld vildu allir gera slíkt hjá sér og margir eru sífellt að opna meira og meira hjá sér þarna. Þeir sjá að blessun fylgir slíkri opnun. Hinu er samt ekki að neita að treginn er til staðar sem gamli vaninn hefur búið til og komið til leiðar. Þannig bara er málið vaxið. Yrði hurðinni svipt upp með einu snöggu handtaki og straumurinn fengi óhindraðir að leika um hjörtun og salinn mundu dauðir rísa upp, lamaðir fá styrk og allir sjúkdómar hreinsast af fólkinu. Við fengjum að sjá áþekk kraftaverk gerast og samtíðarmenn Jesús horfðu á hann gera. Opnum bara fyrir Guði og hleypum inn hans ferska andblæ í stórri og öflugri bylgju blessana og segjum saman:

„ Kæri Guð. Almáttugi Faðir. Kom þú og gjör það sem þú vilt. Ég er auðmjúkur þjónn þinn. Þú ert minn Herra. Amen. „

Skodum ritninguna:

„ Einn þeirra, sem með Jesú voru, greip til sverðs og brá því, hjó til þjóns æðsta prestsins og sneið af honum eyrað. Jesús sagði við hann: **Slíðra sverð bitt!** Allir, sem sverði bregða, munu fyrir sverði falla. **Hyggur þú, að ég geti ekki beðið föður minn að senda mér nú meira en tólf sveitir engla?** Hvernig ættu þá ritningarnar að rætast, sem segja, að þetta eigi svo að verða? Á þeirri stundu sagði Jesús við flokkinn: Eruð þér að fara að mér með sverðum og bareflum eins og gegn ræningja til að handtaka mig? **Daglega sat ég í helgidóminum og kenndi, og þér tókuð mig ekki höndum.** „ (Matt 26:51-55)

Flest okkar höfum lesið þessa frásögn og mörg okkar oftast en einu sinni og tvisvar og reyndar ótal sinnum. Þarna er komið að stundinni sem Jesús var handtekinn á og lausn mannsins að gerast. En takið eftir einu að einn lærisveinninn greip til sverðsins.

Hvers vegna gerði hann það? Það er alveg augljóst. Maðurinn brást við, kannski ekki með eðlilegum hætti, örugglega ekki réttum, en eins og hann þekkti og kunni. Hann einfaldlega vissi ekki um neina aðra brúkhæfa leið sem hægt væri að nota undir svona kringumstæðum. Menn þá og nú mæta ofbeldi með ofeldi í flestum tilvikum eins og líka Páli bendir bræðrunum á í Korintu en segir jafnframt að þeir skuli ekki gera þetta sem kristnir menn.

En voru hermennirnir á staðnum ekki sjálfir vopnaðir sverðum og bareflum? Voru þeir ekki tilbúnir til að beita þessu gegn hópnum og fella þá sýndu þeir mótspyrnu? Og hvers vegna hafði þessi lærisveinn sverð meðferðis? Varla til að skafa undan nöglunum með. Þvert á móti þá ætlaði hann að nota sitt sverð ef út í harðbakkann slægi. Og þarna var hann staddur inn í miðri atburðarrás þar sem lífi hans sjálfs og allra sem með honum voru var ógnað. Það er ljóst. Og segir ekki lögmál Gyðinga: „Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn?“

Ofbeldi og að svara í sömu mynt var því það fyrsta sem kom upp í huga Péturs í Getsemanegarðinum. Ljóst er að hann vildi verja Meistara sinn og Herra og nota þekktar aðferðir mannanna. Var ekki Júdas svikari og kannski líka réttdræpur í augum Péturs? Getur verið að sú hugsun hafi læðst að mannum? Út frá mannlegu sjónarmiði er auðvelt að svara þessu játandi.

Eitt er áhugavert að skoða í stöðunni sem skyndilega er kominn upp að hefði Kristur lagt blessun sína yfir sverðsbeitingu lærisveinsins má spyrja sig áleitinnar spurningar. Þessarar:

„Hvar væri þá þetta nýja sem Jesús sagðist vera höfundur að ef hann - á sinni eigin ögurstund - hefði lagt blessun sína yfir beitingu sverðsins? Við sjáum að hann gerði það ekki og undirstrikaði með orðunum: „**Slíðra sverð þitt.**“

Svo er Guði fyrir að þakka að Jesús kom í öðrum og betri tilgangi og við sjáum glöggst að Kristur brást við með alveg nýjum hætti - en mennirnir sem honum fylgdu og með honum voru ekki heldur notuðust þeir við gamalkunnar aðferðir sem enn er verið að nota með jafn lélegum árangri sem fyrr. Og illt goldið með illu.

Við könnumst því við svona hugsun sem skaust upp í koll lærisveinsins og gerði að verkum að hann greip til sverðsins til að afhausu manngreyið sem gegnt honum stóð og höggið beindist að? Að vísu náði hann bara hægra eyranu en ljóst er að annað og meira átti að fara í þessu höggi heldur en bara eyra mannsins. Sannarlega könnumst við við slíka hugsun. Hún hefur oft brotist fram í hugskot okkar og því miður oft einnig umbreytt í verknað þegar að okkur hefur verið vegið eða við á einhvern hátt teljum okkur ógnað. (Þó kannski ekki eins alvarlegan og líst er í ritningartextanum.) Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð. Allir þurfa daglega á Jesús Kristi að halda. Víst er um það.

En hvað sagði Kristur þegar lærisveinin hafði beitt sverðinu?:

„**Slíðra sverð þitt.** „

Lærisveinin hafði ekki enn skilið boðskapinn sem Jesús var að flytja þótt hann hefði gengið með honum í rúm þrjú ár þegar hér er komið sögu og heyrt hann tala daglega og flytja sitt mál. Á ögurstundinni brást þessi lærisveinn við með gamalkunni aðferð sem flestir menn nota en Kristur sagði að þeir skyldu hætta að gera og taka upp nýjan hátt í samskiptum sínum við fólk.

Það sem Kristur er raunverulega að segja með orðunum „ **Slíðra sverð þitt.** „ er að nóg sé komið og að menn verði að fara að læra að til er önnur leið og betri heldur en að mæta ofbeldi með meira ofbeldi. Að ekki verði lengur gengið á sömu braut. Og vegurinn varð opinber með fortjaldinu sem rifnaði ofan frá og niður úr.

Páll segir:

„ **Hví líðið þér ekki heldur órétt? Hví látið þér ekki heldur hafa af yður?** „ (1Kor. 6. 7b)

Geta menn ímyndað sér hve mikla sorg beiting sverðsins hefur valdið í veröld vorri? Eða með hinu andlega sverði sem menn nota hvorir gegn öðrum og ekki á Biblíulegan hátt. Og er þá verið að tala um bræður og systur og deilur sem stundum koma upp á milli systkina. Því að systkini erum við sem höfum játað Jesús og sama marki brennd að vera leyst úr heiminum fyrir náð og miskunn hans sem dó á krossi og reis upp á þriðja degi og situr við hægri hönd Föðurinn og biður þar fyrir hverju og einu okkar og er óþreytandi við þá iðju.

Skoðum aðra setningu í þessum magnaða texta sem gerðist í frægum Getsemane garðinum:

„ **Hyggur þú, að ég geti ekki beðið föður minn að senda mér nú meira en tólf sveitir engla?**

Hvað er Kristur að segja þarna? Í grunninn að minnsta mál væri fyrir hann að hrópa til Föðursins og biðja hann og Faðirinn myndi senda honum gríðarlegan liðsafla sem hann með léttum leik gæti gert allt vitlaust með og stráfellt þessa aumu, skjálfandi og lafhræddu og sumpart hlægilegu hersveit sem stóð andspænis honum til að handtaka hann saklausan. Um eigið sakleysi var honum vitaskuld ósköp vel kunnugt. Og hefði það ekki verið eðlilegasti hlutur í heimi fyrir hann, saklausan manninn og við sínar afleitu kringumstæður, að breyta á þann veg miðað við það ranglæti sem hann greinilega var beittur? Út frá mannlegri hugsun já. En nei séð með augum trúarinnar og hví Kristur kom til jarðarinnar og hvaða verk honum var ætlað að inna af hendi sem manni og Guði á þessari jörð. Orð um Faðirinn og hersveitir hans, útskíra líka betur þegar hann sagði Pétri á slíðra aftur sverð sitt eftir að Pétri tókst að sníða af hægri eyra þjónsins, sem hét víst Malkus. (Jóhannesarguðspjall 18. 10)

Þarna var Pétur blessaður svo fljóttur að draga fram sverð sitt og beita vopninu að Jesús vannst ekki tími til að stöðva hann fyrr heldur en of seint og skaðinn skeður. Verkið sem Pétur vann með sínu sverði var Kristi ekki velþóknanlegt sem sjá má af því að Jesús snart eyra mannsins og græddi það strax á aftur. Sem og er mynd upp á að Jesús kom ekki til jarðarinnar til að eyða mannlífum heldur bjarga mannlífum.

„ **Hvernig ættu þá ritningarnar að rætast, sem segja, að þetta eigi svo að verða?** „ sagði Jesús við lærisveinin sem brá sverðinu og við hina líka sem með honum voru.

Hvað var það sem Jesús boðaði sínum mönnum? Náungakærleikann og að menn skildu elska hverjir aðra eins og sjálfa sig og ekki fyrirgefa mönnum sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö. Út í hið óendanlega skal maður fyrirgefa náunganum sem gerir á hlut manns. Að bregðast við með ofbeldi þarna (ofbeldi er ekki bara beiting sverðsins eða hnefahögg. Ónærgætin orð - svokallaður sannleikur um mann og annan - er yfirleitt miklu verra vopn í höndum manna og kvenna sem kunna ekki með þau að fara) var því svo greinilega á skjön við allt sem hann hafði sagt á undan og framkvæmt í auglýsningu fjölda manna og kvenna á strætunum sem hann kom á til að segja fólkinu frá almáttugum Föður og lækna alla á staðnum sem haldnir voru

einhverskonar sjúkdómum og reka út illa anda. Sverðsbeiting lærisveinsins gat því ekki hafa verið vilji hans og ekki ráð fyrir því gert í hans hópi.

En kom beitingin sverðsins frá hans eigin mönnum Jesús á óvart?

Alls ekki. Jesús þekkir mannlegt eðli og einmitt vegna mannlegs eðlis og veikleika holdsins var hann kominn og sendur til jarðarinnar til að fólk fengi einhvern sigur yfir sínu holdi og frið inn í sitt hjarta. Friðurinn hefst sem kunnugt er í hjarta manneskjunnar:

„ Því að það er vilji Guðs, að þér skuluð með því að breyta vel þagga niður vanþekkingu heimskra manna. Þér eruð frjálsir menn, hafið ekki frelsið fyrir hjúp yfir vonskuna, breytið heldur sem þjónar Guðs. Virðið alla menn, elskið bræðrafélagið, óttist Guð, heiðrið keisarann. „ (1Pét 2:15-17)

Við þurfum sannleikann. Manneskja sem bregst við ógnandi aðstæðum með reiði, eins sjá má í fari lærisveinsins, er með frelsið sem hjúp yfir eigin vonsku. Hún segist vera frjál en Drottinn mun sýna henni með órækum kennimerkjum að vonskan er enn til staðar og setja hana inn í aðstæður þar sem þetta kemur skírt fram. Menn gangi því heilshugar með Drottni á hverjum nýjum degi sem þeir fá að vakna inn í.

Vonskan þarf að víkja. Og eftir að Jesús er kominn inn og friðurinn orðin hlutskipti mannsins í bland við haldgóðum skilningi á hver Jesús er og hvað hann kenndi og menn framganga heilshugar í sinni trú þá líka minnkar til muna líkurnar á að fyrsta hugsun mannsins sé að grípa til sverðsins þótt að honum kreppi og verulega sé að honum þrengt. Kristur gaf honum annað vopn sem kristnir menn og konur hafa margsinnis upplifað og vita því að fullt gagn er að. Og þetta vopn sem nú er kallað til sögunnar samanstandur af þremur stöfum. Sverð hefur fimm stafi þannig að við erum ekki að tala um sverð. Orðið sem við vildum sagt hafa er BÆN.

Að lokum þetta:

„ Gætið þess, að enginn gjaldi neinum illt með illu, en keppið ávallt eftir hinu góða, bæði hver við annan og við alla aðra. Verið ætíð glaðir. Biðjið án afláts. Þakkið alla hluti, því að það er vilji Guðs með yður í Kristi Jesú. Slökkvið ekki andann. Fyrirlítið ekki spádómsorð. Prófið allt, haldið því, sem gott er. En forðist allt illt, í hvaða mynd sem er. En sjálfur friðarins Guð helgi yður algjörlega og andi yðar, sál og líkami varðveitist alheil og vammlaus við komu Drottins vors Jesú Krists. Trúr er sá, er yður kallar, hann mun koma þessu til leiðar. „ (1Þess 5:15-24)

Gremjan er vond tilfinning

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Gremja er tilfinning sem er vond fyrir manninn. Gremja sem ekki er unnið á leiðir af sér margskonar hugsanir sem tæra manninn og kemur af stað allskonar róti sem varast ber.

Gremjuna getur andhverfa hennar gleðin, unnið bug á og gleðin kemur af trúnni sem er ræktuð og Jesús einn fær gefið. Því að Jesús gefur manninum gleðina. Engin nema Jesús fær þetta gert vegna þess að engin hefur nægjanlega mikinn á huga fyrir manninn til að leiða hugann að slíku. Jesús er gjafari allra góðra gjafa.

Besti vinur Satans er sundurleitur hópur í kristna geiranum. Satan veit ekkert betra né heldur skemmtilegra heldur en þegar systkini bítast og rífast um hluti sem vel er hægt að ná sáttum um en er ekki gert vegna þess að áhugann til verksins skortir og engin stígur fram með útrétta sáttahönd. Og hví vilja menn skemmta kölska með verkum sínum og gremju sérstaklega í þeirri fullvissu að aðalskemmtistaður illu andann er manneskjan sem liggur í kvöl sinni og hugarangri og skemmtunin verður meiri og stórkostlegri fyrir þá eftir því sem kvölin eykst. Við erum jú að tala um illa anda sem illir og illri en nokkurn mann getur grunað. Og þetta illa afl nærast á neikvæðni mannsins, gremju hans, ótta, afprýðisemi og allskonar öðrum geðsveiflum sem tilheyrir hverri manneskju og henni gengur misjafnlega vel að losa sig út úr á nýjan leik. Jesús er sterkari en allt þetta veldi og við sem tilheyrum Jesús getum sýnt honum þá virðingu að troða ekki illsakir hverja við aðra heldur umbera og breiða yfir. Og á svoleiðis „sýningu“ getur verið grúi illra anda sem nærast af þessari óstöðvandi kvöl og sorg viðkomandi manneskju. Öndvert við gleðina sem þeir forðast eins og brennt barn forðast eldinn vegna þess að í gleðinni skín af manneskjunni og illskan hatar ljósið sem tendrað er af Jesús. Höfundur talar svona vegna þess að eitt sinn sýndi Drottinn honum hvernig svona samkoma fer fram. Og það sem hann sá voru bekkjaraðir sem voru í hring á nokkrum hæðum, eins og var í gömlu hringleikahúsunum. Á gólfinu var niðurbrotinn manneskja í keng fársjúk af eigin hugsunum og tilfinningaflækju. Og við að horfa á þetta fengu þessir illu andar sína næringu og þetta gaf þeim sína skemmtun. Af þessu getum við séð og kannski skilið eilítið betur hví öll þessi kvöl er svo langvinn og algeng og að því er virðist hefur engan endir oft á tíðum. En þá skal haft í huga að allur heimurinn liggur í hinum vonda og dagarnir eru vondir.

En hví gerist þetta og hví reynir maðurinn þá ekki að koma sér frá þessu og inn í eitthvað sem er betra?

Í raun þá er svarið einfalt og nærtækt. Fyrir þær sakir að maðurinn er hold og hold mannsins er tengt heiminum framgengur maður án Jesús fram í vilja holdsins. Hann getur ekki gert neitt annað. Þetta er ástæða þess að sífeld leit er hjá manninum að einhverju sem gefur honum lífsfyllingu en hann finnur enga vegna þess að hvar sem hann stígur niður fæti eða knýr dyra þar er allt veldi Satans en getur samt birst manninum í hinum margvíslegustu myndum sem allar leiða þó til sömu niðurstöðu. Dauða í gegnum blekkinguna sem á glitrar. Máttur blekkingarinnar er gríðarlegur sem útilokað er að sjá við nema í Anda Guðs. Þetta er ekki undrunarefni skoðað í því ljósi að höfðingi heimsins er lygari frá upphafi og aldrei í sannleikanum. Þegar hann lýgur fer hann að eðli sínu. Þannig talar Biblían um þessa hluti. Í heiminum býr allt þetta sem viðheldur gremjunni og sem nærir hana. Kvöl manna í hvaða mynd sem hún birtist gerir þetta og æsir þessa illu anda upp. Illar hugsanir eru gera það líka, dómharka, sjálfsvorkunnin, sjálfsgagnrýnin og sjálfsásakanirnar úr hófi fram. Og margt annað einnig sem hefur það eitt að markmiði að draga úr verkþrótti mannsins og getu til að starfa í vilja Guðs í gleði.

Gætum að eigin stöðu og verum vakandi

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Kristur gaf okkur allskonar Orð sem hann vill að við höfum í minni og vitum um og lifum samkvæmt og vitum að við lifum í heimi sem neitar að taka við boðskapnum sem hann hefur fram að færa og lifir samkvæmt sínum eigin reglum og ákvæðum en undrast þó að ekki skuli vera hægt að ná friði þar sem fólk bara getur lifað saman í sátt og samlyndi.

Við lifum í heimi sem ítrekað ræðst gegn boðberum sannleikans. Í heimi sem býr til annarskonar sannleika en hann sem Jesús talar. Í heimi sem snýr sumum hlutum á hvolf og segir vera sannleikann. Þetta er vandamál sem hefur fylgt mannum frá upphafi.

Í gegnum alla mannkynssöguna hafa verið búnir til margir sannleikar og út á þá gengið sem síðan mennirnir uppskárú af og hryllingurinn og eyðileggingin blasti við hvert sem litið varð. Nasisminn er eitt, og þá kommúnisminn sérstaklega Maó- Stalín- og Lenínisminn sem margri virtir menn í heiminum horfðu til og dásömuðu á opinberum vettvangi. Á bak við þetta var eyðing og mannfyrirlitning, eins og síðar kom á daginn. Fleiri stjórnálastefnur hafa og komið fram sem allar töldu sig vera boðbera sannleikans. Allt þetta fólk taldi sig vera með eitthvað nýtt á þróunum sem ryddi þessu gamla og staðnaða kerfi í burtu fyrir eitthvað sem kallast nýtt og ferskt en reyndist jafn morkið og hitt þegar upp var staðið. Og spurði ekki Pílatus Jesús: „ Hvað er sannleikur? „ Pílatus var sannleiksleitandi maður og reynslunni ríkar. Hann heyrði margt og sá margt og spurði sig spurninga hvar í öllu þessu kraðaki sannleikann væri að finna. Kannski framgekk Pílatus í sínum eigin sannleika? Og kannski var Pílatus maðurinn sem gat ævinlega réttlætt allar sína gerðir fyrir sjálfum sér, líkt og sumir menn gera?

Vissulega getur mannum ratast satt orð á munn. En ævi flestra manna er merkt mistökum og glappaskotum. Einum hér og öðrum þar. Smá handvömm hér og aðeins stærri skellur þarna. Undir þetta geta allir tekið sem vilja vera sanngjarnir og heiðarlegir í sínu áliti. Enda sannleikur. Maðurinn er ófær um að ganga um lífið án beins stuðnings hans sem dó fyrir hann á krossinum og reis upp á þriðja degi sem sigurvegari sigurvegaranna Jesús Kristi:

„ Verið í mér, þá verð ég í yður. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vínviðnum, eins getið þér ekki heldur borið ávöxt, nema þér séuð í mér. Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört. Hverjum sem er ekki í mér, verður varpað út eins og greininum, og hann visnar. Þeim er safnað saman og varpað á eld og brennt. „
(Jóh 15:4-6)

Menn berjast og hrópa á götum úti á frið. Samtök eru stofnuð sem blína á frið.

Skólar eru settir á laggirnar til að kenna okkur hvað sé sannleikur. Og þróunarkenningin er kennd eins og væri hún sannleikurinn sjálfur. Jafn flókinn og torskilin sem hún annars er. Með allri virðingu. Merki friðarins hanga á skjöldum, á nærbolum, á ytri fatnaði fólks sem breiðir út boðskapinn hvert sem það fer. Samt er logandi ófriður hvort sem horft er til hægri eða vinstri. Upp eða niður. Allstaðar illdeilur í einhverju formi sem dekkja mannlífið en bæta það ekki. Sem þó allt fólk vildi að gerðist.

Innan veggja heimilisins getur ástandið verið svo slæmt að hluti heimilismann talast ekki við og lokar sig inni í eigin herbergi og vill fá að vera þar í friði. En jafnvel á þessum stað - inn í sínu herbergi - er engin friður þótt engin utanaðkomandi reyni að trufla herbergisbúann á neinn hátt. Og hvernig getur líka orðið friður þegar hjarta manneskjunnar er fullt af ótta og hugsunum sem stara látlaust inn í myrkrið sem hugurinn býr til og tendrar hverja taug í manninum?

Við sjáum að manninum einstaklingnum er engin friður búin. Þetta er sá sannleikur sem blasir við. Og þótt einhver maður kunni nú að búa við frið hefur hans samt enga tryggingu fyrir því að svo verði áfram. Eitthvað gæti breyst sem snýr öllu á haus í hans lífi. Þetta bara er sagan. Svona er hún skráð.

Syndin í heiminum mun búa svo um hnúta að hvar sem syndugur maður er þar er líka ákveðin ófriður. Innri ófriður ytri ófriður. Ótti, skelfing, hryllingur. Ófriðurinn fylgir syndinni og syndin býr og hreiðrar um sig í holdi manneskjunnar. Gæti maðurinn búið til friðsemd væri hann fyrir löngu búin að því miðað við tímann sem hann hefur haft hér á jörðinni og raunverulegan vilja til að koma verkinu í framkvæmd. Og þessi löngun fólks er enn til staðar. Maðurinn vill frið og að búa með sitt í friði og inn í örygginu.

Inn í svona hryssingi er boðskapurinn um Jesús Krist borin fram af boðberum sem Jesús sjálfur hefur valið til verksins og gengur í farabrojósti fyrir. Hann kemur inn í þetta umhverfi með fagnaðarerindið og hjálpraðið sem hver maður getur eignast einfaldlega með því að segja: „Já Drottinn! Ég vil fylgja þér. „ - Og málið er afgreitt og manneskjan hólpinn og laus við sinn ótta. Ef óttinn hins vegar lætur aftur á sér kræla og tekst að beygja manneskjuna undir sig eins og áður var (sem vel getur gerst - takið eftir því) er einfaldlega um vantrú að ræða og ekkert annað. Í trúnni gerist svona lagað ekki. Og hvað segir í 1Jóhannesarbréfi?

" Með því er kærleikurinn orðinn fullkominn hjá oss, að vér höfum djörfung á degi dómsins, því að vér erum í þessum heimi eins og hann er. Ótti er ekki í elskunni. Fullkomin elska rekur út óttann. Því að óttinn felur í sér hegningu, en sá sem óttast er ekki fullkominn í elskunni. Vér elskum, því að hann elskaði oss að fyrra bragði. " (1Jóh 4:17-19)

Boðskapur Jesús kemur inn í þælingar manna um hið aukna ofbeldi og aðra þætti í samfélaginu sem engin vill hafa hjá sér en flæða samt yfir. Ástæðan er ein. Hún að kærleikur flestra manna fer kólnandi. Og vegna þess að kærleikur kólnandi fer fær illskan aukið fóður og vex ásmegin í umhverfi mannanna. illskan fitnar og dafnar en kærleikurinn grennist og missir þróttinn í mönnum. Þetta tvennt kólnandi kærleikur og aukin illska helst enda algerlega í hendur og verður ekki slitið hvort frá öðru. Jesús er friðurinn sem manneskjan þarfnast og þráir svo mjög en útilokað er að hún geti lifað nema í og með honum.

Jesús gaf sjálfan sig á krossinn og reis upp á þriðja degi. Hann vissi hvað við var að eiga og hversu maðurinn er vanmáttugur í viðureign sinni við hann sem rændi hér völdunum. Hann þekkir Satan út og inn og veit hvílíkt skaðræði þetta er. Að fórna blóði saklauss manns var eina leiðin sem Guð hafði í þessum volaða syndum vafða heimi. Án blóðs fæst engin fyrirgefning á synd. Jesús úthelti sínu eigin blóði í eitt skipti fyrir öll. Sem svo Faðirinn undirstrikaði og áréttaði með upprisunni og gjöf Heilags Anda sem opinberar Jesús Krist og hvaða verk hann raunverulega vann með verki sínu á jörðinni og hví líf hans varð að enda á krossi innanum háðsglósur manna og kvenna sem enn skildu ekki fullkomlega hvað þarna fór

fram. Hjörtun voru haldin og ófær um að sjá með réttum hætti né meta rétt aðstæðurnar á staðnum.

Þarna sjáum við aftur veikleikan sem í mannum býr að jafnvel með augnum sem þó sáu Jesús hangandi á krossinum að þá kveikti þetta á engum þerum hjá fæstum þessara einstaklinga. Til að sjá þarfnast maðurinn gjafar sem er algerlega á valdi Föðurinn og Sonarins að gefa til að allt í mannum taki stakkaskiptum og skilningurinn vaxi og hjartað lifni við og byrji að lofa Drottinn með réttum hætti. Þetta fær menn til að renna huganum aftur til kennslunnar sem svo lengi fylgdi Ísraelsþjóðinni. Og þeir koma auga á Messías í Jesús sem var krossfestur. Málið er að hjartað og skilningurinn kemur ekki nema Drottinn sjálfur ljúki hjarta mannsins upp:

" Sjá, þjóinn minn mun giftusamur verða, hann mun verða mikill og veglegur og mjög hátt upp hafinn. Eins og margir urðu agndofa af skelfingu yfir honum svo afskræmd var ásynnd hans framar en nokkurs manns og mynd hans framar en nokkurs af mannanna sonum eins mun hann vekja undrun margra þjóða, og konungar munu afturlykja munnnum sínum fyrir honum. Því að þeir munu sjá það, sem þeim hefir aldrei verið frá sagt, og verða þess áskynja, er þeir hafa aldrei heyrt. " (Jes 52:13-15)

Þarna við krossinn horfðu þeir á þetta hryllilega afskræmda, bóligna og blóðstorkna andlit mannsins. Gamla testamentið, sem þjóðinni var uppálagt að vita góð deili á las þar lesningu um afdrif frelsarans. Og þarna hékk hann beint fyrir framan nefið á þeim eins og Orðið var búið að segja og þjóðin hafði lesið um öldum saman. Fræðimennirnir sem vit áttu að hafa og sögdust þekkja Orðið afturábak og áfram og töldust hæfir til að kenna fólki Guðs sína lexíu byggðri á Orðinu sáu ekkert sérstakt við atburðinn. Aðeins vandamál sem var um það bil að leysast. En sáu þó. Þeir voru jú með augu.

En þarna var samt Friðarhöfðinginn Undráráðgjafinn sem Gamla testamentið fjallaði um. Og átti þá við Messías sem kom til að vernda lýð Guðs á bak og brjóst en gat ekki vegna þess að fólkið hafnaði sínu eigin hjálpræði og er ástæðan fyrir að enn í dag er róstur í kringum Ísraela sem ekki linnir fyrr heldur eftir burthrifningin og að loknum tíma Antikrists. Jesús stígur nefnilega öðru sinni til jarðarinnar og með honum fólkið sem þremur og hálfu ári fyrir var hrifið upp til fundar við sinn lausnara og lífgjafa í loftinu. Eins og Nýja testamentið fjallar um að allir trúaðir trúu eins og líka öðrum Orðum Biblíunnar:

„ Á þeim rættist spádómur Jesaja: Með eyrum munuð þér heyra og alls ekki skilja, og sjáandi munuð þér horfa og ekkert sjá. Því að hjarta lýðs þessa er sljótt orðið, og illa heyra þeir með eyrum sínum, og augnum hafa þeir lokað, svo að þeir sjái ekki með augnum né heyri með eyrunum og skilji með hjartanu og snúi sér, og ég lækni þá. En sæl eru augu yðar, að þau sjá, og eyru yðar, að þau heyra. „ (Matt 13:14-16)

Friðurinn í heiminum liggur algerlega í verkinu og sigrinum sem Jesús vann á Golgata. Sama hversu stór batterín eru sem við búum til, sama hversu stórir og öflugir herirnir eru sem þjóðirnar hafa yfir að ráða, sama hversu öflug vopnabúrin eru sem ríkin geta gripið í til að verjast eða ráðast á, sama hversu margar og fjölmennar mótmælagöngur eru farnar til stuðnings friðnum verður hér engin friður fyrr heldur en hjartað breytist. Sem þó einvörðungu getur gerst með Heilögum Anda og fyrir náð og miskunn Drottins Jesús:

" Lýður minn hefir stöðuga tilhneiging til þess að snúa við mér bakinu, og þótt kallað sé til þeirra: Upp á við! þá hefur enginn sig upp. Hvernig ætti ég að sleppa hendi af þér,

Efraím, ofurselja þig, Ísrael? Ætti ég að fara með þig eins og Adma, útleika þig eins og Sebóím! Hjartað kemst við í brjósti mér, ég kenni brennheitrar meðaumkunar. Ég vil ekki framkvæma heiftarreidi mína, ekki aftur eyðileggja Efraím. Því að ég er Guð, en ekki maður. Ég bý á meðal yðar sem heilagur Guð og kem ekki til yðar í bræði. Þeir munu fylgja Drottni, sem öskra mun eins og ljón. Já, hann mun öskra, og synir munu koma skjálfandi úr vestri. " (Hós 11:7-10)

" Hjartað kemst við í brjósti mér, ég kenni brennheitrar meðaumkunar. " – Segir hér.

Í þessum Orðum Drottins liggur raunverulegur styrkur mannsins og fullvissa um gæsku Guðs og hversu óhagganleg hún er. Í þessum orðum kemur svo berlega frama að Drottinn getur ekki og vill heldur ekki sleppa taki sínu á manningum. Í þessum orðum kemur fram þessi brennheiti kærleikur sem yfirskyggir allt annað hjá Drottni þegar maðurinn er annars vegar. Sem og er ástæðan fyrir að bæði ég og þú getum talað fullum fetum um eigin styrk sem liggja í þessum frábæru orðum. **" Hjartað kemst við í brjósti mér, ég kenni brennheitrar meðaumkunar. "** Drottinn getur einfaldlega ekki gengið á bak Orða sinna. Í þessum sannleika - já sannleika - því að sannleikur er það - fellst minn og þinn styrkur.

Esjan gæti mögulega færst úr stað í nógu öflugum jarðskjálfta, þótt líkurnar séu reyndar hverfandi og nánast engar. Vatnajökul getur horfið með aukinni hlýnun, eins og nú er spáð. Laxinn gæti hætt að ganga upp árnar og að veiðast á sínum gömlu og grónu veiðistöðum. Allt þetta gæti vel gerst. En ekki Orð Guðs. Það stendur um alla eilífð án minnstu breytinga.

Hugsid ykkur. Það eru meiri líkur á því að fjöll hverfi eða færast úr stað heldur en að Orð Guðs stæðji ekki þangað sem Drottinn hefur beint því:

" Það fer eins fyrir mér með þetta og með Nóaflóð: Svo sem ég sór þá, að Nóaflóð skyldi ekki framfar ganga yfir jörðina, eins sver ég nú að reiðast þér ekki né ávíta þig. Því þótt fjöllin færast úr stað og hálsarnir riði skal mín miskunnsemi við þig ekki færast úr stað og minn friðarsáttmáli ekki raskast, segir miskunnari þinn, Drottinn. Þú hin vesala, hrakta, huggunarlaus! Sjá, ég legg rúbína sem steina í bygging þína og hleð grunnmúra þína af safirsteinum. " (Jes 54:9-11)

Boðskapur Drottins má ekki þagna. Hann má ekki deyja út með okkur. Þessi kynslóð ber sína ábyrgð og engu minni heldur en gegnar kynslóðir. Réttlæti Guðs er hið sama. Allt Orð hans er jafnmikilvægt nú og áður. Engin stafkrókur Orðsins er fallin úr gildi. Allt sem hann hefur sagt ber mönnum að tala og halda sjálfir í heiðri. Villan getur ekki komist inn í söfnuðinn nema að menn séu sofandi á verðinum og ugglasir og kannski líka kærulausir um það sem fram fer. Ekkert í Orðinu stendur Drottni á sama um. Hann gefur gaum að flutningi manna og kvenna og kippir þeim út sem ekki bera nægjanlega virðingu fyrir því sem talað er í Jesús nafni. Hann skuldbindur sig til að verja sitt fólk gegn til að mynda villukenningum. Bænir safnaðarins þurfa því að vera í þessa veru á hverjum tíma og bornar fram í kærleika og í trú. Og hjartað gerist rólegt þótt hrikti í rá og reiða og ólgan sé allt umhverfis og hvæsið og öskrið í kölska hávært. Skipið bara siglir sína leið með Guðs útvöldu hjörð innanborðs og veltur sínu mjúku, þægilegu veltum og lætur alla um borð líða vel. Og er aldan æðir að þá bara lyftist skipið rólega upp og alveg upp á topp öldunnar og rennir sér svo mjúklega niður í dalinn hinum megin og aldan fer sína leið undir kili skipsins án þess að gera minnsta tjón. Menn urðu hennar ekki einu sinni varir. Ekkert fær snert hjörð Drottins sem ber gæfu til að vera undir verndarvæng hans á hverjum nýjum degi sem hún fær að vakna inn í.

Hjónabandið er enn sem fyrr jafn mikilvægt í augum Guðs og það ævinlega hefur verið sem og að hjónasængin sé óflekkuð:

" Verið mildir við suma, þá sem eru efablandnir, suma skuluð þér frelsa, með því að hrífa þá út úr eldinum. Og suma skuluð þér vera mildir við með ótta, og hatið jafnvel kyrtilinn, sem flekkaður er af holdinu. " (Júd 1:22-23)

Guð vill færa manninn aftur til upphafsins. Til tíma frumkirkjunnar. Hann krefur menn um hreinleika. Hreinleikinn er það sem hann vill sjá í sínum stafsmönnum og þjónum í dag. Trúfesti og úthalt kemur þar á eftir. Tíminn til endurkomu Krists er að stytast og Orðið talar um að Drottinn muni koma eins og þjófur að nóttu og taka þá með sér sem þá verða tilbúnir en skilja hina eftir. Öllum er boðið að vera með og menn vita hvað til þarf til að svo geti orðið. Hrein trú er það sem Drottinn kallar eftir. Hreinleiki og aftur hreinleiki. Ábyrgðin þarna hvílir á einstaklingnum og einstaklingnum einum. Hvenær þessi tími er veit engin um. Eitt geta menn samt gert. Dvalið daglega í faðmi Drottins og ferðin til fundarstaðarins er trygg. Daglegt ákall upp í himininn í trú á hinn upprisna er allt sem þarf. Engin sérstök verk í sjálfu sér önnur en trú. Engin sérstök stelling frami fyrir Guði né heldur klæðnaður. Ekkert nema hrein og hræsnislaus trú og opið hjarta fyrir því sem Guðs er.

Við þurfum að skilja um hvað málið snýst og fatta við hvað er að eiga til að við fáum vitað, séð og skynjað hvar skóinn kreppir. Að málið allt snýst um einstaklingin mig og einstaklinginn þig. Að okkar trú haldi þegar á hólminn er komið. Og til þess að vera öruggur og með allt sitt á þurru þarf hreinleikinn að koma til nærður og tendraður af sannleikanum sem finna má í Orði Guðs. Skjöldur trúarinnar þarf að vera uppi. Hjálmur hjálpræðisins á höfðinu til að verja hugsanir sínar með. Skór fúsleikans á fótunum sem fúsir fara til að boða örðum fagnaðarerindið sem öndvert innleiðir friðinn sem allir þrá og svo hátt er hrópað á en svo fáir höndla og fá notið. Þeir leita friðarins þar sem engan frið er að fá. Syndin bætir gráu ofan í svart. Hún er hið blekkjandi afl sem Satan notfærir sér.

Að taka upp sinn eigin skjöld og sínar eigin verjur er það sem Biblían boðar hinum trúaða að gera. Takið sérstaklega eftir því að hér er talað í eintölu. Ekki til hópsins heldur sjálfsverunnar.

Bræður og systur! Tíminn til endurkomu Drottins er að stytast. Í því skjóli er það ekki fráleitt að álíkta að æ fleiri predikarar og kennarar Drottins taki þennan efnivið æ oftar fyrir í ræðum sínum og kennslum á komandi tímum til að tíunda og fjalla um. Mikilvægt er að brýna söfnuðinn til að haldast vakandi og biðjandi og að láta ekki hávaðan fyrir utan villa sér sýn. Að hver maður haldist þar sem honum var af Drottinni úthlutaður staður.

Nú er rétti tíminn til að taka skíra afstöðu með sannleikanum og leifa Anda Guðs að hreinsa hjarta sitt og láta af allri vonskubreytni til að Drottinn geti leitt hreina og lýtalausa mey að altari sínu sem skartar sínu fegursta.

Þetta er sá friðarboðskapur sem jarðabúar þarfnast:

" Blessaður er sá maður, sem reiðir sig á Drottin og lætur Drottin vera athvarf sitt. Hann er sem tré, sem gróðursett er við vatn og teygir rætur sínar út að læknum, sem hræðist ekki, þótt hitinn komi, og er með sígrænu laufi, sem jafnvel í þurrka-ári er áhyggjulaust og lætur ekki af að bera ávöxt. Svikult er hjartað fremur öllu öðru, og spillt er það. Hver þekkir það? " (Jer 17:7-9)

Amen.

Hvenær er maður inn í áætlun Guðs?

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Strax við fæðingu mannsins hefur Drottinn tilbúna áætlun fyrir líf hans. Áætlun sem reyndar var klár þegar við getnaðinn og raunar áður en veröldin öll var grundvölluð og allt sem í henni er varð til:

„ Heyrið mig, þér eylönd, og hyggið að, þér fjarlægjar þjóðir! Drottinn hefir kallað mig allt í frá móðurlífi, nefnt nafn mitt frá því ég var í kviði móður minnar. Hann hefir gjört munn minn sem beitt sverð og hulið mig í skugga handar sinnar. Hann hefir gjört mig að fágaðri ör og falið mig í örvamæli sínum. Hann sagði við mig: Þú ert þjónn minn, Ísrael, sá er ég mun sýna á vegsemd mína. „ (Jes 49:1-3)

Og:

„ Ég lofa þig fyrir það, að ég er undursamlega skapaður, undursamleg eru verk þín, það veit ég næsta vel. Beinín í mér voru þér eigi hulin, þegar ég var gjörður í leyni, myndaður í djúpum jarðar. Augu þín sáu mig, er ég enn var ómyndað efni, ævidagar voru ákveðnir og allir skráðir í bók þína, áður en nokkur þeirra var til orðinn. En hversu torskildar eru mér hugsanir þínar, ó Guð, hversu stórkostlegar eru þær allar samanlagðar. Ef ég vildi telja þær, væru þær fleiri en sandkornin, ég mundi vakna og vera enn með hugann hjá þér. „ (Sálm 139:14-18)

Svo stórt og mikilfenglegt er plan Drottins. Og það athyglisverða í þessu er að enn í dag fylgir Drottinn öllum sínum áætlunum eftir.

Fyrsta áætlun Guðs miðaðist við að maður og Guð ættu samfélag saman og að þetta samband væri án hökts, hiks og hálfkærings. Guð mundi standa við sitt það var ljóst. En hvað skildi maðurinn taka til bragðs með allt sitt frelsi til að velja? - var spurning sem tíminn einn gat svarað. Samt vissi Guð alveg út í hvað hann var að fara með því að skapa sjálfstætt hugsandi mannveru með getu til að velja hvað sem henni sjálfri þóknaðist. Frá fyrstu tíð var sá möguleiki fyrir hendi að maðurinn veldi annað vald yfir sig heldur en hið Guðlega vald. Með tímanum kom svo freistingin og í kjölfar hennar syndafallið.

Vel má ímynda sér að Guð hafi þegar frá upphafi verið með varaáætlun tilbúna sem leysti manninn ef svo óheppilega vildi til að hann hafnaði samfélaginu við Guð og gengi undir bindingar og áþjón.

Í áætlun „B“ hjá Guði (segjum það) var Jesús kominn inn í útreikninginn sem í fyllingu tímans var sendur til jarðarinnar með fagnaðarerindið. Og frá þeim tíma hefur maðurinn haft leið undan þessari dauðans alvarlegu synd. Veginum sem lokaðist í garðinum góða opnaðist á nýjan leik í Kristi:

„ Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Edengarð og loga hins sveipanda sverðs til að geyma vegarins að lífsins tré. „ (1Mós 3:24)

Margt fór öðruvísi en það átti að fara. Hið ljúfa líf sem Guð fyrirhugaði manningnum að lifa við stóð honum ekki til boða og maðurinn byrjaði að fjarlægjast Drottinn og mildi hans og miskunn. Og þekkingin á honum minnkaði í mannheimum. En Guð hafði talað og þrátt fyrir atvikið sem gerðist var hann hvergi hættur þótt allt væri breytt varðandi manningnum:

„ Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau: Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftans og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðinni. „ (1Mós1:28)

Og eins og Guð bauð þá tók fólkinu að fjölga og fjölskyldur að stækka og útbreiðast frá einu landi til annars uns heimurinn varð fullur af fólki eins og nú blasir við.

Fjarlægðin á milli manns og Guðs gerir að verkum að nú þarf að kenna hverju mannsbarni fyrir sig um Guð, um Jesús Kristi, um Heilagann Anda og að sérhver maður þurfi að endurfæðast inn í ríki Guðs til að öðlast eilífa lífið sem í upphafi átti að vera og ekkert annað. Og með því að endurheimta þekkinguna á Guði og Jesús Kristi byrjar maðurinn aftur að einhverju leiti að fá sömu viðmið fyrir sitt líf og Adam og Eva höfðu í fyrndinni og fyrir stóra skellinn í sínu lífi. Viðmið sem hurfu út í hafsauga með verkum holds og syndar saman.

Frá syndafallinu hefur manningnum ekki verið það eðlilegt að ganga Guðs veg. Erfðasyndin sem gengur niður kynslóðirnar og allir menn eru undir gerir að verkum að manningnum er það ekki lengur eðlilegt að þekkja Guð. Syndafallið breytti sem sé eðli manneskjunnar en endurheimtist á nýjan leik í Jesús. Þetta breytir þó ekki hinu að Guð er skapari eins og hann hefur alltaf verið og engin manneskja verður til nema Guð vilji og hennar tími á jörðinni sé kominn. Allt lýtur vilja Guðs.

Ljóst er að allir sem vilja hindra Guð í að opinbera sjálfan sig fyrir einstaklingnum með því að banna flutning Orðans ganga ekki erinda Drottins Jesús heldur hans sem er höfðingi heimsins og Biblían segir að heiti Satan. Einnig nefndur öðrum nöfnum í Biblíunni:

„ Jesús sagði við þá: Minn matur er að gjöra vilja þess, sem sendi mig, og fullna verk hans. „ (Jóh 4:34)

Frá fyrstu tíð var það klárt, hreint og skírt hverjum Jesús þjónaði og hvers erindreki hann var og er. Boðskapur Jesús hefur gengið með kynslóðunum frá því að fyrstu lærisveinarnir hófu starfsemi á jörðinni undir merkjum kirkjunnar.

Og enn eru menn og konur að leysast frá syndinni og dragast inn í búðir Drottins þar sem fólkið lærir meira um hann og þau verk sem hann kom til að vinna til lausnar mannkyns. Guð yfirgaf engan þótt hann yrði að reka fólkið af svæðinu sem því í upphafi var ætlað að dvelja á. Vegna óhlýðninnar gerðist það og vegna sömu óhlýðni gerist ýmislegt hjá oss sem ekki er gott að verða fyrir. Og við bíðum tjón af. Andhverfa óhlýðni er hlýðni. Gildir fyrir einstaklinginn

Sannleikurinn er að hefði fallið ekki komið til væri öll kennsla um Guð óþörf og allt hefði verið opinbert og dýrð Drottins alltumlykjandi hverju mannsbarni sem fæddist og jafn sjálfsagt fyrir fólk að umgangast og þekkja Guð sinn og skapara og að draga að sér súrefni. Hvítvoðungurinn myndi þekkja Drottinn, barnið myndi þekkja hann, unglíngurinn einnig og fullorna fólkið sömuleiðis. Allt umhverfi mannsins væri þá baðað dýrð og ljóma Drottins og maðurinn bæri ekki skynbragð á annað. Hvorki synd né gott og illt. Bara Guð og ljóma hans og dýrð.

En svona er sagan því miður ekki skráð. Allt breyttist með falli mannsins.

Í dag gildir fyrir manninn að vera undir náð og miskunn Drottins. Rödd Guðs má ekki þagna og mun heldur ekki þagna. Drottinn á marga menn í þessari borg sem eru reiðubúnir til að halda merkjum hans á lofti og framganga með sinn sigurpálma í hönd. Sinn eigin vitnisburð. Maður sem þannig gengur fram í Jesús nafni hefur öðlast réttan skilning á lífinu og hví hann dvelur á þessari jörð og til hvers er ætlast af honum. Slíkur þegn er verndaður og varin á bak og brjóst fyrir vélabrögðum og stanslausum yfiringi Satans sem reynir að hremma og gleypa hvern sem hann getur. Náðin stendur honum til boða og gerist eins og áður fyrir trú mannsins á Jesús Kristi, eingetnum Syni Guðs.

Allir kristnir menn - og raunar allt fólk - vita að maðurinn dvelur um stutta stund á jörðinni og hverfur aftur ofan í moldina þar sem líkaminn umbreyttist í það efni sem hann var tekin af. Eða í mold.

En maðurinn er meira heldur en bara mold. Í honum búa meiri verðmæti heldur en efni sem tíminn getur eytt og gert að engu. Í manneskjunni er líka eilífð sem hún fær val um hvar hún ver. Hinn raunverulegi þú ert eilíf vera sem allaf mun verða til. Hugleiddu þetta. Og með svona þekkingu í farteskinu sjáum við að málið er orðið grafalvarlegt fyrir einstaklinginn sem hann ætti hiklaust að taka alvarlega og gera eitthvað með en hafa ekki í flimtingum jafnvel þótt skilningurinn sé ekki til staðar í augnblikinu.

Bræður og systur! Þetta er staðurinn sem ætti að getað vakið fólk og hrist svolítið upp í því og fengið það til að skoða tilganginn með veru sinni hér. Staðurinn sem nú blasir við gerir að verkum að staðfesta vor viðhelst og styrkir göngu vora með Kristi sem einn hefur vald yfir dauðanum og getur frelsað fólk frá pínu og kvöl dauðans og gefið eilíft líf með sér. Dauðinn er óvinurinn sem læddist inn í líf fólksins með djöfullegum blekkingum og vélarbrögðum og er alger andstæða við Jesús Krist sem ekkert nema líf, friður og fögnuður býr í. Og við tökum val og veljum að ganga áfram veginn sem við erum á. Og í gegnum súrt og sætt viðhelst angan. Ekkert annað lífvænlegt né betra er í boði.

Um tvo staði er að velja fyrir mannanna börn og bara tvo staði. Annar heitir Hel og hinn Himnaríki, bústaður Drottins. Í bústöðum Drottins deila allir öllu saman. Þar þrífast engir sjúkdómar, engir gerir náunganum mein og ekki þarf að læsa hýbýlum sínum vegna þess að í ríki Guðs verða engir þjófvar til sem brjótast inn og ræna og rupla. Þar ræður hreinleikinn ríkjum. Og það sem þá stendur eftir er fögnuður og kærleikur sem streymir frá háseti lifandi Guðs eins og vatn sem sífellt rennur framhjá tært, ferskt og hreint. Þangað er öllu fólki hvar í stétt sem er boðið að vera og njóta dýrðlegs fagnaðar daga og nætur.

Og svo hinn staðurinn.

Hann er dimmur, sóðalegur, sótugur. Þar á angistin heima. Brennisteinsfnykur er yfir öllu og ekkert getur þrífst í slíku umhverfi nema hryllileg eynd og hryllilegar minningar sem minna manninn á og hamra stöðugt á honum alla tíma þegar hann mætti Jesús en hafnaði sínu eigin hjálpræði og mat eigið líf ekki þess vert að deila því með Jesús og bræðrum og systur sem létu leiðast af Kristi og stefndu á staðin sem allt iðar af lífi í. Vildu ekki vera þátttakendur með þeim sem blésu í lúðra á meðan þeir enn dvöldu á jörðinni í því trúartrausti að lúðrablasturinn mætti verða til að vekja þó ekki væri nema einn syndara til iðrunar og afturhvarfs til lífsins og ljóssins sem í Kristi er. Blessað fólkið vildi þetta ekki fyrir sig og sitt líf heldur valdi að verja ævi sinni í hégómlegum hugsunum og í hégómlegum verkum og að þjóna sínu eigin holdi,

hatandi mann og annan og leggjandi steina í götu fólks vegna kannski öfundar. Allt hégómi. Allt hégómi. Hégómi sem samt náði að leiða manninn á stað sem aldrei var gerður fyrir fólk heldur Satan og ára hans og púka sem enn fara mikinn á jörðinni leiðandi hvern sem vera má í gildru með sömu gömlu lokkandi tilboðunum, vitandi sem er hvert leið blekktra mannanna á endanum liggur. Niður í dýpstu myrkur ásamt þeim sjálfum.

Gleðilegi boðskapurinn í þessu öllu er að enn er von. Enginn manneskja þarf að enda þarna. Henni er boðið að þiggja vist á hinum staðnum þar sem lífið er. Guð vill ekki horfa á eftir neinni manneskju ofan í þetta hyldýpi myrkurs, gráts og gnístran tanna. Jesús bíður eftir þér með útbreiddan faðminn bjóðandi þér að þiggja ókeypis gjöf sem er stærri en þú nokkurn tímann hefur eignast. Lífið sjálft.

Leið Drottins er að nota manninn sjálfan til að leggja net fyrir sig í mannheimum. Af þessu má ljóst vera að þótt það sé einstaklingur eða hópur kristinna manna og kvenna sem stíga fram til að boða öðru fólki lausnarverkið í þessu nafni er það samt ekki fólk sem slíkt sem starfar og vinnur heldur náðin og Andi Guðs sem í mannum býr. Þetta sameiginlega vinnur verkið og allt stýrt og stjórnað af honum sem glímdi við syndina og sigraði hana í eitt skiptir fyrir öll á krossinum og í upprisunni. Dýrð sé þér Jesús.

Staðreyndirnar tala sínu máli í nafninu Jesús og hið óhjálvæmilega gerist og menn verða vitni að undrum og táknum fyrir orð og hendur manna eða kvenna þótt fólk sem slíkt geti á engan hátt þakkað sér sjálfu verkið eða það sem gerdist á þessari eða hinni stundinni. Eina sem það raunverulega getur gert og ætti að gera er að horfa upp til himins og segja: „Takk Jesús“ - ef trúin er á réttum stað og allt virkar eðlilega og hver fruma líkamans lofar skapara sinn og Drottinn Jesús Krist. Og þetta má hún segja og ætti líka að segja á slíkum stórkostlegum stundum en jafnhliða þessu að vera sér meðvituð um hversu auðvelt er að falla í hroka og mikillæti undir slíkum aðstæðum og berja sér á brjóst og segja við sig sjálfan: „Merkileg/ur og mikil/l. „ Guð forði þjónum sínum frá því að lenda í svoleiðis afstöðu með sig sjálfan. En þarna á milli er örstutt bil sem best sést á því hve margir hafa dottið um sinn eigin hroka og jafnvel ekki náð að rísa aftur á fæturna.

Girnd, mikillæti og hroki bræður mínir og systur eru allt miskunnarlausir og gríðarlega harðir húsbændur sem engum sleppa fyrir heldur en í fulla hnefanna. Til að forðast þessar krumkur er bara ein leið. Og hún er að vísa girndinni og öðrum löstum út í hafsauga undireins og þetta lætur á sér kræla. Menn og konur sem velja að fara þessa leið hafa bægt í burtu frá sér miklu veseni og jafnvel mannorðshnekki. Fólk verður að læra að taka Guð og Orð hans alvarlega. Og því fyrir því betra:

„ Hann hefir ekki heldur séð sólina né þekkt hana, hann hefir meiri ró en hinn. Og þótt hann lifi tvenn þúsund ár, en njóti einskis fagnaðar, fer ekki allt sömu leiðina? Allt strit mannsins er fyrir munn hans, og þó seðst girndin aldrei. Því að hvaða yfirburði hefir spekingurinn fram yfir heimskingjann? hvaða yfirburði hinn snauði, er kann að ganga frammi fyrir þeim sem lifa? „ (Préd 6:5-8)

Málið með girnd, sem festir sig við manninn og byrjar að stjórna honum og stýra, er að hún sleppir ekki taki sínu og heldur áfram að fást við manninn og maðurinn flækist æ meira í sinni girnd. Girndin er óskapleg og eina leiðin til að þurfa ekki að glíma sína glímu þarna er eins og áður segir að bæga henni frá í hvert sinn sem hún kemur og vera fljótur að. Takið eftir því. Girnd er ekki bara eitthvað eitt. Hún hefur ýmsar birtingarmyndir og kemur til mannsins í ýmsu formi. Girndin er atkvæðamikil á kynferðislega sviðinu en er líka skæð á mörgum

öðrum sviðum. Girnd á við um hvaðeina sem nær tökum á manninum og heldur honum fönnum: „**og þó seðst girndin aldrei.** „ - Þetta er mikilvægt fyrri manninn að vita um.

En hann hefur leið framhjá þessu í Orði Guðs. Orðið eitt gefur honum styrk til að standast. Ljóst er að menn sem féllu í freistni beittu ekki þessu vopni fyrir sig. Þeir hefðu þá staðist sína freistingu. Girndin hefur sínar afleiðingar og oftast nær í neikvæðar. Ekki halda í eina sekúndu að eitthvað annað gildi fyrir þig, nú eða mig á stund freistingarinnar.

Þjónn Guðs læri að taka hlutverk sitt alvarlega og breyti um stefnu sé hún orðin skökk og viti að því fyrir sem hann áttar sig því betra.

Munum! Mörgum og kannski flestum vandræðum má afstýra með því að afgreiða þau út af borðinu sem allra fyrst og þiggja Guðleg ráð og ráðleggingar. Allt sem maðurinn aðhefst byrjar sem hugsun í höfðinu. Tíminn á milli hugsunar og framkvæmda sker úr um vandræði eða velsæld sé hugsunin af neikvæðum og háskalegum toga. Allir vita að margar hugsanir mannsins eru ekki beint Guðlegar og bendir hiklaust á veikleika holdsins en styrk Andans sem í manni býr sem er endurfæddur og hann getur leitað til á stundum girndar og freistinga:

„ Þetta segi ég þá og vitna í nafni Drottins: Þér megið ekki frammar hegða yður eins og heiðingjarnir hegða sér. Hugsun þeirra er allslaus, skilningur þeirra blindaður og þeir eru fjarlægir lífi Guðs vegna vanþekkingarinnar, sem þeir lifa í, og síns harða hjarta. Þeir eru tilfinningalausir og hafa ofurselt sig lostalífi, svo að þeir fremja alls konar siðleysi af græðgi. En svo hafið þér ekki lært að þekkja Krist. „ (Efe 4:17-20)

Þjónn Guðs virði Orðið og geri að sínu. Og kraftur Heilags Anda sér um sitt hlutverk í manninum. Leiðin með Heilögum Anda getur ekki annað en endað vel. Enda af Guði gefinn og inn í þeirri áætlun sem hann er með uppi á sínum borðum.

Til að gulltryggja sig þarna er auðmýktin nauðsýnleg. Auðmýktin heldur manninum við jörðina og gerir hann jarðfastan og rótfastan. Þótt Guð noti menn misjafnlega og marga á stórkostlegan hátt (gerir það reyndar við allt fólk) eru þeir sem halda út árum saman og standa af sér alla storma, ennþá að vegna eigin trúar og trausts á hinn upprisna Jesús Krist og meta sig á engan hátt meiri en aðra menn, og heldur ekkert minna, í sjálfu sér. Þeir eru sér meðvitaðir um að vera bara venjulegt fólk sem eins og annað fólk þurfa daglega á náð og miskunn Drottins að halda í hverju verki sem þeir taka sér fyrir hendur. Að hugsa í einhverju öðruvísi er einfaldlega vísir að rangri beygju með sínum í flestum tilvikum slæmu afleiðingum fyrir manninn.

Tökum á með Drottni og réttum af kúrsinn sé hann rangur. Þjónum Drottni af heilu og hreinu hjarta og vitum að óvinurinn fer mikinn í dag. En í Jesús mun aðför hans ekki ná til okkar. Leifum Guði að vera Guð. Verum sjálf auðmjúkir þjónar sem beygjum okkur fyrir vilja hans. Það er vilji Drottins með vort líf. Amen.

Hví hættir fólk að mæta í kirkjuna?

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Stundum gerir maður sér það að leik og til dundurs að kíkja inn á heimasíður kirknanna og skoða hvað þar er í boði og hvað um sé að vera í þessum kirkjum. Stundum er þetta gert til að afla sér fréttu. Stundum ræður einskær forvitni för. Heimasíðurnar eru gagnlegar og þar má og finna upplýsingar um viðkomandi kirkju.

Flestar þessara heimasíðna bjóða upp á myndir af safnaðarmeðlimum í leik og starfi. Og þar sem maður hefur verið lengi viðloðandi kirkjuna fer ekki hjá því að kannast sé við sum andlitanna sem birtast á þessum myndum.

Stundum eru þessar myndir hlutlausar og hafa engin áhrif, stundum vekja þær gleði og ljúfar minningar og stundum líka söknuð. Söknuð þegar maður sér kannski manneskju sem hefur ekki komið árum saman í kirkjuna sína og maður hefur enga hugmynd um hvar er niðurkominn og var í raun búin að gleyma en mundi allt í einu eftir vegna myndarinnar sem blasti við. Þá rifjaðist upp að þessi tiltekna manneskja var eitt sinn með okkur og jafnvel virk og lifandi í kirkjunni. Manneskja sem fór út á göturnar með fagnaðarerindið og tók að fullu þátt í prógramminu en er nú hætt og sést ekki lengur.

Hvað gerist hjá fólki sem söðlar svona um og sest - kannski ekki í helgan stein en hefst alltént ekki að líkt og áður? Hví yfirgaf maðurinn samfélagið sem honum virtist líka svo vel í og vera glaður með að tilheyra? Er hann farinn úr landi? Hvað er hann að hugsa og pæla? Er Kristur í honum jafn mikils virði nú og var þá? Hefur trúin dofnað og er kannski við að sofna, jafnvel svefninum langa? Hvar er hann niðurkominn í dag? Kemur mér þetta máski ekkert við?:

„ Þá sagði Drottinn við Kain: Hvar er Abel bróðir þinn? En hann mælti: Það veit ég ekki. Á ég að gæta bróður míns? Og Drottinn sagði: Hvað hefir þú gjört? Heyr, blóð bróður þíns hrópar til mín af jörðinni! „ (1Mós 4:9-10)

Flestir menn eru á staðnum hans Kain segjandi sem svo. „ Á ég að gæta hans eða hennar? Getur hann eða hún bara ekki gætt sín sjálf? Hver gætir mín? „

Við vitum að Kain var morðingi og þótt hann sé nefndur til sögunar er samt ekki verið að fjalla um morðingja þótt menn heykist á að gæta hvors annars. Þótt í strangasta skilningi orðsins og í sumum tilvika mætti nota þá skilgreiningu. Til að mynda er bróðir eða systir deyr andlegum dauða vegna vanrækslu annarra í kring sem ekki gættu stöðu sinnar og létu reka á reiðanum í einhverju meðvitundarleysi þótt ljóst mætti vera í hvað stefndi hjá viðkomandi einstaklingi. Þetta fólk var aldrei aðvarað en sigldi þó sofandi að feigðarósi. En vitaskuld verður ábyrgðin aldrei færð af eigin herðum yfir á annarra herðar. Slíkt er útilokað. Manneskjan er auðvitað sinn eigin gæfusmiður þó ljóst sé að saman og í samfélaginu má hindra margt misjafnt og að tjón verði. Hitt er svo annað mál hvernig einstaklingurinn tekur áminningunni og er hluti af þessari umræðu um hví menn fara og koma ekki aftur. Oftast nær liggur ábyrgðin hjá viðkomandi einstaklingi og engum öðrum. Sem er mikilvægt að hugleiða í þessu samhengi.

Þetta breytir þó ekki hinu að því fylgir ábyrgð að vera kristinn manneskja. Menn læri því að gæta orða sinna, þessu skaðræði sem svo erfitt er að hemja og stjórna. Jesús dó nefnilega fyrir fólk. Jesús vill gæta fólks. Jesús sendir lifandi fólk inn í sínar raðir þar sem raunverulega hver

hlúir að öðrum samkvæmt vilja Drottins: „**Hvar er Abel bróðir þinn?** „ – sagði Drottinn við Kain og við vitum hvaða svar hann gaf honum og hvers vegna hann gaf honum sitt svar: „**Og Drottinn sagði: Hvað hefir þú gjört? Heyr, blóð bróður þíns hrópar til mín af jörðinni!** „

Maður sem sést ekki lengi í söfnuðinum gerir að verkum að eðlilegt hlýtur að teljast að menn, einhverjir, einhvertímenn, spyrjist fyrir um viðkomandi til að alltént vita hvað af honum varð. Ekki til að forvitnast um manninn né hagi hans eða hlutast til um þær ákvarðanir sem hann valdi að taka fyrir sig heldur til að framganga í kærleika Krists sem vill að við hlúum hvert að öðru í því trúartrausti að viðkomandi er barn Guðs sem hann á sínum tíma dró yfir línuna og til sín. Jesús á þennan mann eða þessa konu. En suma missir hann aftur frá sér og jafnvel yfir til óvinarins og á vit glötunarinnar. Til sinnar gömlu spýju. Erfitt er samt að fullyrða neitt um slíkt. Engin veit hvenær maðurinn biður til Drottins og hrópar sínu neyðarhrópi til hans og hvenær ekki. En sigrandi lífi lifir engin kristinn þegn á þessari jörð sem slítur sig frá systkinum sínum og söfnuðinum og byrjar að gæla um of við heiminn og fönbra við sitt gamla eðli, langanir og girndir.

Hvernig sem menn vilja afgreiða málið er sannleikurinn sá að safnaðarfyrirkomulagið sem við lifum við á þessari jörð er gefið af Drottni til að menn fái styrkst og eflst í sinni trú. Þetta er Guðlegt og fullkomið skipulag í sjálfu sér fyrir fólk til að lifa við. Allir söfnuðir sem halda hinu Biblíulega skipulagi hjá sér og lifa og starfa samkvæmt vilja Drottins eru með boðlegt starf handa hjörð Drottins. Þar innandyra fær maðurinn allt sem starfið á að veita samkvæmt vilja Jesús til næra sig á. Að fara út og loka dyrum á eftir sér hugsandi sem svo að koma þangað aldrei aftur er ekki frá Drottni komið heldur eigin ákvörðun einstaklingsins. Og Guð í kærleika sínum og orðheldni leifir þetta og horfir grátandi á manninn taka sína ákvörðun og sér er hann gengur þungbúinn út og svo áfram inn í sitt myrkur vitandi sem er hans biða margir erfiðir og langvinnir dökkir dalir sem hann verður einsamall að brjótast um í og berjast þar um á hæl og hnakka í stað þess að njóta stuðnings samfélagsins sem hann var kallaður til að tilheyra sjálfum sér til styrkingar og hvatningar á sínum erfiðu stundum sem alltaf koma og allir menn og sérhver kona lenda í og þurfa að glíma við. En hann vildi þetta ekki og fór.

Í og með gerist þetta af þeirri ástæðu að menn settust ekki fyrst niður og reiknuðu út hvort þeir gætu lokið við turninn sem þeir hygðust byggja og hófu bygginguna í miklum eldi og af gríðarlegum áhuga og ótrúlegri elju til að byrja með en luku þó ekki við. Úthaldið var ekki nægilegt til að klára dæmið þegar á reyndi. Og turninn þarna er vor eigin trú og gangan með Jesús.

Samfélagið er málið og góður staður til að deila gleði sinni og sigrum með systkinum sem um leið hljóta blessun og mikla uppörvun af. Staðreyndin talar sínu máli. Samfélagið og kirkjan er staðurinn sem okkur er ætlað að hittast á og eiga samfélag í samkvæmt skipulagi Drottins Jesús Krists. Móðgun, tilfinningarrót, neikvæðar hugsanir, bylgjur og þankar koma þessu skipulagi ekkert við og eitthvað sem Jesús sjálfur þarf og vill eiga við í hverjum einstaklingi fyrir sig til að lækna.

Stundum heyrir maður um að menn sem koma á stund og segjast ekki finna fyrir Heilögum Anda inni og hugleiða jafnvel með sjálfum sér hvort þetta sé lengur staðurinn sem þeir eigi að vera á. Og þeir fyllast vantrú en gleyma um leið að sjálfir eru þeir fylltir Heilögum Anda og að Andi Guðs kom þá inn með þeim. Og því þá ekki að leita Guðs á staðnum í bæn, já hljóðri bæn í þeirri trú að Drottin mun bæta úr og fylla húsið með nærveru sinni. Stundum þarf hann bara að heyra í einhverjum sem hrópar frá hjarta sínu til að allt umhverfið breytist og lifni. Við sjáum að ýmsir þankar eru í mannshjartanu sem hann bregst ekki ævinlega rétt

við með sínum neikvæðu afleiðingum. Og manneskjan hverfur burt úr skjólinu sem Drottinn vildi setja utan um líf hennar.

Ljóst er að þótt menn yfirgefi söfnuð sinn hefur það ekkert með forstöðumanninn að gera, ekkert með fyrirkomulagið innan safnaðarins að gera, lofgjörðina eða annað innandyrna. Maðurinn sjálfur og afstaða hans sem stundum er bundin af þrjósku og óhlýðni vill í raun og veru ekki beygja sig undir skipulag Drottins og er vandinn sem oftast nær er við að glíma er slík mál bera að:

„ Af hverju koma stríð og af hverju sennur meðal yðar? Af hverju öðru en girndum yðar, sem heyja stríð í limum yðar? Þér girnist og fáíð ekki, þér drepið og öfunduð og getið þó ekki öðlast. Þér berjist og stríðið. Þér eigið ekki, af því að þér biðjið ekki. Þér biðjið og öðlist ekki af því að þér biðjið illa, þér viljið sóa því í munaði! Þér ótrúu, vitið þér ekki, að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem því vill vera vinur heimsins, hann gjörir sig að óvini Guðs." (Jak 4:1-4)

Hér erum við komnir á stað sem oft veldur því að menn hætta að koma. Hér gerist eitthvað það í honum að ofsaleg barátta fer í gang við sjálfið. Sjálfsglíman er oftast en ekki orsökina að öðrum þáttum í lífi fólks og gerir að verkum að teknar eru rangar beygjur. Og fólk velur að yfirgefa sitt samfélag gleymandi því að málið snýst ekki um menn, hold og blóð heldur að trúna því að það sem Drottinn gerir sé viðkomandi einstaklingi til heilla og blessunar. Og við vitum að fái Jesús að ráða þá leiðir hann sitt fólk í þetta eða hitt samfélagið og þar mun því líða vel innanum sína líka. Þar dvelur hann innanum fólk með svipaðar hugmyndir og hann sjálfur. Málið er að læra að gera gott úr öllu saman og standa og þrauka og sína þolinmæði á stund sem krefst þolinmæði. Ekkert mál er að sýna þolinmæði og umburðarlyndi á stund gleðinnar standandi á hæsta punkti. Öðru máli gegnir þegar dökkar á dalnum og róður allur þyngist. Og hvers vegna þyngdist hann? Biblían hefur svarið sem því miður á svo oft við um manninn:

„ Af hverju koma stríð og af hverju sennur meðal yðar? Af hverju öðru en girndum yðar, sem heyja stríð í limum yðar? „ (Jakobsbréf)

Menn byrja að þrátta um keisarans skegg og hvort keisarinn var í fötum eða ekki og um aðferðarfræði og önnur lítið sigld mál. Biblían er með svarið og allar leiðbeiningar sem menn geta flett upp á og kynnt sér sjálfir og hver fyrir sig gengið út á en samt verið í takt við aðra innan raða samfélagsins. Biblían er bókin sem mönnum er gefið til að sameinast um. Að gera þetta og keppa eftir þessu heitir með öðrum orðum að deyja sjálfum sér og rísa upp í Jesús nafni. Gildir fyrir einstaklinginn.

Að menn hverfi úr samfélaginu geta legið margar ástæður og sumar eðlilegar. Biblían segir sjálf að framar beri að hlýða Guði en mönnum. Í sumum tilvikum talar Guð beint til manna og þeir færa sig á milli kirkna og ekkert í sjálfu sér um það mál að segja. Þeir þurfa ekki að bera sína ákvörðun undir neinn aðila kjósi þeir sjálfir að gera það ekki. En mega það vitaskuld, velji þeir það. Aðalatriðið er að allt sé rétt gert og maðurinn réttur frami fyrir Guði. Eini sem á manninn er auðvitað Kristur og engin annar. Það var jú Kristur sem dó til að maðurinn mætti lifa. Maðurinn er því í skuld við Krist um þjónustu engan mann né heldur kirkjudeild í sjálfu sér. Söfnuðurinn veit ekki alltaf af þessum breytingum þó málið sem slíkt sé fullkomlega eðlilegt og eigi sér góðar og gildar skíringar. Þetta fólk getur maður svo hitt á samkomum sem margir koma saman á og úr hinum ýmsu kirkjudeildum, sem alltaf er ánægjulegt. Eins og

gerðist í Bænagöngunni sem fór fram 11 nóvember 2007 í Reykjavík og svo aftur í Laugardalshöllinni um kvöldið. Ekki verið að tala um þetta fólk.

Það er hins vegar hinir sem fara og engin veit hvar eru niðurkomnir né heldur hvar þeir standa í sínu trúarlífi og hvort trúin í hjartanu sé dauð og tröllum gefin eða hvort enn sé einhver lítilsháttar lífsneisti eftir í hjartatetrinu sem blása má í og freista þess að kveikja svolíttinn eld og gefa síðan Drottni viðkomandi einstakling sem hefur alla burði til að umbreyta þessum agnarlitla neista í mikið bál sem víða fer og kveikir elda trúar hér og þar í mannheimum. Þetta fólk er umfjöllunarefni pistilsins og það sem vaknaði hjá höfundu eftir að hafa flett í gegnum nokkra myndir og séð þá sem ekki höfðu sést lengi. Það er svo mikilvægt að við gætum svolítið bróðir okkar og systur og spyrjumst fyrir um fólk þegar það hættir að sjást og umfram allt að biðja fyrir því til að trúarbænin veki það og hreyfi svo við því að löngunin kvikni á nýjan leik í hjartanu og gefi þessu fólk vilja til að koma og lofa Drottin og upplifa á nýjan leik hversu heitt Drottinn elskar sínar manneskjur.

Elska Drottins er til staðar. Elska Drottins fór aldrei neitt. Hún var um kyrrt þar sem hún ávallt var og líka er og verður áfram. Drottinn breytir sér ekkert en maðurinn gerir það hins vegar í sínum stormviðrum hjartans tendruð og nærð af móðgun og öðrum þáttum sem hafa tilhneigingu til að slá ryki í augu fólks og það tekur rangt á aðstæðum með sínum stundum afleita eftirleik. Maðurinn, einstaklingurinn, er auðsjáanlega vandamálið þarna. Hann er sem kunnugt er ástæðan fyrir því að Jesús gekk sinn veg og lauk lífi sínu á krossinum og endurheimti það aftur í upprisunni þremur dögum síðar. Allt vegna breyskleika mannsins gekk Jesús í gegnum sitt. En togstreitan heldur áfram í mannum hörð, grimm, miskunnarlaus, óvæginn, og ótrúlega heimskuleg.

Hégómi og bábilja var það sem gerðist í grunninn. Eitthvað fór á anna veg en til var ætlast og hinn móðgaðist og hljóp út í stað þess að horfa til Krists sem vill kenna honum að fólk er breyskt en hann sjálfur (Jesús) traustur og verður eftirfylgdur og fullkomlega öruggur. Jesús vill kenna manneskjunni að fólk sé eins og hún sjálf er og reynandi að gera sitt besta en tekst verkið misjafnlega og kannski sjaldnast eins og það sjálft vildi. Og hið mikilvægasta í málinu öllu er að Kristur þráir að fá sannfært manninn um að samfélagið sé af Kristi gefið og fyrir hann persónulega til að hann geti hitt sína líka og uppbyggst með öðrum sem eiga sömu trú, fylltir sama Heilaga Anda sem þeir eiga privat í sínu hjarta.

Með öðrum orðum þegar menn ákveða að fara er ástæðan yfirleitt léttvæg og samanstendur af særindum, móðgunum og öðrum þáttum sem engin flótti fær læknað. Munum til að yfirgefa sitt samfélag þarf ærna ástæðu til. En hví skildu menn vilja fara úr góðu samfélag þar sem rétt og öflug kennsla er fram borinn í og umhverfið og móttökur jákvæðar og hlýjar? Menn hlaupa út einfaldlega fyrir þær akir að þeim bar ekki gæfa til að líta til Krists vitandi um þann sannleika að fólk í söfnuðinum er bara eins og það er. Þó menn vitaskuld eigi og megi vel vænta blessunar af systkinum sínum skyldu þeir samt ekki bregðast ókvæða við þó hún komi ekki. Fyrir venjulegan safnaðarmeðlim er það Jesús sem skiptir öllu máli. Persónulegt samfélag við hann lyftir mannum upp í sínar hæðir.

Hvers vegna haldið þið að Jesús leggi ofuráherslu á kærleikann í sínum röðum og að menn elski hverjir aðra? Þessi skipun kemur vegna breyskleikans sem býr í hverjum manni og hversu gjarn hann er á að meta kringumstæður sínar ranglega.

Þetta vill segja að við getum búist við allskonar móttökum og jafnvel pústrum frá systkinum okkar einfaldlega vegna þess að hver þarf að glíma sína eigin glímu og margir koma úr

hryssingslegu umhverfi og þurfa í ofanálag að sæta háðsyrðum og öðrum þáttum vegna trúar sinnar. Sumir meðlimir safnaðarins eru sligaðir af áhyggjum, vegna fjármála, vegna unglinga sem eru farin að fíkta við fíkniefni eða grunur leikur á slíku, vegna ótrausts hjónabands, vegna hins og vegna þessa. Engin getur nákvæmlega vitað hvað ein manneskjan gengur í gegnum. Sumt sem hún upplifir veldur henni þyngri þönkum heldur en annað. Álagið er mikið. Manneskjan er við að sligast. Svefninn er ónógur og sömuleiðis hvíldin sem nætursvefninn átti að veita henni. Stutt er í rifrildi og þras og kveikiþráðurinn stuttur. Einstaklingurinn kann ekki enn að bregðast við vandanum með réttum hætti og í kærleika Krists. Og maður í slíku ásigkomulagi er ekki alltaf uppörvandi. Af svona fólki í bland við lengra komna samanstendur söfnuður Guðs. En samt er þetta fyrirkomulagið sem Jesús er með á jörðinni handa fólki sem hann endurfæðir og velur að láta dvelja hjá sér. Allt sem Drottinn gerir er fullkomið. Eina sem við þurfum er að játa og trú. Játa og trú. Það er allt sem þarf:

„ Bræður mínir, ef einhver meðal yðar villist frá sannleikanum og einhver snýr honum aftur, þá viti hann, að hver sem snýr syndara frá villu vegar hans mun frelsa sálu hans frá dauða og hylja fjölda synda. „ (Jak 5:19-20)

Alveg er sama hvernig við horfum á og skoðum málið. Niðurstaðan fyrir kristinn mann getur aldrei verið önnur en sú að horfa til Jesús og vænta alls af honum en minna af fólkinu. Ef menn gerðu sér fyrr grein fyrir þessum sannleika má vel gera ráð fyrir að fleiri ílengdust og yxu í Jesús nafni og þar sem þeim er ætlaður staður:

„ Það sem sáð var í grýtta jörð, merkir þann, sem tekur orðinu með fögnuði, um leið og hann heyrir það, en hefur enga rótfestu. Hann er hvikull, og er þrenging verður eða ofsókn vegna orðsins, bregst hann þegar.

Það er sáð var meðal þyrna, merkir þann, sem heyrir orðið, en áhyggjur heimsins og tál auðæfanna kefja orðið, svo það ber engan ávöxt.

En það er sáð var í góða jörð, merkir þann, sem heyrir orðið og skilur það. Hann er sá, sem ber ávöxt og gefur af sér hundraðfalt, sextugfalt eða þrítugfalt. „ (Matt 13:20-23)

Bræður og systur! Látum segjast og lærum okkar lexíu sem hraðast og vitum að söfnuðurinn okkar er hann sem Kristur vill að við tilheyrum. Engin kemur inn fyrir dyrnar af tóMRI tilviljun heldur er hann þar sem hann er samkvæmt ráðsályktun Drottins.

Innréttingin sé úr réttu efni.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Þegar manneskja gengur Jesús á hönd gerist margt. Óskaplegar hamfarir geta orðið í hjartatetrinu þegar Jesú stormar inn með allan sinn englaher. Þetta er ekki furða með það til hliðsjónar að Jesús tekst á við það sem fyrir er og kastar því út sem er dautt og rotnandi og lífgar við það sem er við að deyja en á að lifa. Satan, hafi hann verið til staðar, fer fyrstur út og með honum illu andarnir sem honum fylgja. Og bara það kallar á átök. Satan sleppir engu fyrr en í fulla hnefanna þó hann viti að andspænis Jesús er leikurinn fyrirfram tapaður. En forherðingin og illskan er slík að út yfir allt tekur. Þegar Jesús svo sér undir yljár honum snýr hann sér að hinu sem eftir er. Tiltektin heldur áfram uns húsið allt er sópað og prýtt og tilbúið til að taka við nýju innréttingunni og gersemunum sem þar eiga framvegis að vera.

Nýja innréttingin er gerð úr ákveðnu efni en ekki hverju sem er. Skápar, hillur og skúffur, allt úr gæðaeefni. Málið er að ná ákveðinni áferð og fegurð með miklu notagildi og styrk. Til að slíkt yfirleitt geti gerst þá dugar ekkert fúsk eða fúinn viður. Þvert á móti er allt sett í hæsta verðflokk og unnið út frá honum. Í nýju innréttinguna er ekkert sparað. Allt skal virka eins og til er ætlast. Nýi herrann ætlar sér stórt hlutverk með þann sem hann settist að í og gaf sinn Heilaga Anda sem framvegis mun vera með honum í hverju sem viðkomandi tekur sér fyrir hendur til að verk gerist og klárast.

Maður sem Drottinn endurfæðir endurfæðist vegna þess að Jesús sér í honum verðmæti. Og þegar maður er þannig gripinn úr greipum sjálfs dauðans og færður yfir til lífsins dugir ekkert minna heldur en það besta sem völ er á. Skartklæði til að klæða manninn í og dýrindis hringur á fingur hans. Alikálfurinn einn er nógu góður til að matreiða úr undir slíkum kringumstæðum. Ástæða er til veisluhalda og að safna öllum sínum heimamönnum saman til að gleðjast og fagna. Þannig sér Drottinn endurfæddan mann og svona ættum við einnig að vilja biðja til að fá séð manninn og stórkostlegan atburðinn með réttum augum. Og Drottinn heyrir bænir sýn okkar breytist og við förum að horfa á fólk sömu augum og Drottinn. Allt fætt og framborið af kærleika Drottins sem stígur skrefin með mannum:

„ Þegar óhreinn andi fer út af manni, reikar hann um eyðihrjóstur og leitar hælís, en finnur ekki. Þá segir hann: Ég vil hverfa aftur í hús mitt, þaðan sem ég fór. Og er hann kemur og finnur það tóm, sópað og prýtt, fer hann og tekur með sér sjö aðra anda sér verri, og þeir fara inn og setjast þar að, og verður svo hlutur þess manns verri eftir en áður. Eins mun fara fyrir þessari vondu kynslóð. „ (Matt 12:43-45)

Búið er að fínþússa býlið en ennþá er það tóm þótt sópað sé og prýtt.

Hér stendur maðurinn frami fyrir gríðarlega mikilvægu atriði til að gamli eigandinn, sem var ekkert annað en þjófur og ræningi og versta illmenni, takist ekki að yfirtaka bygginguna og flytjast inn í hana á nýjan leik með öflugri vörð með sér en áður var. Meiningin með miskunnarlausri innrásinni í annað sinn er að halda bústaðnum og gefa hvergi eftir. Sem og er ástæðan fyrir að hann tekur með sér sjö anda sér verri. Sá einyngði hefur ýmsar leiðir sem ómögulegt er fyrir manninn að sjá við né standa gegn í eigin mætti.

Nú er mikilvægt að gera það sem er rétt og vita að vágesturinn mun koma. Drottinn er með lausnina. Hann gaf mannum sitt Orð. Og Orðið, komið í hjartað, hindrar óvininn í að komast inn. Þegar hann læðist að glugganum og kíkir inn til að skoða aðstæður, og andarnir sjö honum verri eru allt umhverfis hann froðufellandi af græðgi og illsku, sér hann ekki lengur tóm hús, sópað og prýtt heldur hús sem búið er að verja með öllum hugsanlegum hætti. Hvert sem litið er sér hann öflugar og ógnvænlegar varnir. Allar leiðir eru honum lokaðar og rammgirtar og hann algerlega útilokaður frá sínum fyrri íverustað sem hann aldrei var velkominn í en húkti samt á eins og hundur á sínu roði og vann hvert spellvikrið eftir annað í mannum. Nú hins vegar kveður við annan tón og varnir svo miklar að hann sér sæng sína uppreidda og vonlaust verk að eiga meira við að svo stöddu og neyðist til að snúa við og fara sömu leið og hann kom með.

Maðurinn brást rétt við sinni frelsun og o gerði vilja Guðs og sökkta sér í Orðið og las og las og las svo eilítið meira. Og smá saman fylltist hjartað hreinlega Orði Guðs. Varð barmafullt að jafnvel flóði út af.

Maðurinn er búinn að sigra sinn fyrsta sigur við andaverur vonskunnar í himingeimnum. Orð Guðs er varnirnar og efniviðurinn sem nota á í nýju innréttunguna sem nefnd er til sögunnar með útkomu sem vel má kalla gæði og ennþá meiri gæði. Maðurinn tók sér Biblíu í hönd og las sjálfur Orðin sem þar eru skráð. Hann tók sína stöðu og uppgötvaði mikilvægi Orðsins fyrir sig sjálfan. Eflaust gerir hann sér ekki grein fyrir gríðarlegu mikilvægi Orðsins á þessu augnbliki. Til þess er hann ef til vill of ungur í sinni trú. En síðar, er hann byrjar að sveiflast til hægri og vinstri og finnst hann sjálfur vera við að brotna í sundur, mun gagnsemin og skilningurinn við fyrstu viðbrögðum sínum og miklum lestri og áhuga á öllu sem er Guðs uppljúkast og fæða af sér gríðarlegt þakklæti til herrans á himnum sem kom og gaf ráð og gerði að verkum að hann stendur ennþá kannski tuttugu árum síðar.

Gríðarlega mikilvægt er fyrir alla menn að leifa Drottni að hefjast handa og starfa á þeim hraða sem hann vill. Öll hindrun af mannsins hálfu er honum tjón og tefur að varnirnar verði fullgerðar og komist í full not.

En allt byrjaði þetta á byrjuninni eins og annað sem við lendum í. Allt hefur sinn tíma og allt hefur og sitt upphaf. Maðurinn heyrði Orð Guðs og eitthvað í hjarta hans varð snert og hjól innra með honum hófu að snúast. Hugsunin um það sem maðurinn heyrði heldur áfram á þeim hraða sem Drottin sjálfur vill hafa hana á. Tíminn frá þessum stað yfir til endurlausnarinnar er misjafn hjá mannum og einstaklingsbundinn. En allt ber að sama brunni og hefur sama markmið og stefnir í sömu átt. Til ríkis Guðs á himnum.

Eftir að búið er að snerta manneskjuna með Orðinu hefur Drottinn raunverulega eignað sér hana þó henni hafi ekki en verið fyrirgefnar syndirnar og hún sjálf á sama stað þannig séð og áður, með svipaðan talsmáta og hugsanlega einnig vond verk. Á þessum stað hefur ekkert það breyst í manneskjunni sem fær hana til að lyfta upp nafni Jesús. Hún þekkir hann enda ekki með réttum hætti og getur það heldur ekki og leiðir ekki hugann að honum frekar en áður. Eina breytingin sem orðin er er þessi nærfærna snerting sem hún varð fyrir og getur ekki þrætt fyrir að átti sér stað.

Ennþá gerir hún sér ekki grein fyrir hvort þetta sé gott eða vont fyrir sig. En samt eitthvað sem hún heldur í og vill varðveita. Skilyrðin eru enn ekki til staðar til að meta ástand sitt með réttum hætti. Manneskjan er enda ennþá í mótun og byggingu. En Drottinn er til staðar og hann vinnur sitt verk leynt eða ljóst. Orð Guðs fer ekki tóm til baka. Slíkt er útilokað vegna þess að svona talar sjálfur skaparinn um sitt Orð:

„ Því eins og regn og snjór fellur af himni ofan og hverfur eigi þangað aftur, fyrr en það hefir vökvað jörðina, gjört hana frjósama og gróandi og gefið sáðmanninum sæði og brauð þeim er eta, eins er því farið með mitt orð, það er útgengur af mínum munn: Það hverfur ekki aftur til mín við svo búið, eigi fyrr en það hefir framkvæmt það, sem mér vel líkar, og komið því til vegar, er ég fól því að framkvæma. „ (Jes 55:10-11)

Maðurinn er ennþá ekki orðin frjáls og veit jafn lítið og áður um verk Guðs og sér ekki dýrð Drottins með sama hæti og endurfæddur maður gerir. Setningin sem lesin var eða töluð yfir manneskjuna og tók sér bólfestu í hjarta hennar vinnur sitt verk. Orðið undirbýr hjartað til að meðtaka stóru bombuna sem kemur með komu Jesús og englaherskara hans. Orðið vinnur sitt verk. Slítur upp þræði og losar um hluti sem geta ekki búið þar eftir að nýi herrann er mættur. Ennþá er allt við sama og maðurinn hegðar sér eins og áður. Enn bölvur hann jafn mikið og hann hefur alltaf gert. Les enn sömu jafnvel sóðalegu bókmenntirnar og framber svipað Guðlast í orðum og jafnvel verki og nærir hjartað á samskonar sora og áður. Líður jafn illa og

áður og skilur ekki ævinlega hvers vegna honum líður svona illa. Læðir sér á klámsíðurnar en þykist samt vera að lesa Moggann, eins og áður. Ekkert hefur breyst. En Orðið, setningin úr Biblíuna starfar. Það undirbýr frelsun mannsins og tekur sér allan þann tíma sem þarf til að svo megi verða. Æ fleiri rætur losna og æ fleiri hlutir eru lausir og bíða eftir að verða kastað út. Yfir verkinu trónir sjálfur Drottinn drottna og Konungur konunga sem veit nákvæmlega hvenær rétta stundin er til að stíga fram og hirða sitt sem rænt var frá honum vegna frjálssa vilja mannsins sem tekur ekki ævinlega réttar beygjur í sínu lífi.

Orðið heldur sínu striki og starfar í hjarta manneskjunnar. Sumt sem losnar hefur fylgt manninum frá fæðingu en átti þar samt aldrei heima. Enda komið þar fyrir af óvininum. En festan, haldið, er ekki hið sama og fyrrum og þetta sveiflast um í hjartanu en krafturinn að mestu horfinn. Maðurinn verður ekki sjálfur var við neinar breytingar á sér. Tekur ekki einu sinni eftir því að oftast liggur vel á honum en áður. Hann er oftast jákvæður en áður og jafnvel brosir meira en áður. Ekki heldur eftir því að hann sé að mestu hættur að horfa á sumar af þeim bíómyndum sem hrifu hans svo mjög og vöktu honum spenning, hrylling, nærðu girnd hans eða hvað þetta allt heitir sem óvandaðar bíómyndir kveikja hjá fólki með allar varnir niðri og lætur mata sig á hverju sem er án aðfinnslna.

Ennþá veit hann jafn lítil skil á frelsaranum sínum og fyrr. Hans tími er enn ekki kominn þótt undirbúningur að frelsuninni sé í fullum gangi innra með honum sjálfum og hörð vinna eigi sér stað í hinu ósýnilega sem talar og mælir með honum inn í andans heim:

„Þessi er Guðs. Jesús Kristur dó fyrir þennan mann og Jesús ætlar að lauga hann í blóði sínu og hreinsa hann af allri synd „ – er hrópið sem berst inn í andans heim þar sem allt myrkríð býr. Mikil vinna á sér stað sem maðurinn hefur enga hugmynd um. Eina sem hann mann og veit um eru þessi Orð sem bróðir eða systur lásu yfir honum fyrir fáum eða mörgum dögum, vikum eða mánuðum. Og árum. Til dæmis þessi Orð:

„ Heyr, einhver segir: Kalla þú! Og ég svara: Hvað skal ég kalla? Allt hold er gras og allur yndisleikur þess sem blóm vallarins. Grasið visnar, blómin fölna, þegar Drottinn andar á þau. Sannlega, mennirnir eru gras. Grasið visnar, blómin fölna, en orð Guðs vors stendur stöðugt eilíflega. Stíg upp á hátt fjall, þú Síon fagnaðarboði! Hef upp raust þína kröftuglega, þú Jerúsalem fagnaðarboði! Hef upp raustina, óttast eigi, seg borgunum í Júda: Sjá, Guð yðar kemur! Sjá, hinn alvaldi Drottinn kemur sem hetja, og armleggur hans aflar honum yfirráða. Sjá, endurgjald hans fylgir honum, og fengur hans fer á undan honum. Eins og hirðir mun hann halda hjörð sinni til haga, taka unglömbin í faðm sér og bera þau í fangi sínu, en leiða mæðurnar. „ (Jes 40:6-11)

Og þegar allt sem strax þarf að fara er orðið laust í hjarta manneskjunnar og hvergi festa til að grípa í kemur Drottinn sjálfur í farabroddi með sinn Heilaga Anda og þetta feykist út í einu vettvangi eins og vindhviða.

Bang. Allt breyttist. Ný sýn kom. Nýtt er orðið til. Endurfæðingin er orðin staðreynd. Og hún hverfur ekki frá manninum. Nú veit hann að Jesús er raunveruleiki og lifandi veruleiki.

Takið eftir því að allt sem þarf strax að fara úr manninum fer við endurfæðinguna. Drottinn Jesús veit best allra hvað það er sem mun hindra manninn á sínum fyrstu skrefum. En til þess að hindrunin sé ekki fyrirfram til staðar feykir hann henni út og beitir engum vettlingatökum. Aðferðir Jesús eru ávallt þær að hann skundar beint að vandanum og fjarlægir hann. Þetta gerir hann til að gera allan eftirleik léttari fyrir manneskjuna og það sem hann sjálfur hyggst

gera í og með aðilanum. En maðurinn í sínum frjálssa vilja getur leitað í þetta aftur. Sem er annað mál.

Já, maðurinn hefur uppgötvað að Jesús er raunverulegur sem spennandi verði að fylgja.

Og nú getum við aftur farið til upphafs pistilsins. Til innréttinganna sem setja á upp í þússuðu og sópuðu vistarverunum og höfum séð hvers vegna allur hraði til að byrja með er svo mikilvægur. Maðurinn verður að byggjast hratt upp. Því fyrr sem hjartað fyllist Orðinu því meiri möguleika hefur hann á að standast eldraunina sem hver maður mun upplifa sem gengur sína göngu með Jesús.

Hér erum við komnir á staðin sem heitir lærdómur í Orði Guðs. Hér erum við á stað sem mörg vandamál munu koma upp á vegna hins frjálssa huga og vilja sem mannum er gefið í ótrúlega freku holdi sem sífellt togar í manninn og vill leiða hann burt frá þessu Orði. Ekki er nefnilega sjálfsagt að maðurinn taki sér taki og sökkvi sér á bólakaf ofan í lestur Orðsins þótt slíkt sé æskilegur gerningur sem vel má mæla með til að múrar mannsins komi sem allra fyrst og hraðast honum til varnar í ólgusjónum framundan:

„ Og Drottinn mælti til Satans: Veittir þú athygli þjóni mínum Job? Því að enginn er hans líki á jörðu, maður ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grandvar. Og Satan svaraði Drottni og sagði: Ætli Job óttist Guð fyrir ekki neitt? Hefir þú ekki lagt skjólgarð um hann og hús hans og allt, sem hann á, hringinn í kring? Handaverk hans hefir þú blessað, og fénaður hans breiðir sig um landið. „ (Job 1:8-10)

Fullyrða má að allir sem vilja læra og læra hratt Guðs Orð muni standa styrkari eftir og ná fyrr styrk sínum í trúnni en hinir sem alltaf eru á leiðinni í verkið. Og tuttugu árum síðar kunna þeir ekki einu sinni að fletta almennilega upp í Biblíunni sinni og leita enn að Galatabréfinu í Gamla testamentinu í vonlausri leit. Sem enda tilheyrir Nýja testamentinu. (Smá grín)

Að vera endurfædd manneskja er ekki eitthvað sem menn gera bara eitthvað með eða ekkert. Endurfædd manneskja þarf stöðuglega að nærja sig á þeirri næringu sem ein getur satt hana réttri saðningu. Á saðningu sem byggir hana upp og gefur nægjanlegan styrk til að halda áfram að sigra í Jesú nafni. Við sjáum af textanum að Satan fylgdist með Job og reyndi eftir mætti að komast að honum. Það segir sig sjálft af lestri textans. Hið eina sem hindraði Satan frá að gera Job mein var þessi skjólgarður sem verndaði allt hans. Fólki, fjölskyldu, börn, fénað og annað sem var hans. Þessi skjólgarður var ekki sýnlegur öðru fólki. En í andheiminum og við Satani blasti hann sem gersamlega ókleifur múrveggur og óvinandi virki. Blessun Guðs var yfir og blessun Guðs er eitthvað sem við ættum að keppa eftir að vera stöðuglega í. Og blessun Guðs fæst í trúnni á Jesús.

Að vera með húsið sitt lengi einvörðungu sópað og prýtt er ekki góð latína. Og hver vill búa í hús sem ekkert er inn í? Ekkert til að tylla sér á? Ekkert til að leggjast í? Ekkert til að halla sér að og ylja sér við? Hverslags íverustaður ætli það sé? Og hvar er þá þessu skjólgarður sem Satan nefnir í samtali sínu við Guð og sér sem algerlega óvinnandi virki og múr? Hann er hvergi sjáanlegur eigi húsið bara að vera sópað og prýtt og svo ekki söguna meir. Skjólgarður gerður úr Orði Guðs reisir nauðsýnlegan varnarmúrinn. Og þessi múr rís einvörðungu með þeirri aðferð að taka frá tíma fyrir Guð og fylla hjartað með Orði hans og leyfa því næst að byggja sitt varnarvirki til hlífðar mannum.

Menn og konur verða að taka endurfæðingu sína alvarlega og vinna rétt úr henni og eins og Heilagur Andi gefur fyrirskipanir um. Það er eina leiðin til að múrveggurinn gegn Satani fái yfirleitt risið og risi hratt og staðist áhlaupið. Hraðinn er mikilvægur þarna. Oft mæðir mikið á þessum verndarvegg. Oft kemur óvinurinn þangað og freistar þess að brjóta á hann gat sem hann getur skriðið inn um. Eina sem endurfæddur maður þarf að gera er að trúá, biðja og treysta hinum krossfesta og upprisna og eingetna Syni Guðs og allt hans er í friði. Vaka, trúá og biðja er málið

Meðtökum Orðið og lærum þakklæti. Þakklætið lyftir okkur upp í hæðir. Drottinn elskar þakklát hjörtu sem sjá verkin hans og hafa lært að lyfta öllu upp til hans sem einn getur og vill vernda og hjálpa mannum. Að vera beygður merkir ekki endilega hið sama og að Satan sé að krukka í manneskjuna. Þótt það geti vel verið í einhverjum tilvikum. Oftar er þó um reynslu að ræða sem Drottinn vill að maðurinn fari í gegnum og verði af vitrari:

„ En matur mun ekki gjöra oss þóknanlega Guði. Hvorki missum vér neins, þótt vér etum það ekki, né ávinnum vér neitt, þótt vér etum. En gætið þess, að þetta frelsi yðar verði ekki hinum óstyrku að falli. Því sjái einhver þig, sem hefur þekkingu á þessu, sitja til borðs í goðahofi, mundi það ekki stæla samvisku þess, sem óstyrkur er, til að neyta fórnarkjöts? Hinn óstyrki glatast þá vegna þekkingar þinnar, bróðirinn, sem Kristur dó fyrir. „ (1Kor 8:8-11)

Hröð uppbyggingin í Orðinu gefur mannum visku og heldur honum réttum gagnvart náunganum og hann styrkist og heldur velli í hvaða stormviðri sem yfir hann kann að ganga. Jesús fyrir sinn Heilaga Anda kemur þessu til leiðar. Og maðurinn heldur ekki bara velli heldur styrkist og eflist trú hans, sem vitaskuld er markmið í sjálfu sér og þegar öll kurl komast til grafar.

Endurfæðingin er gjöf Guðs.

Hlustum og trúum og göngum heilshugar með Jesús í öllu þakklæti. Það á hver maður að gera.

Jesús færir manninn aftur til síns staðar.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Jesús vill breyta mannum. Hann kom ekki bara til að frelsa hann heldur líka til að gera á honum breytingar til að hann fái notað hann til sinna verka á sínum akri sem er þegar hvítur til uppskeru en verkamenn sem fyrr fáir. Allir fá starf við hæfi og samkvæmt eigin köllun, getu og hæfni sem ganga til liðs við hinn upprisna Jesús. Engum er hafnað. Svona er Jesús. Hann fer ekki í manngreinarálit. Allir eru jafn mikilvægir í verkinu.

En kannski er það ekki alveg rétt að tala um breytingar sem hann vill gera á manneskjuni. Kannski væri réttara að segja að Jesús hafi komið til að færa manninn aftur í það horf sem Faðirinn skapaði hann til að vera áður en syndin gleypdi hann og áður en syndin fór að stýra honum og stjórna og áður en syndin fór að merkja öll hans verk í nútíð og fortíð og áður en öll skemmdin á manneskjuni varð sem syndin og syndugt líferni manna og kvenna komu til leiðar í föllum heimi syndarinnar. Syndin er nefnilega aflið í þessum heimi sem beyglar mynd Drottins og setur áætlun hans gersamlega úr skorðum. Syndin og frjáls hugur mannsins er þarna sökudólgurinn en ekki Guð né verkið sem hann vann. Verk Guðs eru eins og önnur

verk hans fullkominn og óaðfínanleg og lýsa ávallt á kærleika hans náð og miskunn sem hann gefur mannanna börnum ómælt hér eftir sem hingað til. Og maðurinn er sköpun Guðs og því fullkominn að sínu leiti. Það er að segja gangi hann í Anda Guðs og á mjóum veginum sem Jesús lagði og svo margir eiga í mesta basli með að finna.

Frelsi mannsins til að taka sjálfstæðar ákvarðanir var aflið sem innleiddi þessa gríðarlegu skekkju sem sköpunarverkið þolir og dauðinn komst inn í eftir að afvegaleiðandinn byrjaði að tala og tókst með fagurgala sínum og háskalegri lygi að vinna traust mannsins í þeim eina tilgangi að taka völdin og ræna sætinu sem Guði einum var ætlaður staður. Og þessi staður er hjarta manneskjunnar. Afvegaleiðandinn hafði það eitt að markmiði með fagurgala sínum og lygavörum að komast inn í sköpunarverkið til að vinna á því spjöll. Og eina leiðin sem hann hafði var og er í genum hjarta mannsins. Og allt þetta gerðist við skilningstré góðs og ills. Þar átti sér stað hrikalegt valdaránið er mannum var rænt frá Guði. Á þessum stað hófst ferlið sem dregur manninn niður til Heljar sem aldrei var hugsaður fyrir fólk. Handa honum sem búið var að dæma áður en fyrsti maðurinn var skapaður á þessari jörð. Honum sem varpað var niður með óafturkræfan dóm yfir sér sem enn hefur ekki verið fullnægt en bíður síns tíma. Guð talaði og þá stendur það þar.

Þegar hann lokkaði manninn á sitt band var þessi óafturkræfi dómur sem sagt kominn og allir sem þessum fýr tækist að afvegaleiða og halda færu með honum sömu leið og hann fer. Eftirfylgd við hann er dýru verði keypt fyrir manninn og hið sama og að snúa baki við honum sem skóp og var tilbúinn til annast manninn og hlúa að honum og gefa gott og fagurt líf með sér í þeim alsnægtum sem hann einn hefur yfir að ráða. Munum! Guð bjó mannum stað á jörðinni og ætlaðist til að hann væri sér við hlið í fullu frelsi. En hinn kom og þeir tveir fá aldrei starfað saman. Enda annar til að stela, sáttra og eyða en hinn til að gefa líf í fullri gnægð. Hér má sjá algerar andstæður. Og hér erum við vitaskuld að tala um sjálfan djöfullinn annars vegar og hinsvegar Jesús Krist eingetinn Son Guðs:

„ Þér heyrðuð, að ég sagði við yður: Ég fer burt og kem til yðar. Ef þér elskuðuð mig, yrðuð þér glaðir af því, að ég fer til föðurins, því faðirinn er mér meiri. Nú hef ég sagt yður það, áður en það verður, svo að þér trúíð, þegar það gerist. Ég mun ekki framar tala margt við yður, því höfðingi heimsins kemur. Í mér á hann ekki neitt. En heimurinn á að sjá, að ég elska föðurinn og gjöri eins og faðirinn hefur boðið mér. Standið upp, vér skulum fara héðan. „ (Jóh 14:28-31)

„ Og dýrið var handtekið og ásamt því falsspámaðurinn, sem táknin gjörði í augsyn þess, en með þeim leiddi hann afvega þá, sem tekið höfðu við merki dýrsins, og þá, sem tilbeidi höfðu líkneski þess. Báðum þeim var kastað lifandi í eldsdíkíð, sem logar af brennisteini. „ (Opb 19:20)

„ Og dauðanum og Helju var kastað í eldsdíkíð. Þetta er hinn annar dauði, eldsdíkíð. „ (Opb 20:14)

„ Og ef einhver fannst ekki skráður í lífsins bók, var honum kastað í eldsdíkíð. „ (Opb 20:15)

Við vitum að dómur Guðs hvílir yfir Satani. Dómur sem útilokað er að breytist. Dómnum yfir honum verður fullnægt þegar Guð segir: „ Núna. „ Þá líka líkur tíma djöfulsins í eitt skipti fyrir öll og við tekur hjá honum það sem hann sannarlega hefur unnið til með viðbjóðslegri hegðun sinni á jörðinni og öllum kvölunum sem hann hefur valdið fólk frá upphafi vega.

Sorglegt er til þess að hugsa hversu margir það eru sem kjósa fremur eftirfylgd við sinn eina erkióvin en frelsara og lausnara sem bíður fram sáttarhönd og líf í friði og fullum nægtum í sínu húsi. En svona hefur syndinni tekist að leika hugi og hjörtu fólksins sem Guð á sínum tíma skapaði í sinni eigin mynd og blés í lífsanda.

Menn og konur sem tilheyra Drottni halda áfram að vera þar sem hann sjálfur er og inn í fullkomnu ríki hans á himnum þegar stundin er kominn og fólk hans verður kallað til fundar við sinn Drottinn í loftinu. Þegar þann tíma ber að mun allt lifandi trúað fólk vita hvað er í gangi og hvert skal halda öndvert við hina sem leituðu á náðir annarskonar átrúnaðar. Að vísu munu þeir, margir af þeim, skynja eitthvað merkilegt í loftinu en ekki vita hvað sé í gangi né heldur hvert þeir skuli fara. Þá er tilgangslaust að falla fram á ásjónu sína á sínu litla teppi eða mottu og hrópa. Þá frekar en áður munu engin svör berast þótt hrópað sé, grátið og kveinað og barið á brjóst sér. Og þetta er vel skiljanlegt í því ljósi að átrúnaður blessuðu mannanna var aldrei byggður á lífinu né sannleikanum heldur blekkingum og dauðum hlutum sem hvorki fá gefið manningnum svar né skilning á einu né neinu. Svo kemur að skuldadögum og menn standa eftir með sárt ennið og búnir að uppgötva að þeir höfðu verið blekkir allan tímann. Sem vitaskuld er sorgleg staða:

„ Vakna þú og styrk það sem eftir er og að dauða komið. Því margt hef ég fundið í fari þínu, sem ekki stenst fyrir Guði mínum. Minnst þú því, hvernig þú tókst á móti og heyrðir, og varðveit það og gjör iðrun. Ef þú vakir ekki, mun ég koma eins og þjófur, og þú munt alls ekki vita, á hverri stundu ég kem yfir þig. „ (Opb 3:2-3) - Hér hrópar Jesús á sitt fólk og vill að það haldist vakandi og á sínum verði og sé áfram lifandi vitnisburður á jörðinni um upprisinn og eilífan Drottinn drottna.

Engin þarf að vakna af værum svefni til þess eins að segja við sjálfan sig. „ Ég hef verið afvegaleiddur. Ég treysti og trúði á talsýn. Á dauðan hlut. Á fúíð reipi sem hélt mér ekki. „

Nú er rétti tíminn til að gangast við Jesús og komast þangað sem öryggið er og allt annað sem getur gert manninn glaðan sérhvern dag.

Við Krists-menn erum forréttindafólk sem við skulum meta að verðleikum til að mynda með þeirri aðferð að gera vilja Guðs og elska hvert annað og þjóna honum og trúa því að gagn sé að verkum okkar unnin í nafninu sem eitt getur frelsað. Í nafni Jesús leysast menn og undur og stórmerki vinnast og menn og konur komast aftur á staðinn sem óvinurinn rændi þeim frá við skilningstré góðs og ills.

Skoðum ritningarnar:

„ Guð sagði: Vér viljum gjöra manninn eftir vorri mynd, líkan oss, og hann skal drottna yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftans og yfir fénaðinum og yfir villidýrunum og yfir öllum skriðkvikindum, sem skríða á jörðinni. Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, hann skapaði hann eftir Guðs mynd, hann skapaði þau karl og konu. „ (1Mós 1:26-27)

Fólkið sem þarna er komið til sögunar er fullkomið fólk með enga bletti né skugga í sér sem hindrar þau í að vera þessi fullkomleiki sem Guð setti á jörðina til að yrkja hana og gæta hennar og vera honum til þægilegs ilms alla daga og honum til gleði og stanslausrar ánægju. Og þau stóðust fullkomlega allar væntingar Guðs hvað þetta áhrærði og gátu því án minnstu fyrirhafnar gengið með Guði í öllum heilagleika og hreinleika í fullkominni og gagnkvæmri

vináttu. Þetta fólk sem þarna er hefur í sér eilífðina eins og allir menn hafa en var ekki ætlað neitt annað hlutskipti nema að lifa um alla eilífð og með honum sem þau skapaði. Fullkomið verk á fullkomnum stað með Guð Faðir yfir og allt um kring. Og þegar Guð leit þessa sköpun sína augum þá gladdist hann. Guð sá aðeins hreinleika í öllu sínu veldi. Tvær fagurlega gerðar mannverur sem hann elskaði.

Þegar syndin kom inn hætti þessi innilega vinátta að vera gagnkvæm og var eftir það bara Guðs megin með því að maðurinn fjarlægðist skapara sinn. Það er nefnilega ekki fyrr heldur en í Kristi sem Guð sér manninn aftur hreinan, án bletts og skugga. Af þessu sjáum við að koma Krists til jarðarinnar og sigur hans og blóð sem rann á Golgata endurgerði stöðu mannsins algerlega upp á nýtt frami fyrir Guði.

„ Þá lukust upp augu þeirra beggja, og þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fíkjuvíðarblöð og gjörðu sér mittisskýlur. En er þau heyrðu til Drottins Guðs, sem var á gangi í aldingarðinum í kveldsvalanum, þá reyndi maðurinn og kona hans að fela sig fyrir Drottni Guði millum trjáanna í aldingarðinum. Drottinn Guð kallaði á manninn og sagði við hann: Hvar ertu? Hann svaraði: Ég heyrði til þín í aldingarðinum og varð hræddur, af því að ég er nakinn, og ég faldi mig. En hann mælti: Hver hefir sagt þér, að þú værir nakinn? Hefir þú etið af trénu, sem ég bannaði þér að eta af? „ (1Mós 3:7-11)

Hin innilega og gagnkvæma vinátta var horfinn og maðurinn byrjaður í sínum felluleik frami fyrir Guði. Syndin gerir það að verkum að maðurinn setur upp sína grímu og reynir með þeim hætti að draga hulu yfir sig sjálfan til að hann verði í raun óþekkjanlegur. Á mannamótum dagsins má gera ráð fyrir að menn séu staddir á ákveðnu grímuballi með látbragði og öðru sem er fylgifiskur slíkra skralla.

Adam og Eva vissu að þau gerðu þvert ofan í vilja Guðs sem bauð að þau skildu ekki snerta skilningstré góðs og ills sem gróðursett var í miðjum garðinum. Allt annað sem þar var var þeim heimillt að nota að vild. Sú viska sem opinberaðist með þessum ávexti gerði að verkum að vogarskálar urðu til og girndin reis af svefni og þau uppgötvuðu í fyrsta skipti nekt hvors annars og hvernig girndarbruninn kviknaði í limum þeirra og holdi vegna sömu nektar. Og þau gerðu sér lendarskýlur úr stórum laufblöðum sem huldi ákveðna líkamshluta. Þegar Adam og Eva svo heyrðu Guð koma inn í garðinn brá svo við í þetta sinn að bæði tóku undir sig stökk og köstuðu sér á bak við næsta runna í grennd og héldu niðri í sér andanum í þeirri von að Guð gengi framhjá án þess að verða þeirra var. Skömmin var kominn og hún eltir manninn og fylgir honum hvert fót mál eins og hali kú. Og lestir mannsins ágerðust sem vaxandi synd olli. Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð. Sérhvert holdsins verk stríðir gegn andanum sem Guð gaf. Þetta getur ekki farið saman. Hvernig sem menn reyna. Og hversu oft hafa menn ekki gert slíka árangurslausa tilraun?

Í skjóli ofanritaðs er það þá ekki bara misskilinn og ofsagður brandari að halda því fram að einhverjar breytingar og lagfæringar geti orðið á manneskjunni miðað við þann tíma sem hún hefur verið á jörðinni og öll verkin sem blasa við hverju sjáandi auga. Verk sem mörg hver eru afleit sem bera vísunni fráleitt merki. Verk sem hafa skrumskælt hér svo margt og fært úr lagi að sumt sem er beint og á að vera beint er bogið, skakkt og skælt snúið og undið með ryðblettum eða að komið að því að detta í sundur af ryði. Og mætti þar benda á mengun í lofti, láði og legi. Sorpfjöll svo stór að hvarvetna horfir til vandræða, munaðarlaus börn milljónum saman sem hafast við á götum og gangstéttum og hýrast undir húsveggjum hvernig sem viðrar eða grafa sig inn í sorphauganna í grennd við borgirnar og sofa þar og hýrast í harðri

samkeppni við varginn og rottuna um íverustaðinn og fæðið sem haugarnir geta boðið, bensínþurrð sem gerir að verkum að allt eldsneyti sem við notum á vor farartæki er æ dýrara verði keypt, verðbólga sem veldur verðhækkunum og matarkarfan verður dýrari, háir vextir sem gerir skuldurunum erfiðara um vik að greiða af sínum lánum með fleiri vanskilamönnum sem fara á svokallaðan „ svarta lista bankanna “, flosnaðar fjölskyldur og margt annað sem við höfum allt í kringum okkur og virðist vera partur af voru prógrammi.

Er einhverju hægt að breyta til frambúðar? Erum við mennirnir bara ekki fastir í þessari hringrás sem um tíma færir okkur velsæld inn á milli og þungum áhyggjum fjölda fólks þegar góðærinu líkur, líkt og ávallt virðist gerast?

Allt er þetta satt og rétt. Þetta er það sem maðurinn sjálfur hefur innleitt inn í sína veröld og gert hana vitskerta. Þetta gerist þegar hrokinn og stærilætið taka höndum saman með viskuna fyrir utan. Visku sem sér fram yfir daginn í dag og allt til enda veraldarinnar. Þetta gerist þegar honum er falinn stjórnin sem átti ekki að stjórna einn heldur með honum og í samstarfi við hann sem skóp og gerði manninn. Vissulega er manninum gefin viska en samt ekki nægilega mikil viska til fá stjórnað öllum sínum málum. En frá upphafi var honum gefinn fullur aðgangur að nauðsýnlegri viðbótarvisku en aðeins í samfloti með honum og við hann sem skóp og gerði. Jesús Kristi. Og hér erum við komnir með ákveðinn lykil að lausn í hendurnar og að þeirri varaáætlun sem þegar er kominn fram en lokaðist sjálfkrafa með falli mannsins í garðinum:

„ Drottinn Guð sagði: Sjá, maðurinn er orðinn sem einn af oss, þar sem hann veit skyn góðs og ills. Aðeins að hann rétti nú ekki út hönd sína og taki einnig af lífsins tré og eti, og lifi eilíflega! Þá lét Drottinn Guð hann í burt fara úr aldingarðinum Eden til að yrkja jörðina, sem hann var tekinn af. Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Edengarð og loga hins sveipanda sverðs til að geyma vegarins að lífsins tré. „ (1Mós 3:22-24)

Hörmungarsaga mannsins sem þarna hófst lauk í Kristi er vegurinn að lífsins tré var aftur opnaður eftir píslargöngu hans á jörðinni, krossfestingu og upprisu til eilífs lífs. Þá opnaðist einnig sá möguleiki fyrir manninn að upplifa sína endurfæðingu og fæðast inn í ríki Guðs. Þá varð hún sem sagt möguleg fyrir náð og miskunn lifandi Guðs sem elskar og sér ekki eftir neinu sem hann hefur gert og vakir yfir sinni sköpun og varðveitir og skal reynast sannorður þó að sérhver maður framberi lygi úr sínum sjóði. Enda stýrt og stjórnað af syndinni og vélarbrögðum Satans daginn út og inn.

Náðin kom og miskunn Guðs varir. En er tími til fyrir manninn að gangast undir vilja Drottins og verða með er hann kallar sitt fólk til fundar við sig í loftinu. Eina sem til þarf er að segja já og leyfa síðan Heilögum Anda að halda sér vakandi og minna sig á allt sem maður hefur numið úr Orðinu og veit að er satt og rétt. Drottinn sjálfur mun sjá um rest og koma manninum þangað sem hann sjálfur er.

Framundan eru því spennandi tímar með miklu blómi og fögru í haganum sem gleður mannsins hjarta.

Að endingu þetta:

„ Því að sá sem helgar og þeir sem helgaðir verða eru allir frá einum komnir. Þess vegna telur hann sér eigi vanvirðu að kalla þá bræður, er hann segir: Ég mun kunnugt gjöra

nafn þitt bræðrum mínum, ég mun syngja þér lof mitt í söfnuðinum. Og aftur: Ég mun treysta á hann. Og enn fremur: Sjá, hér er ég og börnin, er Guð gaf mér. Þar sem nú börnin eru af holdi og blóði, þá hefur hann og sjálfur fengið hlutdeild í mannlegu eðli á sama hátt, til þess að hann með dauða sínum gæti að engu gjört þann, sem hefur mátt dauðans, það er að segja djöfulinn, og frelsað alla þá, sem af ótta við dauðann voru undir þrælkun seldir alla sína ævi. „ (Heb 2:11-15)

Maðurinn er frjáls til að velja

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Þar sem syndin ræður ríkjum er náðin líka yfir og til mótvægis við alla þessa skelfilegu, dauðans alvarlegu og illa lyktandi synd. Náðin tilheyrir honum sem skóp og gerði og elskar. Einkum þá manninn. Hvernig sem heimurinn lætur og missir vitglórana þá er samt ekkert að óttast. Eina sem maðurinn þarf er að halda sér þétt upp við frelsarann.

Þarna eins og annarsstaðar hefur maðurinn val. Hann er fæddur með þetta val. Valið verður aldrei frá honum tekið. Guð vildi skapa sjálfstætt hugsandi veru sem gengi um með sér af algerlega fúsum og frjálsum vilja og án neinna bindinga. Þessi skipan er enn við lýði og í fullu gildi.

En hvernig stendur á því að maðurinn velur ekki ævinlega það besta fyrir sig sjálfan? Og hví fylgir maðurinn ekki Guði sem bíður honum að lifa með sér á þessari jörð í friði og svo áfram um alla eilífð hjá sér í himninum en verndaður og varinn í þessum oft vitskerta heimi sem yfirleitt logar af deilum, þrætum, lygum, meiðingum og öðrum þáttum sem engan endir hefur vegna þess að slíkir þættir eru nærðir af þessari voðalegu og andstyggilegu synd. Þessu skakka hallarmáli sem þó er notað af svo mörgum sem hið eina rétta?

Biblían hefur verið til á alllangan tíma og fylgt mönnum og þeir hafa haft aðgang að þessari bók síðan Heilagur Andi var gefinn á Hvítasunnudag og kristin trú tók að breiðast út um heiminn fóðruð og knúin áfram af kærleika Jesús Krists. Nýja testamentið kom út og útbreiddist til þjóðanna eftir því sem kristin trú breiddist út. Og með bókina fyrir framan sig uppfræddist fólk um það til að mynda hvernig Ísraelsmenn, sérútvalin þjóð Guðs, máttu þola örbyrgð og vesæld í hvert sinn sem þeir tóku upp eigin stefnu og snéru baki í Guð sinn og þess að milli velsæld, gleði og hamingju þegar þeir snéru við blaði og komu til Drottins, sem ævinlega miskunnaði sig yfir þá og tók þá í sátt.

Er svona breytni manna ekki með öllu óskiljanleg og afskaplega illa grunduð og vanhugsuð í skjóli boðsins sem mannum stendur til boða?

Í Raun er hún það. En þegar betur er að gáð kemur skíring sem rekja má beint til hins frjálsa huga og vals sem maðurinn hefur. Þessa skíringu rekjum við aftur til fyrstu tveggja manneskjanna sem Biblían talar um og segir svo frá að hafi búið í frjósömum, fögrum og ræktarlegum garði sem við þekkjum sem aldingarðinn Eden vegna þess að Biblían talar um téðan garð:

„ Þá myndaði Drottinn Guð manninn af leiri jarðar og blés lífsanda í nasir hans, og þannig varð maðurinn lifandi sál. Drottinn Guð plantaði aldingarð í Eden langt austur frá og setti þar manninn, sem hann hafði myndað. Og Drottinn Guð lét upp vaxa af jörðinni alls konar tré, sem voru girnileg á að líta og góð að eta af, og lífsins tré í miðjum

aldingarðinum og skilningstréð góðs og ills. Fljót rann frá Eden til að vökva aldingarðinn, og þaðan kvíslaðist það og varð að fjórum stórám. „ (1Mós 2:7-10)

Engum blöðum er um það að fletta að Guð skóp mannum skilyrði til að lifa við góðar og vinsamlegar aðstæður hafandi allt í kringum sig sem gat orðið honum til sælu, gleði og yndis. Honum var aldrei ætlað annað hlutskipti heldur en þægilegt líf. Já og kannski líka svolitlu letilífi. Aðeins eitt skilyrði var yfir mannum frá byrjun. Og það er hið ógurlega orð sem við þekkjum öll og er HLYÐNI við boðorð Guðs, skapara himins og jarðar:

„ Þá tók Drottinn Guð manninn og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans. Og Drottinn Guð bauð mannum og sagði: Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta eftir vild, en af skilningstrénu góðs og ills mátt þú ekki eta, því að jafnskjótt og þú etur af því, skalt þú vissulega deyja. „ (1Mós 2:15-17)

Skilaboðinn voru skír, hrein og tær og trauðla hægt að misskilja þau nema um hreinan ásetning væri að ræða. Allt var mannsins í þessum gróskumikla og undurfagra garði. – En vel að merkja! - Nema þetta eina, tréð sem stóð í miðjum garðinum. Hann mátti ekki eta af skilningstré góðs og ills. Strax í byrjun fékk maðurinn skír skilaboð um annars vegar yfirflæðandi blessun og, takið eftir, hinsvegar ægilega bölvun. Strax koma fram algerar andstæður í annars yndislega tilveru með fuglasöng, fegurð og blómi í haga og fullu og óskoruðu sambandi við hann sem í býr öll fegurð. Sjálfum skapanum. Hinn fyrsti maður vissi reyndar ekki um hina vogarskálina þannig að ennþá þekkir hann ekkert nema blessunina, fegurðina gangandi um í kvöldsvalanum með Guði. Það sem þessi fyrsti maður sá og reyndi hefur engin annar lifandi maður fengið að upplifa með sama hætti og hann gerði, að undanskilinni fyrstu konunni sem fyrsta mannum var gefin. Þessar tvær manneskjur sáu og reyndu algerlega sérstaka upplifun með Guði sínum og þeim var heldur aldrei ætlað neitt annað. Takið eftir því. Og þetta sem þau upplifðu verður ekki endurtekið né lifað fyrr heldur en í himnaríki þegar allt hefur verið gert upp á nýtt með nýjum himni og nýrri jörð eins og greint er frá bæði í Opinberunarbókinni og hjá Jesaja:

„ Og ég sá nýjan himin og nýja jörð, því að hinn fyrri himinn og hin fyrri jörð voru horfin og hafið er ekki framar til. Og ég sá borgina helgu, nýja Jerúsalem, stíga niður af himni frá Guði, búna sem brúði, er skartar fyrir manni sínum. „ (Opb 21:1-2)

Skoðum hvernig Jesaja segir frá atburðunum:

„ Sjá, ég skapa nýjan himin og nýja jörð, og hins fyrra skal ekki minnst verða, og það skal engum í hug koma. Gleðjist og fagnið ævinlega yfir því, sem ég skapa, því sjá, ég gjöri Jerúsalem að fögnuði og fólkið í henni að gleði. Ég vil fagna yfir Jerúsalem og gleðjast yfir fólki mínu, og eigi skal framar heyrast þar gráthljóð eða kveinstafir. Eigi skal þar framar vera nokkurt ungbarn, er aðeins lifi fáa daga, né nokkurt gamalmenni, sem ekki ná fullum aldri, því að sá er þar ungur maður, sem deyr tíræður, og sá sem ekki nær tíræðisaldri skal álitast einskis verður. „ (Jes 65:17-20)

En hvernig gat þetta þá gerst að maðurinn lét tælast af ruglinu í höggorminum sem hringaði sig niður tréð með sitt mjúka flauels tal sem kom þvert ofan í það sem Guð hafði sagt við manninn og hann síðan kennt konu sinni eftir að hún kom til sögunnar? Þau viss bæði um skilningstré góðs og ills og hvað Guð hafði talað um ávöxt þess. Bæði vissu fullvel að dauðinn biði þeirra neyttu þau ávöxtinn sem hékk á greinum þessa tiltekna trés. Að vísu

lokkandi, freistandi, tælandi en lífshættulegt með sjálfan dauðann í sér. Fólkinu var þetta jóst frá fyrstu tíð og í Kristi kemur þessi þekking aftur til manna og kvenna.

Hvað gerðist og hvað eiginlega fór úrskeiðis hjá þessum forverum mannkynsins?

Getur verið að hinn flauels mjúki talsmáti illyrmisins við tré góðs og ills hafi sogað til sín? Getur verið að hunangsæta röddin svo mjúk og traustvekjandi hafi náð athygli manneskjunnar og að fara um hjartað mjúkum strokum? Getur verið að við getum séð okkur sjálf við þetta tré og hlustandi á lokkandi tilboðið sem þaðan berst sem á eftir fær okkur til að rísa á fætur og teyga okkur í ávöxtinn sem okkur stendur þar til boða? Getur verið að illyrmið að tarna hafi spilað á sakleysi fólksins sem enn þekkti ekki muninn á góðu og illu, réttu og röngu og framgekk hvern dag í hinu góða fagra og fullkomna vegna þess að ekkert annað bjó í hjartanu og engar viðmiðarnir til sem greindu neitt nema gott í kringum sig? Eina sem þau höfðu voru orð skaparans sem kom daglega í þeirra nærveru til að eiga stund með þeim og fræða þau um sannleikann. Einu samskiptin sem þetta fólkið hafði var við Guð í kveldsvalanum og á göngu sinni með honum í fullu frelsi – og - takið eftir - við hann sem húkti við tréð.

En Guð gaf þeim frelsi sem heimilaði þeim að fara og skoða umrætt tré þótt ferðin sú væri í trássi við vilja Guðs. Og þar talaði hann ákveðið og með skírurum hætti að ekki var misskilið. Og þessar fyrstu manneskjur misskildu málið heldur ekki. Þau vissu vel að þau mátti ekki einu sinni leiða huga sinn að því. En þarna var hún samt og annað hljóð um það bil að koma í strokkinn.

Flauelsmjúka röddin talaði áfram svo undurblíð og að því virtist nærgætin. Var nokkuð að óttast. Var ekki bara allt í himna lagi. Ætli Guð hafi ekki bara verið full stjórnsamur er hann talaði sín orð um þetta tré? Gat það verið?

Höggormurinn sá og skynjaði að konan færðist smá saman yfir til hans. Nú var komið að næsta leik:

„ Höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Drottinn Guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: Er það satt, að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum? „ (1Mós 3:1)

Kominn var tími til fyrir varginn að skjóta fram áleitinni spurningu og virkja efanng og allar þessar hugsanir og þælingar sem bærðust um í hjarta manneskjunnar þar sem hún svo saklaus og hrekklus hlustaði með sinni athygli. Inn á milli kom að vísu eilítill ófriður vegna Orða skaparans sem glumdu í eyrum hennar og í raun bönuðu henni að vera þar sem hún var. En í frelsið og um leið óhlýðnin hélt sínu taki. Og hún sat áfram.

Var þessi flauels mjúka rödd ekki fögur? Hljómaði hún ekki þægilega og lét vel í eyrum?

Og manneskjan svarði og talaði allt sem Guð hafði áður verið búinn að segja þessum tveim manneskjur sem bjuggu í þessum æðislega garði Eden. Hún þekkti sannleikan. Hún vissi að með þessu verki sem þarna stóð henni til boða kæmi dauðinn sem biti fyrst og fremst hana sjálfa. En samt. Eitthvað lokkandi og heillandi var við þessa persónu og kringumstæður allar. Persónu sem liðaðist upp og niður tréð svo lipur, fögur og mjúkmál og "skilningsrík."

Höggormurinn sá að hann er kominn með ákveðið tak á manneskjunni fyrir framan sig og hélt áfram að höggva í sama knérunn með enn smeðjulegri og ísmeygilegri orðum og segir nú

einkar varfærnislega til að öruggt sé að viðmælandi hans styggist ekki og tækifærið renni honum úr greipum. Tækifæri sem mundi líklega aldrei koma aftur.

Hann opnaði skoltinn. Orðin læddust fram hægt en markvisst. Speningurinn lá í loftinu. Honum mátti ekki mistakast. Sakaleysið fyrir framan hann, á það skildi spilað út í ystu æsar miskunnarlaust, óvægið. Hann skildi ná sínu fram í þetta skipti:

„ Þá sagði höggormurinn við konuna: Vissulega munuð þið ekki deyja! En Guð veit, að jafnskjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast, og þið munuð verða eins og Guð og vita skyn góðs og ills. „ (1Mós 3:4-5)

Manneskjan horfði í kringum sig hugsandi á svip. Aðvörunarorð skaparans runnu í gegnum hana og minntu á sig í hjartanu: "**skalt þú vissulega deyja.**"

Ormurinn horfði spenntur á en gætti sín samt að á vera ekki of ýtinn. Augnablikið var of mikilvægt. Stundin of stór fyrir hann. Nú gildi að brosa sínu fallegasta og blíðasta brosi. Höggormurinn fylgdist með baráttunni. Sá hvernig hugurinn fór með hana út og suður. Hann þurfti að hafa sig allan við til að hreinlega öskra ekki á hana að drífa sig og eta til að hann gæti farið að vinna og koma ríki sínu á fót og var hið eina sem hann hugleiddi og vildi. En slíkt gat hann fráleitt gert á þessum stað. Þá hefði allt verið unnið fyrir gíg. Allt tapað. Svona langt hafði honum enda aldrei tekist að komast í þessum samtölum sínum.

Við þekkjum framhaldið. Maðurinn féll í synd, og byrjaði samstundis að hrörna og að deyja og dauðinn að berast mann fram af manni í gegnum erfðasyndina og til vorra tíma. Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.

Og enn erum við stödd fyrir framan skilningstré góðs og ills. Enn látum við tælandi, hunangssmurða rödd fæða fram í okkur efa og leiða hugann að ævintýrum. Og við gerum gegn okkar betri vitund.

En hlustum við á rödd sem segir okkur að stökkva, vera þátttakendur, taka áhættu, sína af okkur karlmennsku, vera djörf, þótt röddin hafi ekkert gott í hyggju og beri fráleitt hag einstaklingsins fyrir brjósti heldur þvert móti til að læsa klóm sínum í hana og merkja sér til sinnar sérstöku og ákveðinnar þjónustu sem samanstendur af hatri og útbreiðslu haturs, nærð og stjórnað af lygi og hverskyns ódrengskap sem viðgegnst í þessum heimi og allt fólk hefur ímugust á en er samt margt hvert þrælbundið undir.

Það hefur ekkert breyst. Mannkynið er enn á sama stað og það komst á við skilningstré góðs og ills þegar Guð neyddist til að vísa fólkinu út úr þessum yndislega Aldingarði þar sem allt lyktaði af fegurð og heilnæmi - til að yrkja heiminn og strita í svita andlits síns. Sem er hlutskipti mannsins og hefur verið allar götur síðan.

Bara í Kristi losnar maðurinn og upplifir á nýjan leik það sem Adam og Eva áttu í fyrndinni. En þó ávallt sem í skuggamynd hér á jörðinni.

Enn í Kristi og upprisu hans fær Guð manninn aftur til sín og gefur honum á nýjan leik tækifæri á að klæðast sinni dýrindis skikkju sem hann missti við syndafallið og taka sæti sitt í ríkinu á nýjan leik. Og Guði sé lof þá hlustar hann ekki á neinar ráðleggingar né úrtölur heldur bara tekur manninn að sér og gleymir öllu og fyrirgefur honum allt af fögnuði yfir því að dauð sál er kominn yfir til lífsins.

Og þetta hefur heldur ekkert breyst. Jesús lifir og munn gæta hjarðar sinnar og engrar hvíldar una sér fyrr heldur en allir sem honum tilheyrja hafa stigið fæti inn fyrir sínar dyr og fengið sína efnismiklu skikkju til að klæðast og taka stöðu sem hann sjálfur hefur úthluta hverjum og einum manni. Stöðu sem engum öðrum er ætlað að gegna og engin getur heldur hrifsað til sín vegna þess að Jesús talaði og þá var það þar.

Munum! Flauelsmjúka röddin talar en með sínum hunangseim sem rennur ljúflega og lokkandi niður stofninn. Hunang sem í fljótu bragði virðist vera ekta og fýsilegt til átu. Menn sem eta það komast fljótt að raun að er bragðvont og í raun óætt, fúlt og andstyggilegt og fer illa í munni og veldur ólgu í maganum og uppköstum.

Þessi rödd er vandinn sem við er að eiga. Þessi rödd er tendruð og nærð af afvegaleiðandanum sem stýrir og stjórnar þessum heimi sem mannkynið byggir og býr í. Hann notfærir sér ennþá veikleika holdsins og því miður oft sakleysi og einnig hrekkleysi manna og kvenna, alveg eins og gerðist forðum við tré ills og góðs. Flauelsmjúkt, fallett sem glitrar á en er banvænt og ber í sér sjálfan dauðann.

Hann kemur á skólalóðina þar sem krakkarnir, börn, leika sér í frímínútunum með lítinn sakleysislegan poka meðferðis með hvítu dufti í og bíður 12 ára strákur og spyr hvort hann vilji ekki prófa. Það kosti hann ekki neitt.

Drengurinn verður hvumsa við, hugsar sig um og afpakkar boðið. Aðvörunarorð foreldranna dugðu í þetta skipti. Næst lendir hann í hóp drengja sem dásama upplifunina sem þeir urðu fyrir af völdum hvíta duftsins. Allir hlægja nema einn drengur í hópnum. Hann veit að sakleysilegt efni pokans hefur náð á honum tókum og stýrir honum og stjórnar. Já, tólf ára gamall og háður fíkniefnum. En drengurinn veitir honum sem ekki hló ekki athygli sína og var ekki þátttakandi í gleðilátum hinna.

Næst er dópdlíerinn birtist og bíður vöru sína lætur hann undan og gengur burt með litinn sakleysislega poka í vasanum. Og áður en varir er hann kominn við hlið hins sem ekki hló er félagarnir segja sínar glannalegu sögur af áhrifunum sem þeir upplifði af völdum hvíta efnisins í litla pokanum. Vinahópurinn breytist og aðrir komnir inn á kostnað gömlu, góðu félaganna.

Í upphafi kom sæt og þægileg rödd sem talaði svo mjúkmál við 12 ára drenginn sem enn þekkti ekki lífið nema sem barn og var ekki ætlað neitt annað. En eftir að klóin kom og festist við ungmennið var komið að drengnum að leita dílerinn sinn uppi til að fá sinn skammt og greiða fyrir uppsett verð ella þjást og líða.

Illyrmið sem hringaði sig upp og niður eftir skilningstré góðs og ills beitir en sömu brögðum við mannkynið og áður. Í dag beitir hann sér grimmt gegn yngstu kynslóðinni. Bæn í Jesús nafni er sem fyrr til gagns.

Gleðifregnin er einnig hin sama. Og hún er að ekkert sé óttast beiti menn réttum meðulum. Fagnaðarerið er flutt öllum mönnum. Jesús kom og vann sitt verk. Hinn síðari Adam er kominn fram. Og í Jesús munum við í fyllingu tímans upplifa skaparann okkar og frelsara á nákvæmlega á sama hátt og forverar mannkynsins gerðu fyrir synd í garðinum góða í byrjun dvalar sinnar á jörðinni.

Jesús er hinn sami og hann hefur ekkert breytt sér. Enn er náðartími. Enn gefst fólki kostur á að ganga inn til hvíldar hans sem gerði veginn færan fyrir syndugan manninn og einn getur fyrirgefið syndir og fjarlægð þær frá bæði sér sjálfum og manninum til að minnst þeirra ekki frammar. Ákærandi bræðranna er sigraður. Hann missti sæti sitt við krossfestinguna og upprisu Jesús Krists og endanlega með gjöf Heilags Anda og er boðunin hófst.

Hallelúja!

" Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita, sem lofuðu Guð og sögðu: Dýrð sé Guði í upphæðum, og friður á jörðu með mönnum, sem hann hefur velþóknun á. " (Lúk 2:13-14)

Maðurinn þráir að búa við frið.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Í maí 1945 þegar seinni heimstyrjöldinni lauk voru margir orðnir úrkular vonar um að yfirleitt næðist að stoppa hildarleikin sem stríðið var. Gleðibylgjan sem gekk yfir heiminn við fregnina um stríðlok er skiljanleg. Að upplifa endalok slíks hildarleiks getur vitaskuld ekki verið neitt annað en gleðiefni. Í grunninn vilja allir menn lifa friðsömu og ljúfu lífi og leysa mál með friðsömum hætti og góðum samningum þar sem beggja hags er gætt.

Innsta vera mannsins vill og þráir frið. En andstæðurnar og þversagnirnar eru miklar. Engum manni er raunverulega boðið upp á að lifa friðvænlegu lífi með vaðandi syndina svona allt í kringum sig.

Til að fá smjörþefinn af lífi friðar, umburðarlyndis, þolinmæði og kærleika hefur maðurinn um eina leið að velja. Hana að segja já við Jesús og lúta hans stjórn og leiðsagnar upp frá því. Manninum er gefin þessi leið og engin önnur. Hún stendur honum ennþá opinn í Jesús Kristi og kostar hann ekki neitt nema þetta eina JÁ sem þó er svo erfitt að segja og mætti halda að þungur og óhreyfanlegur steinn fyllti munninn þegar kemur að því að segja þetta tiltekna og eina JÁ. Margir standa frami fyrir þessu og þekkja málið af eigin rammleik.

1945 komst sem sagt á friður og uppbyggingarstarfið í Evrópu hófst og gerðist furðu hratt miðað við gríðarlega eyðilegginguna árin á undan með nánast hvert hús í mörgum borgum Evrópu skemmt eða rústir einar. Fólk hafðist við í kjöllum, bjó í flugvélaflökum, jafnvel óvinanna eða hvar sem skjól var að fá á meðan verið var að reisa íbúðir sem hægt var að flytja inn í. Fimm árum síðar var allt orðið breytt í þessum stríðshrjáðu löndum og mannlíf meira og minna að komast í fastar skorður.

Höfundur þekkir ekki hve margir í heiminum hafi hugsað á alvarlegum nótum um varanlegan frið og mikilvægi hans er uppbyggingarstarfið var komið á fullan skrið og allur hagur manna að skána í hinu veraldlega og ráðrúm komið til að ígrunda stöðuna. Auðvelt er að gera sér slíkar vangaveltur í hugarlund hjá fólki sem daglega horfðu upp á eyðingu úr lofti og sem fór daglega um hlaðið hjá því.

Og voru ekki Sameinuðu Þjóðirnar stofnaðar til að hindra stríð og viðhalda friðnum og að koma viti fyrir ráðmenn þjóðanna? Í dag eru Sameinuðu þjóðirnar batterí sem soga til sín mikla peninga án þess kannski að skila lengur sínu nema þá að hluta til.

En samt og þrátt fyrir veldi vald og það fjármagn sem Sameinuðu þjóðirnar hafa yfir að ráða og ef við horfum yfir heiminn eins og hann er í dag blasir við ástand sem mannkynið hefur aldrei áður upplifað né heldur þurft að glíma við. Núna eru það ekki bara styrjaldirnar, átökin og hungursneyðirnar heldur horfa menn líka upp á mengaðar ár, loftlagsbreytingar, olíu sem er að hverfa sem spár benda til að muni eyðast á næstu áratugum og menn almennt eru byrjaðir að taka undir, gríðarlega hækkun á öllu eldneyti, hækkandi matvælavæð eins og nú blasir við og menn vita ekki hvernig taka skuli á.

Vissulega var friðurinn 1945 sætur. Vissulega vakti hann vonir um að mannkynið hefði nú loksins lært sína lexíu og aldrei aftur beita aðrar þjóðir vopnavaldi. Vissulega voru svona hugsanir og skoðanir háværar fyrstu árin eftir að síðari heimstyrjöldinni lauk og skiljanlegar með rústirnar blasandi við sér. 1946 voru svo Sameinuðu Þjóðirnar stofnaðar sem 180 þjóðir eru nú aðilar að. En styrjaldarkynslóðin fremur en aðrar kynslóðir er ekki eilíf og hún dó út og önnur kynslóð manna tók við og svo önnur og koll af kolli sem ekki lifði sama og hin gerði né gekk í gegnum sömu hryllilegu reynsluna. Þær lesa bara um síðari heimstyrjöldina af sögubókum og myndaði sér skoðun af því sem þær nema.

Og óréttlætið hélt áfram í máski eilítið breyttri mynd. Peningamenn komust í framvarðarsveit og margir af þeim herskárir. Margir bundu vonir við fjármagnið og að allt mætti bæta og leysa með bara nógu mikið af peningum. Af þessu kom margt sem ekki var gert ráð fyrir en hver maður gat þó vitað. Eins og græðgi - og vitaskuld öfund - og hver smuga notuð sem fannst til að græða örlítið meira. Bara aðeins meira.

Framleiðslan óx og vegna aukinna launakrafna fólks í vesturheimi og Evrópu fóru menn að flytja starfsemina til fátækari landa þar sem annar verðmiði var á og verkalýðsfélög ekki til staðar til að glíma við. Í þessum fátæku ríkjum er ekki alltaf mikið verið að spá í mengunarvarnir og öryggi og aðbúnað starfsmanna á vinnustöðunum. Enda hugsunargangur annar þar en hér og hvert launað handtak í þessum ríkjum gulls ígildi:

„ Hlustið á, þér auðmenn, grátið og kveinið yfir þeim bágindum, sem yfir yður munu koma. Auður yðar er orðinn fúinn og klæði yðar eru orðin möletin, gull yðar og silfur er orðið ryðbrunnið og ryðið á því mun verða yður til vitnis og eta hold yðar eins og eldur. Þér hafið fjársjóðum safnað á síðustu dögnum. Launin hrópa, þau sem þér hafið haft af verkamönnunum, sem slógu lönd yðar, og köll kornskurðarmannanna eru komin til eyrna Drottins hersveitanna. „ (Jak 5:1-4)

Fagra hugsjónin sem kviknaði hjá svo mörgum með lokum síðari heimstyrjaldarinnar rættist ekki. Átökin héldu áfram á afmörkuðum svæðum í veröldinni og í kauphöllum heimsmarkaðarins þar sem öðruvísi glíma var háð og á stundum óvæginn og miskunnarlaus.

En hvað veldur? Hví næst ekki samstaða á meðal fólksins um gott fyrirkomulag sem allir geta orðið ásáttir um og flestir þrá? Hvar kreppir skóinn? Hvar er hann þessi lausi endi sem aldrei tekst að hnýta svo vel sé?

Ástæða þess að okkur hefur ekki enn tekist þetta verk þrátt fyrir oft góðan ásetning og gríðarlega tímafreka og mikla vinnu og þælingar í þessa veru er aflið sem er vel þekkt og hefur riðið hér húsum í aldir og heitir einfaldlega synd og fylgifiskur syndar:

„ Minn þá á að vera undirgefnir höfðingjum og yfirvöldum, hlýðnir og reiðubúnir til sérhvers góðs verks, lastmæla engum, vera ódeilugjarnir, sanngjarnir og sýna hvers

konar hógværd við alla menn. Því að þeir voru tímarnir, að vér vorum einnig óskynsamir, óhlýðnir, villuráfandi, í ánaud hvers konar fýsna og lostasemda. Vér ólum aldur vorn í illsku og öfund, vorum andstygglegir, hötuðum hver annan. En er gæska Guðs frelsara vors birtist og elska hans til mannanna, þá frelsaði hann oss, ekki vegna réttlætisverkanna, sem vér höfðum unnið, heldur samkvæmt miskunn sinni í þeirri laug, þar sem vér endurfæðumst og heilagur andi gjörir oss nýja. „ (Tít 3:1-5)

Þarna, það er hatrið, öfundin og allt hitt með, er kominn fram vandinn sem mannkyn allt berst við. Þetta nærir syndina sem öndvert skekkir hér allt og gerir að verkum að hvar sem fimm eða fleiri eru samankomnir undir væng og hatti syndarinnar þar er ósætti og löðrungar fram og til baka, prettir og sviksemi í margháttuðum birtingarmyndum og „ rýtingstungur „ – eins og nú er í tísku að segja.

Syndin er orsök, hefur verið orsök og mun áfram verða orsök. Gríðarlegt afl leynist í syndinni. Syndin er í raun sterkasta aflið í þessum heimi sem áfram mun kúga og beygja manninn til að gera sinn vilja. Jesús einn getur fjarlæggt syndina. Hann einn er sterkari en syndin:

"" Þér heyrðuð, að ég sagði við yður: Ég fer burt og kem til yðar. Ef þér elskuðuð mig, yrðuð þér glaðir af því, að ég fer til föðurins, því faðirinn er mér meiri. Nú hef ég sagt yður það, áður en það verður, svo að þér trúíð, þegar það gerist. Ég mun ekki framar tala margt við yður, því höfðingi heimsins kemur. Í mér á hann ekki neitt. En heimurinn á að sjá, að ég elska föðurinn og gjöri eins og faðirinn hefur boðið mér. Standið upp, vér skulum fara hédan. „ (Jóh 14:28-31)

Hver er hann þessi höfðingi heimsins sem ritningarverskið greinir frá? Þeir sem lesa og þekkja til innihalds Biblíunnar vita að Drottinn talar um Satan. Við vitum líka að Satan þrífst og er þar sem syndin er framborinn og hún **upphafin** og virkjuð. Satani er vel kunnugt um öfundina, óþolinmæðina, græðgina, já og girndina sem í hverjum manni býr. Hann veit að í syndinni virkjast allir þessir lestir manna og kvenna. Þessa ókosti fólks og veikleika í holdinu vill hann virkja og líka nýta fyrir sjálfan sig. Og ríki hans verður opinert með þessum hætti. Við vitum að heimsbyggðin öll er hlaðin, smurð og þakin með synd jafnvel mörgum lögum og hvert yfir annað. Öflug bandalög og miklar hugsjónir breyta engu um þennan sannleik. Syndin er öflugri en öll mannanna verk og allar hugmyndir þeirra um frið. Ef hjartað er ekki fyllt friði verður heldur engin friður. Himinháar byggingar með þúsundum starfmannna, sérfræðingum, í er máttlaust þar, eins og líka dæmin sanna. Syndin er aflmeiri.

Allt sem hefur gerst í heiminum og okkur finnst voðalegt og hræðilegt eru allt holdsins verk nærð og tendruð af þessari viðbjóðslegu synd. Þetta er ástæðan fyrir því að Drottinn getur ekki notað hold mannsins til að frambera sitt réttlæti. Jesús veit það hins vegar að maðurinn þarf að drattast með sitt hold og getur ekki annað.

Jesús veit að í mannum býr líka ýmislegt sem getur yfirtekið og sigráð þetta stjórnlausa og arfavitlausa hold (afsakið orðbragðið) sem hatar og illskast yfir minnsta áreiti og kennir svo öðrum um. Holdið getur ekki gengið fram í nafni Jesús Krists heldur Andi Guðs sem í manni býr. Hjartað er yfirtekið og syndin gerð útræk fyrir Heilagann Anda. Á þessum stað eignumst við andhverfu syndar og raunverulegt ljós í stað skelfilegs myrkurs sem hefur dregið svo mikinn og afdrifaríkan dilk á eftir sér í gegnum alla mannkynssöguna og gerir enn.

Jesús hefur ekki breytt sér og maðurinn er enn samur við sig og vinnur enn sömu spjöllin á umhverfi sínu og sér sjálfum undir krumlu og hæl syndarinnar og heldur með breytni sinni Satani kokhraustum áfram við sín völd. Kristur einn hristir þetta vald hans og ógnar sem og er skíringin á því hvers vegna menn gera þetta og hitt til að svæfa og kæfa röddina sem boðar mönnum fagnaðarerindið um raunverulegt hjálpraði og lausn sem maðurinn kallaði á svo hávær eftir lok seinni heimstyrjaldar og til urðu Sameinuðu Þjóðirnar. Satan má sín einskis andspænis krafti Heilags Anda.

Klækir og aðferðir Satans eru í og með hávaði og læti til að valda glundroða og þyrlla upp ryki og moldviðri til að fá hugsanlega breytt yfir það sem hann raunverulega stendur fyrir sem er að stela, slátra og eyða hvar sem hann drepur niður fæti.

Aðeins í Kristi og fyrir hans Heilaga Anda fá menn séð þetta með þessum hætti. Í Kristi býr nefnilega allur sannleikur og í sannleikanum fæst viska og viskunni þekking og í þekkingunni tendruð og beisluð af trúnni fæst agi, og allt hitt einnig með sem gerir mann að trúuðum einstaklingi sem er tilbúinn til að berjast trúarinnar góðu baráttu fyrir ríki Guðs á jörðinni og bjóða mönnum alvöru valkost. Og menn byrja að trúá og skilja að syndin þarf að víkja en getur ekki gerst nema fyrir ofurkraft hans sem sigraði dauðan og úthellti blóði sínu til fyrirgefningar synda. Kristur bíður mönnum ekki tálsýn - sem margt fólk byggja allt sitt á nú að tímum og uppsker vonbrigði. Grunurinn var gerður úr tálsýn. Úr engu. Og hvaðeina sem gert er úr engu segir sig sjálft að getur ekki staðist.

„ Stöndum upp, vér skulum fara héðan. „ – sagði Kristur við lærisveina sína í fjórtánda kafla Jóhannesarguðspjalls. - Það sem mannkynið þarfnast er að standa upp og yfirgefa alla sína gömlu hugmyndafræði og þiggja hjálpraðið úr hendi Drottins.

Í þúsund ára ríkinu sem Biblían boðar og uppfyllist með endurkomu Jesús tekur hann völdin af þeim sem þá stjórna og stjórnar sjálfur og kemur á fót friðarríkinu sem boðað er.

Sá sem nú er við völd er ástæða þess að engin friður er neins staðar sjáanlegur. Í þúsund ára ríkinu verður hann bundinn og keflaður og læstur inni. Fyrsta verk Krists eftir að hann stígur fæti sínum á jörðina er að fjarlægja skelminn. Jesús veit að með skelminn lausann verður ekkert þúsund ára friðarríki búið til. Hann verður því að hverfa af vellinum. Og Jesús mun sjálfur sjá um þá handtöku:

„ Með réttvísi mun hann dæma hina fátæku og skera með réttlæti úr málum hinna nauðstöddu í landinu. Hann mun ljósta ofbeldismanninn með sprota munns síns og deyða hinn óguðlega með anda vara sinna. Réttlæti mun vera beltið um lendar hans og trúfesti beltið um mjaðmir hans. Þá mun úlfurinn búa hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum, kálfar, ung ljón og alifé ganga saman og smásveinn gæta þeirra. Kýr og birna munu vera á beit saman og kálfar og húnar liggja hvorir hjá öðrum, og ljónið mun hey eta sem naut. Brjóstmylkingurinn mun leika sér við holudyr nöðrunnar, og barnið nývanið af brjósti stinga hendi sinni inn í bæli hornormsins. - Hvergi á mínu heilaga fjalli munu menn illt fremja eða skaða gjöra, því að jörðin er full af þekkingu á Drottni, eins og djúp sjávarins er vötnum hulið. „ (Jes 11:4-9)

Svona mun lífið líta út í þúsund ára ríkinu sem Biblían boðar og kristnir trúá að komi.

En sjást einhver slík merki núna? Eru einhversstaðar teikn á lofti í heiminum um að maðurinn sé að koma slíku ríki á fót eða eitthvað í líkingu við það sem hér er nefnt með eigin

aðferðarfræði og eigin verkum og hugmyndum? Nei! Og maðurinn getur það heldur ekki með sjálfa syndina vaðandi um hvar sem hún getur og hann við stjórnvölin sem elur á endalausum deilum og hræðist ekkert meira heldur en friðinn:

„ Nú sá ég engil stíga niður af himni. Hann hélt á lykli undirdjúpsins og stórum fjötri í hendi sér. Og hann tók drekann, þann gamla höggorm, sem er djöfull og Satan, og batt hann um þúsund ár. Hann kastaði honum í undirdjúpið og læsti og setti innsigli yfir, svo að hann leiddi ekki framur þjóðirnar afvega, allt til þess er fullnuðust þúsund árin. Eftir það á hann að vera leystur um stuttan tíma. „ (Opb 20:1-3)

Af þessum ritningarstað má ráða að útilokað er að friður komist á. Hann sem veldur ófriðnum þarf fyrst að hverfa af sjónarsviðinu. Kristur veit þetta og gengur því beint að vandamálinu og fjarlægir það við endurkomu sína. Þá getur hann hafið það sem hann kom til að gera. Þá munu engir menn fremja neitt illt á hans fjalli. Þá mun kýrin og birnan vera saman á beit og barnið stinga hendi sinni inn í bæli hornormsins án þess að hljóta af skaða. Ekki mannaverk. Engin mun geta hælt sér af því að hafa komið þessu á fót. Evrópuandalagið kemur þar hvergi við sögu. Sameinuðu þjóðirnar ekki heldur. Eða hinir risarnir sem menn hafa búið til og nært og fóðrað og vænta mikils af. Kristur einn getur þetta og líka gerir og algerlega hjálparlaust.

Allir sem trúá á hann frá grundvöllum jarðarinnar fara saman til fundar við hann í loftinu og vera með honum í þrjú og hálf ár sem er tími antikrists og hans hömlulausa valdahroka og óbeisluðu grimmd.

Biblían talar um fyrri og síðari upprisu og segir hvern mann sælan sem eigi hlutdeild í hinni fyrri:

„ Sæll og heilagur er sá, sem á hlut í fyrri upprisunni. Yfir þeim hefur hinn annar dauði ekki vald, heldur munu þeir vera prestar Guðs og Krists og þeir munu ríkja með honum um þúsund ár. „ (Opb 20:6) – sjáið af þessu hvar fólk Drottins mun vera í þúsund ára ríkinu. Þeir, þú og ég og bræður okkar og systur munu þjóna þar sem prestar.

Síðari upprisan samkvæmt Orðanna hljóðan á sér ekki stað fyrr en að loknum þessum þúsund árum:

„ En aðrir dauðir lifnuðu ekki fyrr en þúsund árin voru liðin. Þetta er fyrri upprisan. „ (Opb 20:5)

Þarna er verið að tala um fólk sem dó án þess að hafa fengið fyrirgefningu synda sinna og að allir muni rísa upp úr gröfum sínum. En sumir fara til dómsins.

Þér boðið að vera með í fyrri upprisunni og fara til fundar sem Kristur boðar til við sig í loftinu. Ákvörðunin liggur á þínum herðum. Þú hefur heyrt. Þú veist af þessu boði og getur alveg eins og ég trúað, tekið við, stigið út á og gert að þínum:

„ Því að það segjum vér yður, og það er orð Drottins, að vér, sem verðum eftir á lífi við komu Drottins, munum alls ekki fyrri verða en hinir sofnuðu. Því að sjálfur Drottinn mun stíga niður af himni með kalli, með höfuðengils raust og með básúnu Guðs, og þeir, sem dánir eru í trú á Krist, munu fyrst upp rísa. Síðan munum vér, sem eftir lifum, verða ásamt þeim hrifnir burt í skýjum til fundar við Drottin í loftinu. Og síðan munum

vér vera með Drottni alla tíma. Uppörvið því hver annan með þessum orðum. „ (1Pess 4:15-18)

Og veldu núna. Amen.

Margir menn eru sífellt að leita

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Leit mannsins stendur yfir. Enn leitar hann einhvers sem hann veit ekki hvað er. Einhverri fyllingu inn í sitt líf. Hann heyrir um Jesús sem haldreipi sumra en er samt ekki það sem hann vill eiga neitt við né heldur nota sem sitt eigið hald sem hann getur gripið í á erfiðum stundum lífsins. Hann veit um Jesús. Stundum fer hann nefnilega „óvart“ inn á kristilegu sjónvarpsstöðina Ómega og þá er eins víst að þar sé manneskja að segja frá Jesús og kraftaverkum sem hún upplifði í þessu nafni.

Hin stöðuga leit gerir manninn þreyttan og dapran og að lokum niðurlútan af öllum þessum svörum og hálfkveðnu vísum sem honum hafa borist án þess þó að ná að fylla eitt né neitt í honum né heldur að svara spurningum hans um grundvallarspurninguna um tilgang mannsins og veru hans á jörðinni.

Auðvelt er að láta á sár fallast hendur á slíkum stað og andvarpa þungann og horfa í gaupnir sér.

Já, maðurinn leitar og gengur fram og til baka án þess raunverulega að festa sig við neitt. Á þessum stað er hann á vegamótum. Hann veit að ein af þessum áttum er hin rétta. En hver af þeim skyldi vera það. Þær eru jú fjórar og upp komnir fjórir möguleikar í stöðunni. Hvað getur hann gert til að fá svarið sem beinir honum á réttan veg?

Skömmu áður var hann ákveðinn í að taka sitt eigið líf en eitthvað innra með honum sjálfum aftraði honum frá að fremja ódæðið. Eins og kvölin sem hann lifði og bjó við væri ekki nóg. Og hví skyldi hann vilja framlengja þessari óbærilegu kvöl sem nísti sífellt hjarta hans og gerði að verkum að hann hafði ekki getað á heilum sér tekið í mörg ár. En hann lét undan. Fleygði því sem hann var með til að brúka í verkið og komst á þessi vegamót.

Á þessum stað var hann staddur í eilítið sterkara ljósi en gerðist skömmu áður er hann ákvað að fremja sitt ódæði.

Þarna byrjaði hann svo að velta fyrir sér hlutunum. Lengi lengi hugsaði hann málið. Hvað framundan var hjá honum vissi hann vel um. Það er að segja ákvæði hann að snúa við og ganga aftur inn í allt þetta myrkur sem hin síðari ár hafði umlukið hann á bak og brjóst, ofan og neðan og frekar þést heldur en þynnst með árunum. Framundan er framtíð sem er jafn óráðinn og áður. Til vinstri handar var óvissa og sama óvissa var honum á hægri hönd. Eina sem hann vissi var að hann stóð á vegamótum og dvaldi áður í þétu myrkri sem sífellt óx innra með honum.

En hér var hann staddur með eilítla birtu um sig. Hér fékk hann smá næði til að hugsa sinn gang og velja næsta skref.

Hópur syngjandi manna og kvenna kom að baki honum og gekk svo framhjá uns hann sá í bak öftustu manna. Ungur maður í hópnum leit til baka og á manninn og brosti til hans. Eins og hann vildi segja:

„Komdu með okkur inn í fögnuðinn framundan. „

Með þessu fólki kom gleði og iðandi líf sem eins og snerti við hjartatetri hans. Hópurinn gekk framhjá manninum á sínum vegamótum og svo áfram eftir veginum framundan. Bein leið. Með aukinni fjarlægð greindi hann sönginn verr uns hann stóð aftur einn með þögnina allt umhverfis sig og sínar eigin vangaveltur og hik sem allt öskraði innra með honum.

En hvað átti hann að gera? Hjartað var þrugað af sorg og söknuði eftir svo mörgu sem hann vildi gera en hafði svo oft mistekist við. Hve oft hafði hann ekki setið eftir með stafla af reikningum og óuppgerðum greiðslum sem hann sá enga leið til að gera neitt í? Og hvernig gat honum liðið vel með slíkan bakgrunn og sitt slæma álit út á við? Staðan var vonlaus. Hann snéri við og vildi fara þangað aftur sem hann kom frá og freista þess að finna hlutinn sem hann kastaði frá sér og klára málið.

Eftir fáeina skrefa göngu var eitthvað sem stöðvaði hann og fékk hann til að snúa við og staðsetja sig á nýjan leik á sínum krossgötum þar sem vegirnir lágu til allra átta.

Og þar sá hann nokkra menn standa í hnapp á veginum framundan. Fyrir framan þessa menn var púlt og einn maður í púltinu sem talaði til hópsins.

Hann skildi ekki alveg í hverju hann var lentur en fann samt ákveðið líf þarna sem ekki hafði áður bærst innra með honum. Ekki langa lengi. Svipað líf og kom með syngjandi hópnum áðan.

Einn úr hópnum snéri sér við og brosti vinsamlega og benti honum að taka stað við hlið sér. Svo snéri maðurinn höfði sínu fram og hélt áfram að hlusta á ræðumann og virtist líka vel það sem hann heyrði. Eftir tiltekinn tíma pökkudu mennirnir saman og hurfu fram á veginn og úr sjónmáli hans sem á vegamótunum stóð og gat ekki ákveðið sig með neinum hætti hvort hann vildi vera eða fara.

Aftur er hann orðinn einn með sína þanka. Lífið sem kviknaði með þessum vinsamlegu mönnum fjarði út og hvarf út í buskann.

Átti hann að fara til hægri og skoða stöðuna þar? Nei, var ekki betra að taka vinstri beygju? „Hún gefur áreiðanlega betri raun. „ - Hann horfir enn til baka og byrjar nú að gylla fyrir sér ástandið og að sjá ljósglætuna sem þar var í den. Aldrei var að vita nema endurvekja mætti eitt og annað í hinum gamla og láta eldinn aftur loga og gera gott úr öllu saman. Hann setti á sig húfuna stakk höndunum í frakkavasann og snéri enn á ný við án þess raunverulega að hafa valið.

Eitthvað hnippi í hann sem hann ómögulega skildi hvað var en fékk hann þó til að færa sig aftur á sín vegamót. Á staðinn þar vegirnir lágu til allra átta. En hver af þeim var hamingjuleiðin?

Nei, það var víst best að ganga alla leið og klára málið. Hann var hvort sem er vonlaust dæmi og óviðbjargandi.

Er hann kom aftur á sama stað sá hann hóp kvenna framundan. Konurnar hrópuðu hátt, kveinuðu og lyftu höndum sínum til himins. Halda mætti að konurnar væru allar með jóðsótt og við það að fæða sín börn. Slík voru hljóðin sem þær gáfu frá sér. Eftir hróp, stöðuga göngu fram og til baka á staðnum mynduðu þær hring og héldust í hendur. Og innan tíðar héldu samskonar hróp áfram. Konurnar lyfta höfðum sínum upp til himins ákallandi það sem þar er.

Ein kona í hópnum snéri sér við og horfði á hann og benti honum á að vera þátttakandi með þeim í verkinu.

Skömmu síðar leystist hópurinn upp og gekk fram veginn. Aftur varð hann einn með sínar hugsanir sem enn á ný vildu sveigja hann inn á sömu braut og síðastliðin ár. Og aftur komst hann á staðinn í huganum sem mistökinn voru á og allar brostnu vonirnar hvíldu og hlógu að honum. Já, gerðu beinlínis stólpagrín og hentu gaman að verkunum sem hann frá fyrstu tíð gerði sér svo miklar vonir um en rættust samt aldrei.

En vissulega sá hann. Vissulega heyrði hann. En þó var eins og einhver doði væri til staðar í honum sem gerði að verkum að hann greip ekki né heldur meðtók boðskapinn sem hann varð vitni að. Eins og deyfing hefði gerst sem kallaði fram þessi áhrif að hann hvorki sá né skynjaði. Eins og hula væri yfir honum sem hindraði hann í að meðtaka og stíga út á.

Og enn leitar hann. Enn kemst hann á sín vegamót, enn á sínar krossgötur þar sem vegirnir liggja til allra átta án þess að hann segi við sig sjálfan: „Nú er nóg. „ og taki af skarið og velji.

Jesús segir:

„ Frá dögum Jóhannesar skírara og til þessa er ríki himnanna ofríki beitt, og ofríkismenn vilja hremma það. Spámennirnir allir og lögmálið, allt fram að Jóhannesi, sögðu fyrir um þetta. Og ef þér viljið við því taka, þá er hann Elía sá, sem koma skyldi. Hver sem eyru hefur, hann heyri. Við hvað á ég að líkja þessari kynslóð? Lík er hún börnum, sem á torgum sitja og kallast á: *Vér lékum fyrir yður á flautu og ekki vilduð þér dansa. Vér sungum yður sorgarljóð, og ekki vilduð þér syrgja.* „ (Matt 11:12-17)

Og:

„ Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Þetta er lögmálið og spámennirnir. Gangið inn um þrönga hliðið. Því að vítt er hliðið og vegurinn breiður, sem liggur til glötunar, og margir þeir, sem þar fara inn. *Hve þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, og fáir þeir, sem finna hann.* „ (Matt 7:12-14)

Jesús er það sem maðurinn leitar að. Jesús var í hópnum sem kom syngjandi, sem var í púltinu, sem stýrði og leiddi bænina. Jesús bauð manninum sjálfur að koma með og gleðjast með bræðrum sínum og sytrum. Jesús er hvarvetna þar sem vonleysið grípur manninn sínum hjartökum. Jesús sá sjálfur um að hnippa í manninn sem öndvert leiddi til þess að hann snéri við og komst aftur þangað sem margir taka sínar afdrifaríkustu og gleðilegustu ákvarðanir og velja að lifa með honum sem dó en dauðinn fékk ekki haldið sökum hreinleika hans og syndleysis. Jesús er ekki ósýnilegur heldur sýnilegur í sínu fólki sem heldur fána hans á lofti. Margir menn sjá hann samt ekki í kringumstæðum né heldur í þessu og raunverulega eru þeir heldur ekki að leita aðstoðar frelsarans sem þeir enda þekkja ekki og geta ekki þekkt með réttum hætti nema Orðið komi fyrst og undirbúi komu Heilags Anda.

Allt fólk hefur sinn sérstaka stað í sér sjálfu sem Guð útbjó fyrir Heilagann Anda. Væri menn hiklaust að leita að Jesús og honum einum væri ekkert til í veröldinni sem heitir andatrú, kukl, spíritismi og svoleiðis vellur sem því miður margir sjá svo margt spennandi við án þess þó að gera sér grein fyrir að sá sem þar er á bakvið er sjálfur erkióvinur allrar sköpunar Guðs og heitir Satan.

Fólk Guðs verður að vera sýnilegt. Það má ekki missa sjónar af trú sinni né heldur tilganginum og vita að því ber að gera öðrum hana heyrinkunna. Menn geta ekki vitað hvenær maður eða kona er á heljarþröm og stödd á sinni bjargbrún og við að láta sig falla framaf.

Þetta vill segja okkur það að allir verða að leggja sig eftir að heyra rödd Guðs. Drottinn Jesús sér allt og fylgist með þönkum manna og kvenna jafnvel þótt fólk sé slíkt viti engin deili á Kristi. Hann kallar menn og konur en þarf oft að bíða lengi eftir viðbrögðum. Kallið berst þannig til fólksins að rödd manns flytur Orðið áfram og maður sem á að heyra hann líka heyrir og Orðið byrjar að vinna. Drottinn sér um allt. Engin maður mun eiga neitt inni hjá Drottni og engin getur borið fram kæru á hendur honum og sagt að enginn hafi flutt sér boðskapinn um frelsisverk Jesús Krists. Hann sér um sitt og hugar að öllum mönnum hvar í stétt sem er. Allir menn munu fá sitt tækifæri til iðrunar og afturhvarfs til Jesús og eilífa lífsins. Engum manni er fyrirfram búinn staður í eldsdíkinnu, þar sem verður grátur og gnístran tanna. Rúm er fyrir allt fólk hjá Guði. Mikilvægt er að fólk Guðs læri að hlusta eftir rödd Guðs og sé tilbúið til að fara þegar kallið kemur og viti að þegar Guð kallar er gild ástæða að baki kallsins:

„ Þar sem engin naut eru, þar er jatan tóm, en fyrir kraft uxans fæst mikill ágóði. Sannorður vottur lýgur ekki, en falsvottur fer með lygar. „ (Orðsk 14:4-5)

„ Sannorður vottur frelsar líf, en sá sem fer með lygar, er svikari. Í ótta Drottins er öruggt traust, og synir slíks manns munu athvarf eiga. Ótti Drottins er lífslind til þess að forðast snörur dauðans. „ (Orðsk 14:25-27)

Hve margri skildu vera leitandi eftir friði í dag á tímum efnahagssveiflunar í heiminum og hækkingu olú- og matarverðs í bland við hrun á fjármagnsmörkuðum sem hefur leitt gríðarlegt fjarhagslegt tap til fjölda manna? Hve margir skildu standa á sinni bjargbrún um þessar mundir með allar brýr brotnar að baki sér og sjá ekki út úr augunum vegna áhyggna og basls?

„ Þar sem engin naut eru, þar er jatan tóm „ – segir hér. Þar sem engin umsvif eru þar er heldur ekkert að gerast. Þar sem engin brettir upp ermar og tekur á hlutunum og hreyfir við þeim að slíkur staður er raunverulega merktur sjálfum dauðanum, rykinu, eyðingunni og tortímingunni. Á slíkum stað svigna þökin undan eigin þunga. Sperrurnar hafa fúnað og engin til að halda neinu við. Ekkert er um að vera og engin tilgangur með neinu. Vonleysið eitt hefur merkt hvern ferþumlung:

„ en fyrir kraft uxans fæst mikill ágóði. „ – hér kveður við annar tónn og öllu lífvænlegri og jákvæðari. Uxinn er þarna merki um framkvæmdir og athafnasemi. Og af athafnasemi manna fæðist líf. Og af lífinu sprettur gleði og tilgangur og menn fara að sjá ávöxt af eigin erfiði og hafa sannfærst um að til einhvers var þraukað í allan þennan tíma.

Mikilvægt er að missa ekki vonina um að úr rætist. Þessi þjóð hefur lifað langan aldur og gengið í gegnum bæði súrt og sætt og lifað af harðar drepsóttir og vosbúðir hverja á eftir

annarri. Og enn er hún til og ekki annað að sjá en að hún lifi blómlegu lífi. Allt mun því fara vel bara ef okkur tekst að bíða og leyfa hlutunum að hafa sinn tíma. Fjöldi manns vinur fyrir okkur að því að koma öllu aftur í rétt horf. Og hvar sem margir leggja á ráðinn þar fer líka allt vel.

Uxinn er ekki farin. Jata hans er ekki tóm. Enþá höfum við aðgang að Jesús sem sér um allt og gefur fólki ekki bara trú og von heldur öryggi og fullvissu um góða og hjarta framtíð með - já - blóm í haga og grösugum nærandi sléttum sem búfenaðurinn etur af.

Eina sem bíður hættunni heim er það að rödd Drottins Jesús hætti að hljóma og boðskapur hans að heyrast hvar sem því verður við komið.

Í þetta haldreipi sitt í rúm í eitt þúsund ár þarf þjóðin áfram að geta gripið. Það er hennar lífsspursmál. Forfeður okkar áttu þetta haldreipi og eins og nærri má geta gripu þeir oft í það á löngum og hörðum vetrum þar sem heybirgðir kannski voru á skornum skammti og útlit óvíst um afkomu og afdrif búfenaðarins. En þeir lifðu af og fæddu af sér börn sem einnig lifðu af. Og hver kynslóðin eftir aðra yrkti landið og lofaði sinn Guð og bað í trú og trausti til hans sem öllum ann og vill bara vel. Og þessi Guð sem hefur haldið hlífskildi yfir þjóðinni svo lengi er ekki líklegur til að yfirgefa hana nú. Bænin má því ekki breyta og hinir trúðu mega ekki láta deigan síga þótt andstreymið kunnir að gera til staðar og þeir menn gerist æ fleiri sem afneita vorum einasta lávarði Jesús Kristi og séu tilbúnir til að skipti á honum og ævintýrum.

Í dag er margt í gangi sem varast ber. Hinn kristni þarf sem fyrr að aðgreina sig frá og vera lýðnum ljós af góðum verkum sem öll lofsyngja herra sinn Jesús Krist. Það er vilji Guðs. Kristinn maður má aldrei gleyma því á hvaða stað hann var er Drottinn miskunnaði sig yfir hann og gaf honum eilíft líf með sér. Hann þarf ætíð að vera tilbúinn til að segja sinn vitnisburð og má vel trúa því að hans vitnisburður kveiki líf í hjarta sem misst hefur vonina og tilganginn með lífinu. Hann má aldrei gleyma gleðinni sem atvikið kveikti í brjósti hans og ekki heldur að Guð er hinn sami og sá sem vitjaði hans í byrjun og kveikti alla sína gleði. Jesús hefur ekki breytt sér. Hann er miskunnsamur og kærleiksríkur sem tekur ekki þátt í neinu nema því sem er gott og fólki til uppbyggingar og gleði.

Já - menn leita. Kannski vegna þess hve hinn kristni er óduglegur við að benda fólki á leiðina og veginn sem endar í lífinu og allt líf dagsins er á.

Hve margir af þessum leitendum skildu enda í gini úlfsins? Og er þá átt við á öðrum stað heldur en Kristur hefur fyrirbúið fólki á jörðinni. Sem er kirkjan og söfnuður Jesús sem hulinn er og laugaður í blóði hans með syndina fyrirgefna? Okkar er að stíga fram með boðskapinn. Fólk leitar ekki Kristis að fyrri bragði. Þetta er sannleikur sem allt kristið fólk þarf að gera sér grein fyrir. Kristur vill koma til þeirra með sitt Orð til að Orðið geti byrjað að starfa. Og þá hefur hann merkt sér viðkomandi einstakling. Sem er stórkostlegt um að hugsa. Orðið kemur ekki tóm til baka. Þetta vitum við. Biblían, sjálfur sannleikurinn, segir það.

Undireins og leit mannsins í hinu andlega hefst fer óvinurinn á kreik með sín gylliboð. Og hann hefur úr mörgu að spila sem virðist glóa á en er fúíð og ótækt þegar upp er staðið með engin svör heldur lygar og þvætting. Leitandi maður er því í ákveðnum áhættuhópi sem ætti að getað hvatt hinn kristna og ýtt við honum að standa sína vakt hvað boðunina árærir og vera óhræddan við að láta Orðið óma og hljóma. Aldrei er að vita hverjir eru í hlustendahópnum og hvað þankagangur er þar til staðar:

„ Jesús segir við hann: Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig. „ (Jóh 14:6)

Peningar rót ills.

Eftir. Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Peningar eru í raun ómerkilegir bréfsneplar en skipta fólkið svo miklu máli að menn, margir af þeim, eru tilbúnir til að fremja óhæfu fyrir þá. Samanber smygl til landsins á áfengi, tóbaki, fíkniefnum og hverju sem er sem hagnast má á með sölu. Neðanjarðarhagkerfi verða til sem ganga samhliða sýnilegu hagkerfi. Allt til að hafa örlítið meira fé handa á milli. Hver sem starfar við neðanjarðar hagkerfi skal vita að honum mun ekki haldast á fénu nema þá um skamma hríð og því vinna í götótta pyngju:

„ Þér sáið miklu, en safnið litlu, etið, en verðið eigi saddir, drekkið, en fáíð eigi nægju yðar, klæðið yður, en verðið þó ekki varmir, og sá sem vinnur fyrir kaupum, vinnur fyrir því í götótta pyngju. „ (Hag 1:6) Þetta getum við víða séð og þetta veit sá/sú sem við slíkt hefur komið að honum/henni hefur ekki haldist vel á fénu sem komið hefur úr þessu neðanjarðarkerfi þegar öll kurl komu til grafar. Enda ólöglegt og í raun óheilbrigt kerfi eins og öll önnur kerfi manna sem starfa í myrkrinu.

Guð sér það sem maðurinn telur sig einan vita um. Hann sér það sem í myrkrinu gerist. Allt er öndvert augum hans og maðurinn og manna verk fá ekki falið sig fyrir augum hans. Sem raunverulega er styrkur mannkynsins. Guð flettir ofana af öllum verkum myrkursins og dregur ill verk fram og lætur þau í dagsbirtuna. Og í gang fer mikið hneyksli og margur maður gengur með veggjum. Óheiðarleikinn borgar sig ekki. Það getur sagan alltént kennt okkur. Allt þetta má rekja til fíkn manna í fé og skjótfenginn gróða.

Peningar eru sem sjá má magnað fyrirbæri og búa yfir gríðarlegum áhrifum meira heldur en kannski beinu valdi. Mútur eru skæðar og margir eru tilbúnir til að þiggja þær gegn „ örlitlum upplýsingum „ eða gerast „ burðardýr eiturlyfja „ gegn þóknun eða hlut í söluandvirðinu:

„ Fégirndin er rót alls þess, sem illt er. Við þá fíkn hafa nokkrir villst frá trúnni og valdið sjálfum sér mörgum harmkvælum. „ (1Tím 6:10) segir hér. Biblían varar manninn við að horfa of mikið til peninganna. Of mikil fylgni við þá hefur nefnilega bitið marga óþægilega þegar tímar líða. Svart hagkerfi verður til vegna þess að óprúttir menn vilja höndla með peninga sem hvergi eru sýnilegir og engin skattur er greiddur af. Mikið af svoleiðis fé er í umferð í heiminum. Öll ósýnileg kerfi en samt vel virk í samfélögum draga alvarlegan dilk á eftir. Og sá dilkur kemur þegar síst skyldi og eins og þruma úr heiðskíru lofti er Guð segir: „ Nú er nóg. Nú vil ég grípa í taumanna. „- Þá riðar allt og skelfur og engin veit hvaðan á sig stendur veðrið.

Þótt gera megi ráð fyrir því að Lenín einvaldur og leiðtogi kommúnistaflokksins í Rússlandi hafi kannski ekki verið trúaðastur manna í heimi má samt gera ráð fyrir því að honum hafi verið kunnugt um þetta ritningarvers í 1Tímóteusarbréfi og séð eitthvað jákvætt við það og viljað bregðast við því með sínum kommúníska hugsunarhætti. Eftir að hann og kommúnistaflokkur hans komust til valda í Rússlandi undir slagorðinu „ Meiri völd til öreiganna, ráðanna „ um 1917 var það nefnilega eitt af fyrstu verkefnum Leníns og stjórnar hans að afnema gildi peninga og öll viðskipti með þá og koma þess í stað upp einhverskonar skiptiverslun sem almenningur skyldi nota í viðskiptum sín á milli. 7. brauð fyrir skópar og 1.

bók fyrir 5. tertur. Kerfið gekk ekki upp hjá Rússneska kommúnistaflokknum frekar en svo margt annað á bænum þeim. Eftir eins árs tilraun þá gafst stjórnin upp á þessu óskiljanlega og líka óskynsamlega bróti sínu og tók aftur upp seðla og mynnt - Rúbluna - sem ennþá er gjaldmiðill Rússlands. Með endurupptöku Rúblunnar kom eilítill og tímabundinn vísir að eignarétti í Rússlandi með svolitlu viðskiptafrelsi til handa almenningi. Umskiptin yfir Rúbluna gerðust á einni nóttu. Kapítalíska hugsunin varð að fá að vera - svona með. Annað gekk greinilega ekki.

Peningar fá breytt mönnum. Miklir rólyndismenn umbreytast í verstu æsingar- og yfirgangsseggi þegar þeir sjá hag sínum ekki vel borgið og eigin fjármagni stefnt í voða. Við slíka lífsreynslu eru menn sko tilbúnir til að bretta upp ermar og fara í eins mörg mál og þurfa þykir til að endurheimta fé sitt á nýjan leik. „ Vonda kallinum er óheimilt að taka peningana mína. „ Og þá er ekkert gefið eftir og stál mætir stáli. Oft með þeim afleiðingum að dómsniðurstaðan ein fær skorið úr í málinu sem knýr og þvingar hinn aðilann til að greiða þeim sem málið sótti. Engin sigur í sjálfu sér en greiðslan skilaði sér á endanum rétta leið. Segjum það.

Tapað fé þykir ægilegt og jafnast í magra augum á við sjálfan heimsendir. Og allir eru voðalega vondir menn sem ekki borga skuldir sínar á gjalddaga án þess að hirt sé um hví fólkið greiddi ekki á réttum tíma og vanskilinn byrjuðu að hlaðast upp hjá því. Það er alltaf ástæða fyrir öllum vanskilum. Ekki er alltaf um kæruleysi að ræða þótt stundum sé það ástæðan.

Vissulega skyldi hver maður standa í skilum með allar sínar skuldbindingar og vera með allt sitt í ljósinu. Það er vilji Guðs. Með heiðarleikanum tryggir maðurinn sig best og kemur í veg fyrir upplognar sögusagnir. Allt Gróuspjall milli manna skildi maðurinn gera sitt í til að koma í veg fyrir. Gróuspjall getur og hefur oft skemmt mannorð manna. Gróuspjallið reynir ekki að leiða mál til lykta og draga fram sannleikann heldur japlar á því sem byggir á „ veistu hvað ég heyrdi „ stíl. Heiðarleikinn í hávegum og maðurinn hefur allgott hald:

„ Þó að þér tímans vegna ættuð að vera kennarar, þá hafið þér þess enn á ný þörf, að einhver kenni yður undirstöðuatriði Guðs orða. Svo er komið fyrir yður, að þér hafið þörf á mjólk, en ekki fastri fæðu. En hver sem á mjólk nærast er barn og skilur ekki boðskap réttlætisins. „ (Heb 5:12-13) Biblían hvetur okkur til að komast upp úr barnalegum hugsunum og þroskast og fullorðnast í hugsun og vera ábyrg í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Ekki bara í fjármálum heldur einnig í öðrum málum lífsins og reyna að skilja orðið réttlæti eins og Drottinn sér og skilur orðið. Til að skilja réttlæti Drottins þarf að biðja og bænin kallar eftir trú biðjandans. Bænin hreyfir við hjarta lifandi Guði og hann sendir honum til baka skilning á meðal annars þessu Orði: „Réttlæti Guðs " og hvað átt er við. Að innleiða réttlæti Guðs inn í samfélagið er áhugavert sem fljótlega verður sýnilegt og gerbreyta hér mörgu til batnaðar. Réttlæti Guðs fær menn til að skipta auðnum réttlátlegra en nú er. Réttlæti Guðs gróðursett í hjarta mannsins sýnir honum peninga með öðrum hætti en syndugur maðurinn fær séð í sinni græðgi og eigingirni. Réttlæti Guðs fær einungis starfað í umhverfi trúar sem hreiðrar um sig í hjartanu og er nært og tendrað af Heilögum Anda. Heilagur Andi er því skilyrðið fyrir öllu hinu sem býr til réttlæti Guðs.

Margir horfa upp á mikið tap í bankahruninu sem átti sér stað á haustmánuðum 2008 og mörg ár getur tekið að lagfæra og gera aftur heilt. Líklegt er að koma hefði mátt í veg fyrir bankahrunið 2008 og önnur hrun fjármagnskerfa í heiminum með skynsamlegri fjárfestingum og ævintýramennskuna úti. En þessi leið var því miður ekki að öllu leiti farin og því fór sem

fór. Og hver getur svo sem reiknað með einhverri alvöru festu í heimi sem syndin er yfirflæðandi í þar sem hver otar sínum tota og valtrar yfir mann og annar til að hann sé ekki um of að þvælast fyrir verkum fjárfestisins og athafnamannsins? Syndin í holdi mannsins er völd að græðgi og öðrum löstum sem í hverjum manni býr. Þetta togar hann og teygir eins og verkast vill hverju sinni. Á endanum verður eigingirninn og frekjan að játa sig sigraða. Í kjölfarið kemur svo hrun sem margir, milljónir manna, lenda í. Annað er óhjákvæmilegt:

„ Nærri lá, að fætur mínir hrösuðu, lítið vantaði á, að ég skriðnaði í skrefi, - því að ég fylltist gremju út af hinum hrokafullu, þegar ég sá gengi hinna guðlausu. „ (Sálm 73:2-3)
Davíð vaknar skyndilega upp við vondan draum. Hann skynjaði á sér sjálfum að hann var byrjaður að öfunda syndarann sem virðist vera farsæll og allt ganga upp hjá. Og hugurinn fór á kreik og hann jafnvel farin að gæla við sitt hvað í þeim efnunum. Verum vakandi. Syndin er lævis og lipur en samt synd með sýnar oftast nær alvarlegu afleiðingar. Bara eitt lítið glappaskot sem engin átti að vita um og virtist í fyrstu vera svo vesældarlegt og smátt umbreyttist í versta hneyksli sem gerbreytir stöðu mannsins úr hvítu í kol bika svart. Maðurinn gleymdi nefnilega heiðarleikanum og að aðgæta hvert sitt spor og að hertaka hverja hugsun til hlýðni við Orð Guðs:

„ Vissulega setur þú þá á sleipa jörð, þú lætur þá falla í rústir. Sviplega verða þeir að auðn, líða undir lok, tortímdir af skelfingum. Eins og draum er maður vaknar, þannig fyrirlítur þú, Drottinn, mynd þeirra, er þú ríst á fætur. Þegar beiskja var í hjarta mínu og kvölin nísti hug minn, þá var ég fáráðlingur og vissi ekkert, var sem skynlaus skepna gagnvart þér. „ (Sálm 73: 18 – 22) –

Við erum enn í Sálm 73. Sem sjá má þá er annað hljóð komið í strokkinn. Nú er Davíð okkar vaknaður og farin að horfa á hlutina með augum trúarinnar. Hann veit hver örlög syndarans eru að hans bíður ekkert nema dauðinn. Og þegar Davíð hugleiðir málið í þessu sannleikans ljósi verður honum alvaran ljós. Beiskjan, bræður og systur, er grafalvarlegt mál sem menn skyldu ganga hart fram í að losa sig við. En stundum er eins og menn vilji fóðra þessa tilfinningu sérstaklega með sér í hjarta sínu til að öruggt sé að hún verði þar áfram. Kannski vegna þess að þeir eru orðnir eigin gremju og biturleika svo vanir. En vinir - vöknum alveg eins og Davíð vaknaði og hann uppgötvaði að hann væri nærri dottinn á höfðið um sína eigin gremju. Hve margir hafa ekki einmitt hlotið þarna og misst endanlega af og sagt skilið við veginn til lífsins.

Líkt og áður á sínum blaðsíðum þá mælir Biblían heilt og vill beina mannum framhjá tjóni og getur það taki maðurinn leiðbeiningum hennar og fylgi á daglegri göngu sinni. Aðvörunarorð Biblíunnar eru til að við höldumst Guðs megin. Munum! Gremjan gerir allt fólk leiðinlegt og gremjan tilheyrir holdinu og syndin nærast á holdi mannsins. Og eitt mikilvægt! Syndin fær ekki komist inn í ríki Guðs. Gremjan þarf því að fara.

„ Þegar beiskja var í hjarta mínu og kvölin nísti hug minn, þá var ég fáráðlingur og vissi ekkert, var sem skynlaus skepna gagnvart þér. „ - segir Davíð Sálmáskáld hér. Hinn mikli Guðsmaður og fyrirmynd bræðra vora og systra kynslóð eftir kynslóð upplifir sig sjálfan sem heldur betur breyskan mann sem þarf að aðgæta hvert sitt skref og gæta eigin huga og á hvað augun horfa og hvað eyrun heyra. Nákvæmlega þetta verður allt fólk að gera sem vill stýra sér framhjá grúa blindskerja sem leynast til að mynda þar sem höndlað er með fjarmagn í einhverju mæli og þar sem menn sýsla eitthvað saman. Munum! Maður talar við mann og maður sannfærir mann. Munum einnig! Eva sannfærði Adam um ágæti eplisins þótt ráðleggingar hennar væru þvert ofan í það sem Guð hafði áður sagt þeim. Þótt Adam hafi

látið konuna sannfæra sig vissi hann þó betur. guð talaði líka við Adam. En samt gerði hann vilja konu sinnar. Maður talar við mann. Maður sannfærir mann. Og hér er ákveðin hættu. Svona bara er þetta.

Biblían kemur víða inn á þetta mál. Nauðsýnlegt er fyrir fólk að vera vel að sér í Biblíunni. Bæði Adam og Eva voru án afsökunar. Guð var búinn að tala. Eins er í dag. Margskonar aðvörunarorð eru nú uppi til að mynda um fjármagn sem hefur svo ríka tilhneigingu til að spila endalaust á veikleika mannsins og metta hégómagirnd hans með sínum oft gríðarlegu og skelfilegu afleiðingum. Mannkynið allt er án afsökunar. Leiðbeiningar Orðs Guðs geta ekki brugðist og þau finnum við allar saman í Biblíunni.

Engin deilir um að peningar spili annað en stóra rullu í mannlífi öllu og séu nauðsýnlegir til að framfleyta sér á. En peningar eru bara verkfæri og ber að notast og skoðast sem slíkir. Ekkert meira og heldur ekkert minna. Að vilja koma á fót einhverjum skiptimarkaði sem tæki við af peningum og ætla allri þjóðinni slíkt hlutskipti gengur ekki. Kommúnistarnir í Rússarnir undir forystu félaga Lenín reyndu þetta í byrjun tuttugustu aldarinnar og urðu að draga allt til baka eftir aðeins eins árs notkun. Þeir sáu að við svo búið mætti ekki lengur búa. Málið allt enda eitt stórt klúður. Peningar og pólitískt skipað hagkerfi þarf að vera til staðar. Málið er að stjórna hagkerfinu rétt og búa til ramma sem gerir ráð fyrir mannlegum breyskleika. Menn nota hagkerfið. Spurningin er hvort ekki sé nauðsýnlegt fyrir ríkisvaldið að hafa einn fulltrúa frá sér í aðalstjórn bankanna. Ástæða bankahrunsins 2008 má að miklum hluta rekja til mannlegs veikleika og bresta sem oftast nær sér ekki lengra en nefið nær. Hver og einn einstaklingur þarf ekki annað heldur en að horfa um öxl og skoða sitt eigið líf til að sjá slóð af mistökum misjafnlega alvarlegum. Að smíða fullkomið kerfi fyrir ófullkomna menn, ja, hvernig fær slíkt kerfi virkað eðlilega? Biblían tekur á öllum veikleikum mannsins með frábærum leiðbeiningum:

„ Þá kom til hans maður og spurði: Meistari, hvað gott á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf? „ (Matt 19:16) - Áhugasamur ungur maður leggur spurningu fyrir Meistarann.

„ Jesús sagði við hann: Ef þú vilt vera fullkominn, skaltu fara, selja eigur þínar og gefa fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himnum. Kom síðan, og fylg mér Þegar ungi maðurinn heyrði þessi orð, fór hann brott hryggur, enda átti hann miklar eignir. En Jesús sagði við lærisveina sína: Sannlega segi ég yður: Torvelt verður auðmanni inn að ganga í himnaríki. (Matt 19:21-23) Ungi maðurinn gat ekki hugsað sér að losa sig við eignar. Jesús hins vegar segir honum þetta vegna þess að hann vissi að verslunarkeðjurnar yrðu alltaf á milli sín og hins unga manns. Og Drottinn leitast við að fjarlægja hvaðeina sem hindrar heilt samband við einstaklinginn. Takið eftir einu að Jesús segir þetta ekki sem beina skipun til mannsins heldur bendir honum á þetta. Hann gaf honum ráð sem ungi maðurinn þáði ekki.

Að gera peninga að guði er ekki góð lexía. En hversu margt fólk breytir ekki svona? Lottó, Hæppadrættin og allt hitt. Hvað er þetta annað en tilkynning um að menn eru sólgildir í örlítið meiri auð til að fá lifað örlítið „ frjálssara lífi. „ Mammon, guð peninganna, hefur fylgt mannkyninu frá fyrstu tíð. Á öllum tímum hefur fólk horft framhjá lifandi Guði og til hégómlegra hluta eins og fjármagns.

Þessi gríðarlega peningadýrkun segir okkur einn sannleika. Hann að fólk þarf að eiga sér sinn eigin átrúnað til að elta. Og vegna þess hversu peningarnir eru fyrirferðarmiklir í lífi allra manna er nærtækasta dæmið að gera þá bara að sinni tryggingu. Maðurinn horfir framhjá

lifandi Guði og fer að dýrka dauðan hlut sem hann hlúir að og nærir í sínu hjarta. Sumir fá svo upp í kok á þessari aðhlyningu og horfa þá í aðra átt til að huga að því hvort ekki sé til betra haldreipi.

Leiti hugur mannsins svo inn á andlegt svið er þar ýmislegt í boði. Andleg leit manna bendir ótvírætt til þess að maðurinn þráir að eignast eitthvað annað í sínu lífi heldur alla þessa steindauðu hluti sem hann er svo iðinn við að sankað sér og gat um tíma glaðst við. Fljótlega breytist allt og tótleikinn er aftur tekin við. Þegar allt er fullreynt og enga fró lengur að finna í þrjálinu og peningasöfnuninni og kaupunum fara margir eins og áður segir að leita hófanna á andlega sviðinu. Spíritismi, heilun, andakukl, galdrar, trú á álfa, vottar Jehóva. "Allt ofsa spennandi." - Andlega leitandi fólk skynjar fljótlega að sitthvað er til handan við eigið sjónsvið. Andaverur vonskunnar vita gjörlla um þessa stefnubreytingu hjá mannum og fylgjast með. Þær hafa ýmislegt á boðstólum sem getur gripið manninn og heillað hann. Þær eru einnig færar um að tala við manninn. Það sem andlega leitandi fólk veit ekki um er að það er komið í samband við öfl sem eru lífshættuleg fyrir manninn að vera í slagtogi við. En fólk skynjar ekki hlutina svona. Þetta blekkjandi afl hefur liðugan talanda og það lýgur. Óvarinn maðurinn hins vegar telur sig hafa höndlað allan sannleikann. Án þess að ugga frekar að sér þá gengur hann æ lengra inn í hyldýpi myrkursins sem þetta afl starfar í. Fólk sjálft telur sig vera á réttri leið en er kyrfilega flækt í villtum blekkingarleik Satans. Í stað þess að vera á vinasvæði eins og það sjálft telur sig vera á, er það á sínum miðilsfundum og öðrum samskonar fundum í tygjum við sinn versta og raunverulega eina óvin. Enda eina markmið Satans að hópurinn steypist með honum fram af brúninni og ofan í hyldýpi myrkursins sem Biblían talar um:

„ Konungur gekk þá inn að sjá gestina og leit þar mann, sem var ekki búinn brúðkaupsklæðum. Hann segir við hann: Vinur, hvernig ert þú hér kominn og ert ekki í brúðkaupsklæðum? Maðurinn gat engu svarað. Konungur sagði þá við þjóna sína: Bindið hann á höndum og fótum og varpið honum í ystu myrkur. Þar verður grátur og gnístran tanna. „ (Matt 22:11-13) - Brúðkaupsklæðin þarna er Orð Guðs staðsett í hjarta manneskjunnar. Þetta er það sem Konungurinn spyr manninn um. Maður sem hyggst fara aðra leið en leið Jesús mun ekki komast á réttan áfangastað. Ritningaversið sýnir okkur það ljóslega.

Sannleikurinn er að hluti mannsins er eilífur. Og hið eilífa í honum fær ekkert fullnægt nema Jesús einn. En vegna þess hve peningarnir eru fyrirferðamiklir eru þeir fólkinu nærtækir og margir leggja þá sér við hjartastað og hlúa betur að þeim heldur en jafnvel sinni eigin heilsu. Fyrir peningunum sínum streða þeir langan vinnudag en segjast samt margir hverjir láta peninganna vinna fyrir sig. Og núna erum við að tala um fólk með rúm fjárráð. En peningamaðurinn fer ekki endilega oftar í frí heldur en hver annar þótt hann gæti vel leyft sér slíkt. Nei hann vinnur sinn langa vinnudag og er oft dauðþreyttur og svefnvana að morgni dags rétt eins og margur annar. Peningarnir fá ekki unnið fyrir neinn mann. Hverjum manni er nauðsýnlegt að hafa eitthvað fyrir stafni.

„Ef ég væri ríkur „ - er sungið í heimsfrægu tónverki sem alltaf annað veifið er sett upp á fjöllum leikhússins. Sögupersónan er fátækur bóndi sem dreymir um að eignast fúlgur fjár. Í hans huga þýðir ríkidæmið öll vinna á hilluna og stanslaust gleðilíf með leik og söng daginn út og inn. Fjarri öllum raunveruleika. Sagan er um margt merkileg og flytur skilaboð frá manni sem hefur alla tíð þrælað og púlað fyrir sínu og sér í hyllingum hinn ríka sem ekur um í flottum farartækjum og flýgur um í einkaþotum með þjónustu á hverjum fingri. Eins og Davíð Sálmaskáld segir: **„ Nærri lá, að fætur mínir hrösuðu, lítið vantaði á, að ég skriðnaði í**

skrefi," Hinn efnaminni sem þúlar og þrælar fyrir hverjum aur og þarf oft að vinna langan vinnudag veit ekki að hinn ríki vinnur einnig marga klukkutíma á hverjum degi og nýtur í raun ekki auðæfanna nema að litlu leiti. Einkapötan er bara fyrir honum tæki sem gerir honum kleyft að komast hraðar á milli staða til að undirrita hinn eða þennan samningin og gera nýja viðskiptaáætlun eða mæta á hinn eða þennan stjórnarfundinn.

Bræður og systur! Það sem við þörfnumst er umfram allt annað Jesús og að lesa í Biblíunni og á eftir að fylgja góðum ráðum hennar á daglegri göngu okkar gegnum lífið. Trúin á Jesús hjálpar okkur til að haldast vakandi og Heilagur Andi í hjartanu sér örugglega um sitt verk. Verum á varðbergi og fús til að segja frá vitnisburðinum. Jesús fer að koma. Vinnum á akri Guðs. Verkamenn eru fáir en akrarnir hvítir til uppskeru.